FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

87. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 12. APRÍL 2017

„Þetta var ánægjuleg ferð," segir Róbert Marshall, fararstjóri hjá Ferðafélagi Íslands, sem stendur nú ásamt Rauða krossinum fyrir verkefni sem kallast Göngum saman. Verkefnið snýst um að hælisleitendur og Íslendingar gangi saman á fjöll. Í gær var gengið á Búrfell. Stefnt er á aðra áfangastaði næstu þrjá þriðjudaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hleraði fórnarlamb í nauðgunarmáli

Kona sem hefur stöðu brotaþola í nauðgunarmáli segist upplifa sig sem glæpamann vegna þess að hún neitar að tjá sig við lögreglu um málið. Lögreglan hefur lagt hald á tölvu í hennar eigu og hlerað síma hennar. Sá sem er grunaður um nauðgunina er margdæmdur.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hleraði síma konu sem hefur stöðu brotaþola í nauðgunarmáli, frá því málið kom upp um miðjan desember og þar til um miðjan janúar síðastliðinn. Lögreglan telur að konunni hafi verið hótað eða mútað til að draga framburð sinn um nauðgun til baka. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta í fyrsta sinn sem sími brotaþola er hleraður og ráðist er í svo umfangsmiklar aðgerðir í rannsókn kynferðisbrots, gegn vilja brotaþola.

Lögreglan hefur haft málið til rannsóknar síðan um miðjan desember. Í gær voru síðan leidd til lögreglu nokkur vitni samtímis og þau yfirheyrð um málið. Ástæðan fyrir svo umfangsmiklum aðgerðum lögreglunnar var tilraun lögreglu til að vitnin gætu ekki samræmt frásögn sína áður en til yfirheyrslu kæmi.

Um málið var fjallað í fjölmiðlum í desember. Konan leitaði á Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness um verknaðinn segir að stúlkan hafi mætt á lögreglustöðina aftur nokkrum dögum síðar, dregið framburð sinn til baka og hætt við að kæra vegna þess að menn hefðu komið heim til hennar með byssu og hótað henni.

Tveimur dögum síðar var Sveinn Andri Sveinsson orðinn lögmaður konunnar og afturkallaði heimild lögreglunnar til að óska eftir læknisvottorði frá Landspítalanum. Sveinn er enn lögmaður konunnar í málinu en hún var eitt þeirra vitna sem leidd voru til yfirheyrslu í gær. Þar var henni tilkynnt um símhleranirnar sem lögregla stóð fyrir frá því málið kom upp.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur konan ekki breytt framburði sínum aftur. Hún hyggst ekki tjá sig frekar við lögreglu um málið.

Í samtali við Fréttablaðið lýsir konan að málið hafi haft gífurlega mikil áhrif á hana og hún upplifi máttleysi gagnvart lögreglu. Aðgerðir lögreglu hafi valdið henni áfalli. Konan segist upplifa sig sem glæpamann fyrir það eitt að neita að tjá sig. Allt málið frá upphafi hafi verið henni sem martröð.

snaeros@frettabladid.is

Óskar eftir að fara með virkan eignarhlut

VIÐSKIPTI Bandaríski vogunarsjóðurinn Taconic Capital, sem á 9,99 prósenta hlut í Arion banka, hefur sent tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins þar sem hann óskar formlega eftir því að hefja það ferli að vera metinn hæfur til að fara með virkan eignarhlut í bankanum. Samkvæmt heimildum Markaðarins var tilkynning þess efnis send eftirlitinu síðastliðinn fimmtudag. Stofnunin hefur 60 virka daga til að afgreiða umsóknina frá staðfestingu fullbúinnar tilkynningar.

Tilkynning Taconic til Fjármálaeftirlitsins um að meta hvort sjóðurinn uppfylli kröfur til að gerast virkur eigandi er vegna yfirlýstra áforma hans um að nýta sér kauprétt síðar á árinu og eignast þannig meira en tíu prósenta hlut í bankanum.

60

virka daga hefur FME til að afgreiða fullbúna tilkynningu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefnir vogunarsjóðurinn Attestor Capital, sem á sömuleiðis 9,99 prósent í Arion banka, að því að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um að hann hyggist eignast virkan hlut í bankanum fyrir eða strax eftir páska. – **hae / Markaðurinn**

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN Tap Fréttatíma-ans tífaldaðist milli ára og nam 151 milljón króna.

FRÉTTIR Samkeppniseftirlitið telur bensínstöðvastefnu borgarinnar hamla samkeppni. 6

SKOÐUN Kári Stefánsson svarar Benedikt Einarssyni. 15

SPORT Hefur engar áhyggjur þrátt fyrir 4-0 tap í Hollandi. 20

LÍFIÐ Mannauðsstjórinn Hildur rekur vefverslun með heimilisvörur frá Seyðisfirði. 42

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● PÁSKAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Útlit er fyrir norðan 5 til 10 metra á sekúndu með snjóéljum, en þurrt og bjart veður suðvestantil á landinu. Hiti frá vægu frosti í innsveitum fyrir norðan, upp í 7 stiga hita syðst.
SJÁ SÍÐU 28

Gentle Giants gæti orðið af tekjum við að komast ekki í slipp fyrir vertíðarbyrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Meina keppinaut sínum aðgang að slipp á Húsavík

FERÐAÞJÓNUSTA Hvalaskoðunarfyrirtækið Gentle Giants er í miklum vandræðum með að koma bátum sínum í slipp fyrir komandi vertíð en helsti keppinautur þeirra hefur meinað þeim aðgang að slippnum á Húsavík. Þetta segir Stefán Guðmundsson, forstjóri Gentle Giants.

Fyrirtæki í eigu Norðursiglingar á slippinn á Húsavík. Norðursigling og Gentle Giants eru stór fyrirtæki í hvalaskoðun frá Húsavík sem veltir milljörðum á hverju ári.

Hvalaskoðunarfyrirtækin tvö hafa á síðustu árum eldað grátt silfur. Hefur Gentle Giants til að mynda kvartað til Neytendastofu varðandi markaðsherferð Norðursiglingar um kolefnishlutlausa hvalaskoðun og hefur Norðursigling kvartað undan bátum Gentle Giants á Skjálfandaflóa og sakað þá um hávaða og brussuskap.

„Það er alveg klárt að þeir eru með þessu að hefna sín á okkur fyrir það eitt að hafa kvartað undan framsetningu þeirra á því að vera kolefnishlutlausir. Það er alveg augljóst," segir Stefán.

Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri Norðursiglingar, harðneitar þessu að verið sé að hefna fyrir ákveðnar gjörðir. Hins vegar sé það rétt að fyrirtækið hafi gefið það út að ekki væri hægt að lofa þeim inn í slippinn fyrir þessa vertíð.

„Við erum ekki í stríði við nokkurn mann enda hvernig ættum við að þurfa þess á meðan fjögur fyrirtæki eiga fullt í fangi með að þjónusta alla þá ferðamenn sem koma hingað í hvalaskoðun." – sa

Með verðmæti í innkaupakerru

„Almenningur hefur krafist og barist fyrir róttækum samfélagsbótum frá hruni en ekki fengið," segir Gunnar Smári Egilsson sem boðað hefur stofnun Sósíalistaflokks Íslands á verkalýðsdaginn 1. maí. Mikil umræða hefur verið um fátækt í samfélaginu undanfarna mánuði en auðæfum heimsins er misskipt. Sumir líða ekki skort meðan aðrir safna dósum og nota innkaupakerrur á annan veg en flestir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Guðjóni og Sylvíu var illa brugðið í Laugardalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óska eftir upptökum

LÖGREGLUMÁL Rannsókn stendur yfir á atviki þar sem ökumaður á svartri Opel Astra bifreið elti tvö fimmtán ára ungmenni á göngustíg í Laugardal á mánudag. Samkvæmt upplýsingum frá Jóhanni Karli Þórissyni, aðstoðaryfirlögregluþjóni hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, stendur til að óska upplýsinga úr eftirlitsmyndavélum af svæðinu til að komast til botns í málinu. Enginn hefur verið handtekinn og lögreglan hefur ekki komist á snoðir um um hvaða bíl er að ræða. – snæ

Starfshóp til að stoppa kynsjúkdómafaraldur

Mikil aukning hefur orðið á kynsjúkdómunum HIV, lekanda og sárasótt meðal ungra samkynhneigðra karlmanna undanfarin ár. Starfshópur hefur verið settur á laggirnar til að stemma stigu við faraldrinum og Samtökin '78 hafa áhyggjur.

SAMFÉLAG Ungir samkynhneigðir karlar bera ábyrgð á 88 prósent tilfella sárasóttar á síðasta ári og yfir 70 prósent lekandatilfella. Á árinu 2016 greindust 86 tilfelli af sárasótt, sem er nánast tvöföldun frá fyrri árum. Af þeim sem greinast yngri en 25 ára eru karlar flestir í aldurshópnum 20–24 ára. Undanfarinn áratug hafa einn til sjö greinst með sárasótt hér á landi.

Þetta kemur meðal annars fram í svari Óttars Proppé heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um tíðni kynsjúkdóma hjá börnum og ungmennum síðustu tíu ár.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir að fjölgun sé einnig í HIV-hópnum en slíkt var ekki tekið fyrir í fyrirspurninni. „Þessi aukning varð sérstaklega áberandi á síðasta ári. Það virðist vera að lekandi og sárasótt séu sýkingar sem sjást aðallega hjá karlmönnum sem stunda kynlíf með öðrum karlmönnum. HIV-aukningin er dreifð jafnar því þar má finna sprautufíkla, gagnkynhneigða en líka þá sem stunda kynlíf með öðrum karlmönnum."

Þórólfur segir að það sé erfitt að ákveða af hverju þessar tölur rjúki svona upp innan eins hóps. „Þetta kann að stafa af því að hér áður fyrr voru menn mjög hræddir við HIV. Svo kom góð meðferð til að halda þeim sjúkdómi niðri þótt það sé ekki kominn lækning. Það virðist vera að menn hafi fagnað of fljótt og þá blossa upp hinir kynsjúkdómarnir sem voru áður í algjöru lágmarki."

Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp í mars til að reyna að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma og HIV og er Þórólfur í honum. „Við ætlum að eiga samtal við marga aðila um hvað er til ráða og hvað er hægt að gera því það er ljóst að það þarf að gera eitthvað."

Samtökin '78 lýsa yfir áhyggjum af stöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

86

greindust með lekanda í fyrra. Smit tengist samkynhneigð í yfir 70% tilfella.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, framkvæmdastjóri Samtakanna '78, segir að samtökin séu áhyggjufull vegna þessara tíðinda. „Í ársskýrslu okkar kom fram að þrír af sjö lykilhópum sem fá HIV eru hinsegin og við vitum að samkynhneigðir eru í sérstökum áhættuhóp. Það þarf að tækla þetta í samhengi við fordóma. Þetta er stærri vandi en að þeir séu ekki að passa sig. Það er enn skömm hjá þeim sem passa ekki í kassann.

Við höfum áhyggjur af þessu og þössum að hjá Samtökunum erum við með ókeypis smokka, leiðbeiningar um hvert sé hægt að fara í skoðun og við viljum auka umræðuna um kynheilbrigði." Hún bætti við að samtökin væru ekki hluti af starfshóp heilbrigðisráðherra.

benediktboas@365.is

Allir skrifborðs- og leikjastólar

20% afsláttur

hoie OF SCANDINAVIA

GOLD EINSTÖK GÆÐI

NORSK GÆÐAVARA

Koddi
50 x 70 sm.
~~9.995~~ nú 4.995

Allt að **50% afsláttur**

FULLT VERÐ: 24.990

14.990

NÝTT

HØIE GEILO MOSKUSDÚNSÆNG
Góð moskusdúnsæng fyllt með 90% hvítum moskusandadún og 10% hvítum moskusfjöðrum. Fylling: 550 gr. Sængin er saumuð í ferninga og áklæðið er úr 100% gæðabómull. Burðargeta 11. Má þvo við 60°C. Stærðir: 140 x 200 sm. **24.990** nú **14.990**
Koddi: 50 x 70 sm. **9.995** nú **4.995** Vnr. 4110350, 4310104

FRÁBÆR TILBOÐ!

Sparið **50.000** krónur

RÚM + DÝNA FULLT VERÐ: 169.950

119.950

CAREN RÚMGRIND + SWEET DREAM HEILSUDÝNA
Flott rúmgrind með góðri SWEET DREAM heilsudýnu. Rúmgrindin er með ljósgráu tauáklæði.
Stærðir: 160 x 200 sm. *Ath. náttborð og kommóður ekki fáanlegar.*
Vnr. 8880002017-H

PARMA FERÐATÖSKUR
Fást í 2 litum.
Lítil **4.995** nú **3.495**
Miðstærð **7.995** nú **5.596**
Stór **10.950** nú **7.665**
Allt settið **19.950** nú **13.965**
Vnr. 327-11-1007

30% afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:

3.495

FRÁBÆRT FERMINGARTILBOÐ!

RÚM+SÆNG/KODDI+LAK+SÆNGURVERASETT

Luxury Sleep

FÆTUR OG BOTN FYLGJA

Sparið **46.585** krónur

+

SÆNG OG KODDI
9.995

+

LAK
2.995

+

SÆNGUR-VERASETT AÐ EIGIN VALI AÐ VERÐMÆTI
3.595

KRONBORG OF DENMARK PLUS

LUXURY SLEEP HEILSUDÝNA + HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI + KRONBORG TEYGJULAK + SÆNGURVER
Góð meðalstíf heilsudýna með 240 pokagormum pr. m².
og 5 þægindasvæðum. Stærð: 120 x 200 sm. Vönduð thermosæng fyllt
með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Gott teygjulak úr 100% bómull.
Fæst í nokkrum litum. Sængurverasett að eigin vali að verðmæti **3.595**
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
Vnr. 8880000870A, 4117000, 1416101 , 1317180, 1336880

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
GILDIR 12.04 - 18.04

ALLUR PAKKINN FULLT VERÐ: 126.535

79.950

Umfangsmikil og áralöng rannsókn á fjársvikamáli

1. september 2009
Halldór Jörgen samþykkir sérstaka skráningu Ólafsson-heildverslunar á virðisaukaskattskrá vegna byggingar atvinnuhúsnæðis. Skráningin var tilhæfulaus.

18. september – 30. nóvember 2009
Halldór Jörgen tók á móti virðisaukaskattskýrslum sem skilað var inn af óþekktum aðila. 104 milljónir fengust endurgreiddar á reikning félagsins vegna sýndarframkvæmda.

4. maí 2010
Halldór Jörgen tók á móti sex tilhæfulausum virðisaukaskattskýrslum fyrir félagið H94 ehf. 81 milljónar innskattur var ranglega tilgreindur á skýrslunum.

5. maí 2010
Halldór Jörgen samþykkti sérstaka skráningu H94 ehf. án þess að nokkur gögn fylgdu umsókninni eða skilyrði sérstakrar skráningar væru uppfyllt. Virðisaukaskattsnúmer félagsins var skráð með stofndaginn 12. febrúar 2009.

6. okt. 2009 - júlí 2010
Steingrímur Þór Ólafsson tekur á móti tæplega 278 milljónum króna sem var það fé sem fékkst endurgreitt frá skattinum. Steingrímur lét hluta hinna sakfelldu hafa prókúru á reikningum félaganna.

16. júní 2010
Halldór Jörgen afskráir virðisaukaskattsnúmer H94 ehf. Engin gögn liggja fyrir um beiðni eigenda félagsins þess efnis.

Sumar 2010
Grunur vaknar um brotin. Rannsókn lögreglu hófst á haustmánuðum.

10. september 2010
Starfsmenn skattrannsóknastjóra leita í húsnæði Ríkisskattstjóra að gögnum að baki sérstökum skráningum H94 ehf. og Ólafsson-heildverslun ehf. Gögnin fundust ekki.

14. september 2010
Lögregla handtók grunaða og gerði húsleitir vegna málsins. Handtökuskipun var gefin út á hendur Steingrími Þór en hann var handtekinn í Venesúela í nóvember 2010.

30. júní 2014
Rannsóknargögn send frá lögreglu til ákæruvaldsins.

14. mars 2016
Ákæra gefin út.

11. apríl 2017
Dómur kveðinn upp.

240 milljóna króna þýfi gufað upp

Átta voru sakfelld í gær í stærsta fjársvikamáli Íslandsögunnar. Ávinningur brotanna í höndum huldumanns sem ekki finnst. Refsingarnar eru frá þriggja mánaða og upp í fjögurra ára fangelsi. Fullnusta þeirra allra er bundin skilorði vegna þess hve langan tíma tók að reka málið.

Frá aðalmeðferðinni í upphafi árs. Dómarar mátu framburð vitna ótrúverðugan að mörgu leyti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

DÓMSMÁL Ekkert er vitað um hvað varð um 240 milljónir króna sem sviknar voru út úr endurgreiðslukerfi skattsins á tímabilinu september 2009 til júní 2010. Átta manns voru sakfelld í Héraðsdómi Reykjaness vegna málsins í gær en sannað þótti að þau hefðu notið allt að 38 milljóna króna ávinnings af brotinu.

Þyngstan dóm hlaut Halldór Jörgen Gunnarsson, fjögurra ára fangelsi, fyrir brot í opinberu starfi og peningaþvætti. Halldór nýtti aðstöðu sína í starfi hjá Ríkisskattstjóra til að taka á móti tilhæfulausum skráningum tveggja félaga á virðisaukaskattskrá. Félögin fengu síðan endurgreiddan virðisaukaskatt, alls tæpar 278 milljónir króna, vegna byggingaframkvæmda. Eignirnar sem um ræðir voru ekki í eigu félaganna og framkvæmdirnar uppspuni frá rótum.

Þá var hann sakfelldur fyrir að hafa tekið við reiðufé, um 9 milljónum króna, sem var hluti af hinu illa fengna fé. Fyrir dómi sagði Halldór að hann hefði fundið peningana í plastpoka við framdekk bíls síns. Dómurinn taldi að skýringar hans á skráningu félaganna tveggja og uppruna reiðufjárins „væru ótrúverðugar og að engu hafandi“.

Steingrímur Þór Ólafsson hlaut næstþyngstan dóm, 30 mánaða fangelsi, fyrir peningaþvætti. Steingrímur skipulagði hvernig staðið skyldi að úttekt peninganna af reikningum félaganna tveggja. Fékk hann fólk til verksins sem síðan afhenti honum reiðufé.

Steingrímur lýsti yfir sakleysi sínu vegna málsins. Hann hefði verið fenginn til þess, af ónafngreindum aðila, að ná peningum föstum erlendis úr kerfinu. Hann hefði ekki haft neinn grun um að fé hefði verið tilkomið vegna brotastarfsemi. Um þetta sagði í niðurstöðu fjölskipaðs dómsins að fyrir þá þjónustu hefði hann fengið átta milljónir króna í þóknun „sem telst há þóknun fyrir úttekt á löglega fengnu fé“.

Aðrir hinna sakfelldu hlutu styttri dóma fyrir peningaþvætti. Höfðu þau ýmist tekið við ólögmætum ávinningi brotsins eða tekið fé út af reikningum félaganna tveggja. Dómarnir voru frá þriggja mánaða fangelsi upp í átján mánaða fangelsi.

Flest báru þau við að þau hefðu ekki haft hugmynd um að fé væri illa fengið. Í sumum tilfellum þótti dómnum það ósannað en sakfelldi fyrir gáleysisbrot þar sem þau hefðu nú getað gert sér það í hugarlund að peningarnir hefðu ekki orðið til með lögmætum hætti.

Í framburði Guðrúnar Höllu Sigurðardóttur, en hún hlaut átján mánaða fangelsisdóm, kom meðal annars fram að Steingrímur hefði bent henni á að taka fé út í mismunandi bankaútibúum. Alls tók hún út 133 milljónir króna, í 83 úttektum í mismunandi bankaútibúum, fyrir Steingrím á tímabilinu.

„Að mati dómsins sýna þessi ráð að fyrir ákærðu vakti að vekja ekki of mikla athygli þegar hún var að taka út peninga í bankaútibúum,“ segir í niðurstöðu dómsins. Var það mat dómaranna þriggja að það væri í meira lagi ótrúverðugt að hún hefði ekki vitað um vafasaman uppruna peninganna.

Sannað þótti að ákærðu hefðu notið allt að 38 milljóna króna ávinnings vegna brotanna. Hins vegar er óljóst hvað varð um hinar 240 milljónirnar. Steingrímur kveðst hafa afhent þær ónafngreindum aðila en vildi ekki gefa upp hver það var.

Hin sakfelldu voru ekki dæmd til endurgreiðslu hins ólögmæta ávinnings. Þau þurfa hins vegar að greiða allan sakarkostnað og laun verjenda sinna, alls 32,5 milljónir króna. **johannoli@frettabladid.is**

Sérstakur saksóknari stal starfsmönnum

Allar refsingarnar eru bundnar skilorði til þriggja ára. Það þýðir að fólkið mun ekki þurfa að sitja dómana af sér haldi það sig réttum megin við lögin næstu þrjú ár. Ástæða þess er stórfelldur dráttur á rekstri málsins.

Málið er umfangsmesta fjársvikamál sem borist hefur á borð lögreglu. Í skýrslum lögreglumanna fyrir dómi kom fram að þessa töf megi meðal annars rekja til manneklu og ýmissa utanaðkomandi aðstæðna. Meðal annars var réttarbeiðni send til

7 ár liðu frá byrjun rannsóknar til uppkvaðningar dómsins

Spánar sem tók eitt ár að afgreiða. Þá hefði fjársvikadeild tapað mannafla þegar embætti Sérstaks saksóknara var komið á fót. Önnur verkefni töfðu málið einnig.

Brotin áttu sér stað á árunum 2009 og 2010. Rannsókn lauk 2014 en ákæra var ekki gefin út fyrr en 2016. Í dómsorði kemur fram að ákærðu verði ekki á nokkurn hátt kennt um þennan drátt á málinu.

Gleðilega páska

PÁSKAVENDIR
VERÐ FRÁ 3.950KR

PÁSKASKREYTINGAR
VERÐ FRÁ 1.280KR

PÁSKAEGGJALEIT FYRIR KRAKKANA!
SKÍRDAG KL 10:00

PÁSKATILBOÐ

PÁSKAKRUSI 990KR
MINI PÁSKALILJUR 550KR
PERLULILJA 590KR
STRÁKÚSTAR 20% AFSL.
HANSKAR 20% AFSL.
KLIPPUR 20% AFSL.

AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

Skírdagur: 10.00 – 21.00
Föstudagurinn langi: lokað
Laugardagur: 10.00 – 21.00
Páskadagur: lokað
Annar í páskum: 10.00 – 21.00

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Skuldastaða áhyggjuefni

EFNAHAGSMÁL „Það eru hópar sem eru í viðkvæmri og erfiðri stöðu. Húsnæðisverð er mjög hátt þannig að þeir sem eru að koma inn á húsnæðismarkað núna þurfa því að skuldsetja sig mjög mikið. ,“ segir Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar Alþýðusambands Íslands (ASÍ).

Endurskoðuð hagspá ASÍ fyrir 2017 til 2019 kom út í gær. Fram kemur í henni að þörf sé á að fylgjast með skuldastöðu yngri hópa, sérstaklega þeirra sem eru að koma inn á húsnæðismarkað. Lág greiðslubyrði verðtryggðra lána hvetji til skuldsettra húsnæðiskaupa þar sem greiðslubyrði er lægri en leigukostnaður. **– sg**

Kom sér illa að hafa ekki SIF

ÖRYGGISMÁL „Við þessar aðstæður hefði verið æskilegt að flugvélin TF-SIF hefði verið til taks. Hún hefði sennilega tekið eftir þessu skipi mun fyrr en raunin varð,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, spurður um veru rannsóknaskipsins Seabed Constructor innan íslensku efnahagslögsögunnar undanfarnar vikur. SIF fór suður í Miðjarðarhaf til landamæraeftirlits fyrir Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, Frontex, um miðjan janúar, og kom aftur hingað til lands í marslok. Vélin er núna í hefðbundnu viðhaldi.

Georg segir að vegna fjárhagsstöðu Landhelgisgæslunnar sé útlit fyrir að hún verði aftur leigð til erlendra verkefna síðar á árinu. **- shá**

Borgir og bæir umturnast

Meðlimur La Candelaria-bræðralagsins situr íhugull í Almería í Andalúsíuhéraði á Spáni. Vikan helga, síðasta vika lönguföstu, stendur nú yfir. Víðsvegar um Spán setja hátíðarhöldin svip sinn á borgir og bæi sem eru vart þekkjanleg þessa síðustu daga fyrir páska. Hátíðarhöldin laða að ferðamenn víða að sem vilja berja dýrðina augum. Búningur bræðralagsins á ekkert skylt við kynþáttahatara í Bandaríkjunum FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Telja stefnu borgarinnar skaða samkeppni

Stefna Reykjavíkurborgar um að fækka bensínstöðvum raskar samkeppni og er almenningi til tjóns, að mati Samkeppniseftirlitsins. Borgarráð ætlar að spyrja Samkeppniseftirlitið hvernig samræma megi umhverfis- og samkeppnissjónarmið.

SAMKEPPNISMÁL „Við ætlum að fá viðræður við Samkeppniseftirlitið og fá betri útlistun á því hvað það leggur til að við gerum með það að samræma annars vegar umhverfissjónarmið og hins vegar samkeppnissjónarmið,“ segir Björn Blöndal, formaður borgarráðs, um viðbrögð borgarinnar við áliti Samkeppniseftirlitsins. Björn segir Samkeppniseftirlitið hafa boðið upp á þessar viðræður í bréfi til borgarinnar og borgarráð þiggi það.

Samkeppniseftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, sem unnið er í tengslum við markaðsrannsókn á íslenska eldsneytismarkaðnum, að stefna Reykjavíkurborgar um að fækka bensínstöðvum í Reykjavík raski samkeppni á eldsneytismarkaðnum og sé almenningi til tjóns. Samkeppniseftirlitið vill því að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir aðgerðum sem miða að því að draga úr þeim samkeppnishindrunum sem leiða af þessari stefnu.

Í áliti Samkeppniseftirlitsins kemur fram að Festi, sem rekur verslanir Krónunnar, vildi lóð undir eldsneyti á Fiskislóð 15-21. Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar tók fyrirspurnina fyrir á fundi sínum hinn 17. ágúst síðastliðinn. Meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs tók neikvætt í fyrirspurnina og bókaði meðal annars að hún samrýmdist hvorki stefnu borgarinnar um fækkun bensínstöðva né nýsamþykktri loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar. Þar er stefnt að því að dælur fyrir jarðefnaeldsneyti innan borgarmarkanna verði 50 prósent færri árið 2030 og verði að mestu horfnar árið 2040.

Samkeppniseftirlitið telur að stefna Reykjavíkurborgar um fækkun bensínstöðva vinni gegn eigin markmiði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samkeppniseftirlitið telur að stefna og framkvæmd Reykjavíkurborgar sé skýrt dæmi um skaðsemi þess að huga ekki að áhrifum skipulags og lóðaúthlutunar á samkeppni. Markmið um betri nýtingu lóða og almenna fækkun eldsneytisstöðva og umhverfismál eigi fullan rétt á sér. „Hins vegar eru sterkar vísbendingar um að þær leiðir sem borgin hefur valið að þessu markmiði hafi þveröfug áhrif,“ segir í álitinu. Þetta felist meðal annars í því að nýir eða smærri aðilar hafi engar eða mjög fáar eldsneytisstöðvar á Reykjavíkursvæðinu í upphafi starfsemi sinnar og séu þannig ekki í aðstöðu til þess að leggja niður bensínstöð á móti nýrri mögulegri lóð.

„Sem slík skapar stefna borgarinnar því aðgangshindrun að markaðnum. Þar með minnka líkur á virkara samkeppnislegu aðhaldi gagnvart starfandi félögum. Það leiðir til þess að minni hvatar eru til þess að hagræða á markaðnum. Samhliða er stefna borgarinnar til þess fallin að skapa hvata eða aðstæður fyrir núverandi stærri keppinauta á svæðinu til að halda að sér höndum þegar kemur að því að loka bensínstöðvum vegna þess að með því eykst hættan á því að nýr eða annar keppinautur opni nýja stöð á viðkomandi svæði. Af þessum sökum getur stefna borgarinnar beinlínis unnið gegn fækkun eldsneytisstöðva, þvert á markmið hennar,“ segir í áliti Samkeppniseftirlitsins.

jonhakon@frettabladid.is

BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
TINO COSMA
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur
af öllum vörum

Til samanburðar við 1.400 sumarstörf Icelandair búa um 1.250 manns á Siglufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

1.400 sumarstörf hjá Icelandair

FERÐAÞJÓNUSTA Icelandair Group mun ráða til sín rúmlega 1.400 starfsmenn yfir sumarmánuðina. Mikil fjölgun ferðamanna sem hingað koma veldur því að sumarstarfsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Svali Björgvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Icelandair, segir það ánægjuefni að margir hverjir séu að koma ár eftir ár og haldi tryggð við fyrirtækið.

„Það er gleðilegt að á þessum uppgangstímum getum við veitt fólki góð launuð störf hjá okkur. Vel á sjötta þúsund einstaklinga starfa hjá okkur nú í dag sem er frábært," segir Svali.

Um 650 starfsmenn fara til starfa hjá Icelandair og um 350 til IGS sem þjónustar farþega á jörðu niðri. Rúmlega 300 starfsmenn verða einnig ráðnir inn til hótela Icelandair svo dæmi sé tekið.

„Það sem er einnig áhugavert er að af öllum þessum starfsmönnum er kynjaskiptingin tiltölulega jöfn sem er markmið hjá okkur á öllum okkar sviðum," segir Svali. **– sa**

Loforð um aukið fé ekki efnt

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í febrúar að setja meira fé til innleiðingar nýrra lyfja. Það fé hefur ekki skilað sér. Ráðherra neitar að tjá sig um málið. „Krabbameinssjúklingar geta ekki beðið," segir formaður.

HEILBRIGÐISMÁL Ríkisstjórnin hefur enn ekki efnt loforð sitt frá því um miðjan febrúar að sjá til þess að ný krabbameinslyf verði tekin í notkun hér á landi á þessu ári. Fjárframlög í upphafi árs buðu ekki upp á nein ný lyf á þessu ári að mati formanns lyfjagreiðslunefndar. Formaður Krafts segir marga ekki geta beðið mikið lengur eftir að loforðið sé efnt.

Fréttablaðið greindi frá því þann 14. febrúar síðastliðinn að ekkert fjármagn væri til á árinu sem hægt væri að nota til að taka upp ný lyf. Guðrún I. Gylfadóttir, formaður lyfjagreiðslunefndar, sagði þá ekkert svigrúm fyrir hendi. Ríkisstjórnin gaf það svo út þann 17. febrúar að veita yrði meira fjármagn til upptöku nýrra lyfja.

„Við hjá Krafti fögnuðum því þegar ríkisstjórnin lofaði að leggja fé í málaflokkinn. Hins vegar hefur ekkert gerst síðan og ný krabbameinslyf þurfa að bíða enn um sinn," segir Ragnheiður Davíðsdóttir, formaður Krafts, stuðningsfélags ungs fólks með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Guðrún Gylfadóttir, segir það rétt að loforðið frá því í febrúar hafi ekki verið efnt en unnið sé að því innan ráðuneytisins að finna fjármagn til þess að taka inn ný krabbameinslyf. „Að mínu mati er þetta í góðum farvegi og unnið er að því í velferðarráðuneytinu. Á meðan erum við að taka inn ný lyf," segir Guðrún.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar áttu að tryggja fé til lyfjakaupa. Það hefur ekki enn gengið eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Fólk sem býr við þessa sjúkdóma getur ekkert beðið eftir því að þessi mál verði afgreidd í stjórnsýslunni**
>
> Ragnheiður Davíðsdóttir

Ragnheiður segir alvarlegt að þurfa að bíða lengi eftir því að efna þetta loforð. „Það er ekki nóg að hlutirnir séu í vinnslu. Ríkisstjórnin er búin að samþykkja fjárútlát til málaflokksins og því þarf að hafa snör handtök," segir Ragnheiður. „Fólk sem býr við þessa sjúkdóma getur sumt hvert ekkert beðið eftir því að þessi mál verði afgreidd í stjórnsýslunni. Krabbameinssjúklingar hafa nóg með að huga að eigin heilsu í stað þess að bíða."

Heilbrigðisráðherra, Óttarr Proppé, hefur hunsað ítrekaðar beiðnir Fréttablaðsins síðustu daga og umleitanir fréttastofu um viðtal.

sveinn@frettabladid.is

Harmleikur í Brønshøj

DANMÖRK Aðkoma lögreglumanna að íbúð í Brønshøj í Kaupmannahöfn í gær er sögð hryllileg. Lögregla var kölluð að íbúðinni til að grípa inn í heimiliserjur en fann þar lík konu og þriggja barna hennar.

Ekstrabladet greindi frá því að fjölskyldufaðirinn hafi verið handtekinn í gær í tengslum við morðin og staðfesti lögregla fréttina. Einnig bendir margt til þess að maðurinn hafi beitt nokkrum mismunandi vopnum við meint morð. Nágrannar segjast í samtali við Ekstrabladet hafa heyrt öskur frá íbúðinni. Í samtali við Ekstrabladet sagði Ove B. Larsson, stjórnandi aðgerða á vettvangi fyrir hönd lögreglu, að rannsókn málsins væri hafin. Mikið væri um blóð í íbúðinni og merki væru um átök. „Okkar tilgáta er sú að þetta hafi verið fjölskyldumorð," sagði Larsson í samtali við DR. **– þea**

Fá engin svör um lokun Háholts

VINNUMARKAÐUR Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðaráðs í Skagafirði, gagnrýnir þá ákvörðun Barnaverndarstofu að loka Háholti í Skagafirði með þeim afleiðingum að 17 starfsmenn missa vinnuna.

Háholt hóf rekstur rétt fyrir aldamót og var farið í miklar endurbætur á húsinu árið 2014. Þær endurbætur voru greiddar af sveitarfélaginu Skagafirði.

„Í raun vitum við ekkert meira en það sem hefur komið fram í fjölmiðlum. Ráðuneytið eða barnaverndaryfirvöld hafa ekki komið að máli við okkur," segir Stefán Vagn. „Við höfum ýmsar spurningar sem við viljum fá svör við og munum við eiga samtal við velferðarráðherra vegna málsins." **– sa**

Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðaráðs Skagafjarðar

peugeotisland.is

NÝR PEUGEOT 3008

BÍLL ÁRSINS 2017 Í EVRÓPU

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX

KOMDU OG KEYRÐU BÍL ÁRSINS Í DAG

VERÐ FRÁ:

3.790.000 kr.

Eyðsla frá 3,9 l/100 | CO_2 losun frá 104g/km

VALINN BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2017

Hinn nýi Peugeot 3008 Crossover hlaut hinn eftirsótta titil „Bíll ársins í Evrópu 2017“ nú nýverið. Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði. Það er sama hvar borið er niður, glæsilegt útlit bílsins að innan sem utan, gæðin, þægindin, aksturseiginleikarnir, allt er eins og best verður á kosið. Peugeot 3008 er hár frá götu, 22 cm undir lægsta punkt og framdrifið er fáanlegt með öflugri Grip Control spólvörn sem kemur honum í gegnum erfiðustu aðstæður. Þráðlaus tækni hleður símann þinn og með Mirror Screen tækninni getur þú notað Apple Car Play eða Mirror Link fyrir Android til að tengja snjallsímann við 8“ skjáinn. Mátaðu þig í frábær sætin og kíktu á rúmgott farangursrýmið. Peugeot 3008 er tímamótabíll.

PEUGEOT 3008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

VW Golf R
300hö 4WD

Ekinn 5.000

2016 **6.750.000** KR

A 4x4

18" álfelgur. LED framljós. R Sportsæti. Sóllúga. Hraðanæmt rafstýri. Start/stop búnaður. Aðgerðarstýri. Fjarlægðarskynjarar. Bakkmyndavél. 6.5" snertiskjár. Bluetooth. Lyklalaust aðgengi. Skynvædd fjöðrun.

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

Margar stærðir, fleiri litir.

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is

VW Passat Alltrack
2.0 TDI
2016 **5.980.000** KR
19 A 4x4

Skoda Octavia Scout
2.0 TDI
2015 **4.990.000** KR
28 A 4x4

Mitsubishi Pajero
Instyle 3.2 DID
2015 **7.780.000** KR
34 A 4x4

Chevrolet Captiva
7manna 2.2 TDI
2014 **3.790.000** KR
66 A 4x4

Toyota Auris Active
1.6 CVT
2016 **3.290.000** KR
2,5 A

Honda Civic Sport
1,6 TDI
2014 **2.890.000** KR
38

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Kletthálsi 13 · hnb.is · 590 5040

Volkswagen · ŠKODA · MITSUBISHI MOTORS



Utanríkisráðherrar Japans, Þýskalands og Bretlands sjást hér á bak við Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

Stórveldi hyggjast ekki beita Rússa þvingunum

G7 ríkin vilja ekki nýjar viðskiptaþvinganir gegn Rússum. Bandaríkin vilja koma forseta Sýrlands frá völdum. Gagnárás Bandaríkjanna á Shayrat-herflugvöllinn eyðilagði fimmtung sýrlenskra herflugvéla.

RÚSSLAND G7 ríkin höfnuðu í gær tillögu Breta um nýjar viðskiptaþvinganir gegn Rússum vegna stuðnings þeirra við ríkisstjórn Bashars al-Assad í Sýrlandi. Var krafan sett fram í kjölfar efnavopnaárásar á bæinn Khan Sheikhoun sem talið er að sýrlenski herinn hafi staðið að. Alls féllu 89 í árásinni.

Utanríkisráðherrar G7 ríkjanna, Bandaríkjanna, Bretlands, Japans, Ítalíu, Þýskalands, Frakklands og Kanada, auk Evrópusambandsins, funduðu á Ítalíu í gær.

Angelino Alfano, utanríkisráðherra Ítalíu, sagði ríkin frekar vilja leysa úr deilunni með diplómatískum hætt. „Við teljum Rússa hafa það vogarafl sem þarf til að fá Assad til að standa við vopnahléssamninga sem hafa verið gerðir," sagði Alfano.

Í kjölfar efnavopnaárásarinnar réðust Bandaríkjamenn á Shayrat-herflugvöllinn í Sýrlandi. Talið er að efnavopnaárásarliðið hafi flogið þaðan og til Khan Sheikhoun. Var 59 Tomahawk-eldflaugum skotið á flugvöllinn.

James Mattis, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, tjáði sig um gagnárásina í gær. Sagði hann að árásin hefði ónýtt töluvert af eldsneytis- og skotfærabirgðum Sýrlandshers, skaðað loftvarnarkerfi þeirra og eyðilagt fimmtung herflugvéla.

> **Við viljum ekki að efnavopnabúr sýrlenska hersins falli í hendur ISIS eða annarra hryðjuverkasamtaka.**
> Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna

Á blaðamannafundi í gær sagði Tillerson að sú árás hefði verið nauðsynleg til að tryggja öryggi Bandaríkjanna.

„Við viljum ekki að efnavopnabúr sýrlenska hersins falli í hendur ISIS eða annarra hryðjuverkasamtaka sem gætu viljað ráðast á Bandaríkin eða bandamenn okkar," sagði Tillerson.

„Bandaríkin sjá ekki fyrir sér að ríkisstjórn Assads geti setið lengur þar sem hún hefur tapað réttmæti sínu með þessum árásum," sagði hann enn fremur.

Um helgina tók Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, í sama streng og sagði Bandaríkin vilja koma Assad frá. Sama dag sagði Tillerson það ekki forgangsatriði. Aðalatriðið væri að sigrast á ISIS.

Ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta virðist því hafa skipt um skoðun. Sjálfur sagði Trump áður en hann tók við embætti að Bandaríkin ættu ekki að standa að því að koma fleiri leiðtogum Mið-Austurlanda frá völdum.

Eftir fundinn á Ítalíu hélt Tillerson til Moskvu til fundar við Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands. Greinandi BBC segir ólíklegt að Tillerson takist að fá Rússa til að snúa baki við Assad þar sem Sýrlendingar eru helstu bandamenn Rússa í Mið-Austurlöndum. Einnig hafi Rússar varið miklum tíma og fé í stuðning sinn við Assad. **thorgnyr@frettabladid.is**

Vilja fella Bandaríkin með kjarnorkueldi

NORÐUR-KÓREA Ríkisfréttastofa Norður-Kóreu (KCNA) greindi í gær frá því að Bandaríkjamenn mættu eiga von á gagnaðgerðum eftir að Carl Vinson-flotadeild bandaríska sjóhersins var siglt upp að Kóreuskaga. Eru skipin þar staðsett til að bregðast við eldflaugatilraunum Norður-Kóreu.

„Við grátbiðjum aldrei um frið en við munum beita hörðustu gagnaðgerðum gegn þessum ögrandi aðgerðum Bandaríkjamanna. Við munum verja okkur með miklu vopnaafli," segir í frétt KCNA sem birt var á ensku. Vísað var í starfsmann utanríkisráðuneytis ríkisins.

„Við munum sjá til þess að Bandaríkjamenn beri ábyrgð á hörmulegum afleiðingum sem munu verða vegna svívirðilegra gjörða þeirra," segir enn fremur.

Í kóreskri útgáfu fréttarinnar kemur fram að ríkið muni ekki missa af tækifærinu til þess að fella heimsveldið með „réttlátum eldi kjarnorkunnar".

Flugmóðurskipið Carl Vinson. NORDICPHOTOS/AFP

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, tjáði sig um Norður-Kóreu á Twitter í gær. Sagðist hann hafa látið Xi Jinping, forseta Kína, vita að væntanlegur fríverslunarsamningur ríkjanna yrði betri ef Kínverjar „hjálpuðu til við að leysa Norður-Kóreuvandann". Trump fundaði með Xi í síðustu viku.

„Norður-Kórea er að leita eftir vandræðum. Ef Kínverjar ákveða að hjálpa væri það frábært. Ef ekki þá munum við leysa málin án þeirra!" segir í tísti Trumps frá því í gær.

Þá greindu erlendir miðlar frá því í gær að kínverski herinn hefði sent 150.000 hermenn að landamærunum við Norður-Kóreu. **– þea**

Síminn

Lifðu þig inn í Sjónvarp Símans Premium

með Heimilispakka Símans

Horfðu á heilar þáttaraðir af **Sex and the City** þegar þér hentar.
Yfir 6.000 klukkustundir af frábæru sjónvarpsefni.
Svona á sjónvarp að vera.

IMDb SEX AND THE CITY | 7.0

TVIST 10336

Sjónvarp Símans Premium

Sjónvarp Símans Appið

Sjónvarpsþjónusta Símans

11 erlendar sjónvarpsstöðvar

Endalaus heimasími

Netið 250 GB

Spotify Premium

Heimilispakkinn

13.500 kr./mán.

Línugjald ekki innifalið. Verð frá 2.600 kr./mán.

Pantaðu Heimilispakkann
á siminn.is eða í síma 800 7000

Gildi–lífeyrissjóður
Ársfundur 2017

Grand hótel Reykjavík, fimmtudaginn 27. apríl kl. 17.00

Dagskrá fundarins
1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúarráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn Gildis–lífeyrissjóðs.

GILDI

www.gildi.is

Mikilvægt að styrkja lögreglu á landsbyggðinni

LÖGREGLUMÁL „Við erum í dreifbýlu landi og það sem ég sé fyrir mér er að það þarf að fjölga víða um landið þar sem eru fámenn lögreglulið til þess að auka viðbragðsgetuna," segir Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi lögreglumaður.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sagði við Fréttablaðið í gær að íslenska lögreglan væri ekki í stakk búin til þess að takast á við atburði af því tagi sem urðu í Svíþjóð þegar árásarmaður ók inn í hóp fólks, banaði fjórum og særði fimmtán.

Haraldur sagði bæði þörf á fleiri lögreglumönnum og meiri þjálfun lögreglumanna. Vilhjálmur leggur áherslu á meiri þjálfun lögreglumanna. „Það sem hefur vantað hér á landi, ekki bara í lögreglunni heldur hjá viðbragðsaðilum almennt, er að það þarf að gera ráð fyrir fjármagni í að þjálfa mannskapinn og að endurnýja búnað. Þannig að það er ekki bara að það þurfi að fjölga lögreglumönnum heldur þjálfa lögreglumenn og það þarf að vera aðstaða til að þjálfa þá," segir hann.

Vilhjálmur segir að það hafi legið fyrir í nokkurn tíma að það þyrfti að styrkja lögregluna til að takast á við svona atburði. „Það er kannski ekki síst þess vegna sem það hefur verið bætt verulega í lögregluna að undanförnu þó enn megi gera betur," segir Vilhjálmur. Þar vísar hann til þess að sem innanríkisráðherra hafi Hanna Birna Kristjánsdóttir aukið framlög til lögreglunnar um 500 milljónir og Ólöf Nordal, eftirmaður hennar, ákveðið að auka framlög um 400 milljónir fyrir utan launahækkanir og verðlagshækkanir.

> **Við erum í dreifbýlu landi og það sem ég sé fyrir mér er að það þarf að fjölga víða um landið þar sem eru fámenn lögreglulið til þess að auka viðbragðsgetuna.**
>
> Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

> **900**
> **milljónum til viðbótar hefur verið varið í löggæslu í tíð tveggja síðustu ráðherra**

Þá bendir Vilhjálmur á að lögregluskólinn hafi verið færður upp á háskólastig og menn séu að vonast eftir því að fá aukið samstarf við erlenda öryggisskóla og lögregluskóla. „Þannig að allt sem við erum búin að vera að gera í þessu miðast við að efla löggæsluna." **– jhh**

Alla daga 8-20

Við gerum meira fyrir þig – Nóatún Austurveri – **www.noatun.is**

NÓATÚN

RENAULT
Passion for life
NÝR MEGANE
Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.

NÝR RENAULT MEGANE
DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*
Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu sem hönnuð er af verðlaunahönnuðinum Laurens van den Acher. Nýr Renault Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla. Sjón er sögu ríkari.
VERÐ: 2.990.000 KR. DÍSIL, BEINSKIPTUR
ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphituð framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðuþurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“
ENNEMM / SÍA / NM81196

GE bílar	Bílasalan Bílás	Bílasala Akureyrar	Bílaverkstæði Austurlands	IB ehf.	BL söluumboð
Reykjanesbæ	Akranesi	Akureyri	Egilsstöðum	Selfossi	Vestmannaeyjum
www.gebilar.is	www.bilas.is	www.bilak.is	www.bva.is	www.ib.is	481 1313
420 0400	431 2622	461 2533	470 5070	480 8080	862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Afl framfara

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Við þurfum vel menntað fólk til þess að byggja hús og vegi. Halda úti mannsæmandi heilbrigðis- og velferðarkerfi, skapa ný verðmæti og gæta að þeim sem fyrir eru. Rækta listir og menningu samfélaginu til hagsbóta, reka hagkerfið, stjórna landinu og þannig mætti áfram telja. Góð menntun er mikilvægasti lykillinn að velferð okkar og framtíð. Þrátt fyrir aukið framboð til háskólamenntunar á Íslandi er og verður Háskóli Íslands um ókomna tíð þungamiðja þess mikilvæga hlutverks að sjá fólki fyrir þessari menntun. Þetta er sagt með fullri virðingu fyrir öðrum háskólum sem einfaldlega lúta öðrum og sérhæfðari lögmálum.

Þetta skildu mætavel þær kynslóðir sem komu Háskóla Íslands á laggirnar og byggðu hann upp þrátt fyrir að samfélagið hafi í raun haft úr mun minna að spila á þeim tíma. Það er því þeim mun raunalegra að sjá hversu lítill skilningur virðist vera hjá ráðamönnum á samfélagslegri nauðsyn þess í dag að halda þessari uppbyggingu áfram. Í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn mánudag benti Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, á þá staðreynd að þrátt fyrir aukinn fjölda nemenda í kjölfar hrunsins sé í sífellu haldið áfram að vera með skólann í niðurskurði. Þær viðbætur sem fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir fram til 2022 duga í raun engan veginn til þess að snúa vörn í sókn. Þvert á móti bendir margt til þess að draga þurfi úr námsframboði og hætta við að byggja upp á sviði rannsókna og nýsköpunar. Þetta er dapurlegt og til merkis um skammsýna fjárfestingastefnu fyrir hönd samfélagsins.

Þeir sem sækja sér háskólamenntum gera það á ýmsum forsendum en eiga þó sameiginlegt að vera að fjárfesta í framtíð sinni og það samfélaginu til hagsbóta. Það er því þeim mun óskiljanlegra að stjórnvöld skuli velja að skattleggja nemendur skólans með óbeinum hætti. En í viðtalinu við rektor HÍ kom einnig fram að skráningargjöld sem nemendur greiða til þess að fá að stunda nám við skólann renna aðeins að litlum hluta þangað. Af þeim 75 þúsund krónum sem hver nemandi greiðir renna nú tæp 20 þúsund til HÍ en restin í ríkissjóð. Nemendur við HÍ greiða með þessum hætti í ríkissjóð 700 milljónir sem væru að minnsta kosti ágætis byrjun í þá átt að bæta fjárhagsstöðu skólans.

Samfélag sem snuðar þá sem vilja sækja sér menntun er að snuða sjálft sig um betri framtíð. Kristján Þór Júlíusson menntamálaráðherra bendir þó á í þessu samhengi að ríkisstjórnin setji heilbrigðismál og almannatryggingar í forgang í sínum áætlunum. Hvort forstjóri Landspítala Háskólasjúkrahúss taki undir að það sé með nægilega kröftugum hætti skal hér ósagt látið en það sem er mikilvægt er að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir er að þetta er hvor sín greinin á sama trénu. Ef ætlunin er að byggja upp öflugt heilbrigðiskerfi á Íslandi, sem svo sannarlega er ekki vanþörf á, þá þurfum við öflugan og fjárhagslega sterkan háskóla. Skóla sem getur skilað samfélaginu vel menntuðum einstaklingum á fjölmörgum sviðum, sinnt rannsóknarhlutverki sínu og verið það afl framfara sem háskóli á að vera í nútíma samfélagi.

Samfélag sem snuðar þá sem vilja sækja sér menntun er að snuða sjálft sig um betri framtíð.

Halldór

Frá degi til dags

Tími til stefnu

Gunnar Smári Egilsson boðar stofnun nýs flokks. Hann hefur ýmislegt sér til frægðar unnið. Nú síðast að hafa vikið úr sæti ritstjóra og útgefanda Fréttatímans með blaðið í launaskuld við starfsmenn. Án þess að svo mikið sem svara símtölum þeirra sem kröfðust skýringa. Hegðun sem varla sæmir foringja sósíalistaflokks. Það verður því erfitt að átta sig á því hvernig hann, fjölmiðlamaðurinn fyrrverandi, mun sannfæra kjósendur um eigið ágæti. En það er svo sem ástæðulaust fyrir hann að örvænta. Fjögurra ára kjörtímabil er rétt að hefjast og því nægur tími til að ná vopnum sínum.

Enginn Sósíópataflokkur

Þegar alþingiskosningar fóru síðast fram voru boðnir fram tólf listar. Séu frádregnir flokkarnir þrír sem mynda „hægrisinnuðustu stjórn Íslandssögunnar“ og Framsóknarflokkurinn eru eftir átta stjórnmálaöfl sem hallast til vinstri í pólitík. Kjósendur óskuðu einungis eftir fulltrúum þriggja þeirra inn á þing. Enda hefur Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, bent Gunnari á að varla væri þörf fyrir Sósíalistaflokk Íslands. Þetta er út af fyrir sig rétt hjá Oddnýju, að það er ekki þörf fyrir Sósíalistaflokkinn. Sósíópataflokkur Íslands hefur hins vegar ekki enn verið stofnaður og alltaf spurning hvort einhver hugsi sér að bæta úr því. jonhakon@frettabladid.is

Rán um hábjartan dag

Torfi H. Tulinius
prófessor í íslenskum miðaldafræðum við HÍ

Ríkisstjórn Bjartrar framtíðar og ríku frændanna boðar fimm ára áætlun í fjármálum ríkisins sem gengur í berhögg við fyrri yfirlýsingar um endurreisn heilbrigðiskerfis og sókn í menntamálum. Það á ekki að bæta úr rekstrarvanda sjúkrastofnana. Menntakerfið mun búa við skort. Kjör öryrkja verða áfram til skammar og ólíðandi fátækt látin viðgangast í landinu. Þessi áætlun svíkur því flest loforð sem flokkarnir þrír gáfu fyrir kosningar. Í raun réttri er hún lítt dulbúin áform um stórfelldan þjófnað, því með henni á að láta þjóðarauðinn renna að mestu til fámennrar auðstéttar.

Um samfélagið flæða nú peningar sem verða til í krafti vinnu almennings, auðlinda í eigu þjóðarinnar og erlendra gesta sem vilja njóta landsins fagra sem við tókum í arf. Arðurinn hafnar að mestu í vösum ríka fólksins, vegna þess að við búum ekki við skattkerfi í líkingu við hin norrænu ríkin, með hæfilegum auðlindagjöldum, fjármagns- og hátekjusköttum og eðlilegri endurdreifingu verðmæta í gegnum menntun, velferð og heilbrigðisþjónustu.

Mikill hagvöxtur sem nú setur svip á þjóðlífið fer því mest í að efla sjóði auðmanna fremur en hlúa að ungu kynslóðinni, öldruðum og öryrkjum um leið og búið er í haginn fyrir framtíðina með menntun, rannsóknum og nýsköpun. Ríka fólkið skapaði ekki þennan auð en hirðir stærstan hluta hans.

Úrelt hagfræði og hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar réttlæta ránið. Svo er talað um aðhald gegn þenslu. Gegn ofhitnun hagkerfisins væri nær að beita skattkerfinu fremur en að skera niður til velferðar-, heilbrigðis- og menntamála.

Fjármálaáætlun ríku frændanna er fyrirrætlun um arðrán og misskiptingu. Auðmenn geta vel við unað, því þeir eiga sér trygga framtíð í þjóðarauðnum sem þeir hafa sölsað undir sig; og ef hann bregst, í leynireikningum erlendis. Þeim er líka alveg sama um þig, lesandi góður, um börn þín og framtíð þeirra. Það er sorglegt að þingmenn Bjartrar framtíðar og aðrir í meirihlutanum skuli styðja áætlun sem er bæði siðlaus og andstæð þjóðarhag.

Fjármálaáætlun ríku frændanna er fyrirrætlun um arðrán og misskiptingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Rúllugjald

Opið bréf til Benedikts Einarssonar

Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar
erfðagreiningar

Benedikt, það er ýmislegt við greinina þína sem birtist í blaðinu á föstudaginn, sem mér finnst flott eins og til dæmis að þú tekur á efnisatriðum í stað þess að hjóla bara í manninn mig, þótt þú gerir svolítið af því á hárbeittan og elegant hátt. Þannig sýnirðu svo ekki verður um villst að þú ert snöggtum göfugri maður en ég. Þegar Baldvin Jónsson, tengdafaðir Bjarna frænda þíns, eigraði um gangstétt fyrir utan kaffihús á Skólavörðustígnum á fimmtudagsmorguninn þegar bréf mitt til Bjarna birtist og hneykslaðist á því að maður með eins mikla menntun og ég skrifaði svona grein gleymdist honum að þótt það sé hægt að taka mann eins og mig út úr niðurgrafinni kjallaraíbúð í Norðurmýrinni er ekki nokkur möguleiki á því að ná kjallaraíbúðinni út úr honum.

Meðan ég var prófessor við Harvard og horfði út um gluggann á marmarabyggingunni þar sem rannsóknarstofan mín var, sá ég gjarnan glitta í moldarbeðið sem var það eina sem ég sá út um glugga á Flókagötu 12. Nú þegar ég sit í risastórri villu uppi á Vatnsenda og horfi til fjalla dregur moldarbeðið stundum fyrir allt annað útsýni og ég skipa mér ósjálfrátt í sveit þeirra sem eiga þess ekki kost að sjá annað út um gluggana heima hjá sér. Slík eru bellibrögð líffæris sem er innan höfuðskelja minna og þess vegna skrifa ég svona greinar.

En þótt svörin þín, Benedikt, við sögunum fjórum sem ég rakti í bréfinu mínu til Bjarna, en tók ekki undir, séu um margt skýr og afdráttarlaus eru þau að vissu leyti ekki eins gagnleg og ég reikna með að við báðir vildum. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

Það fylgir því mikill heiður að vera forsætisráðherra þjóðarinnar en líka ábyrgð og skyldur ómældar. Rúllugjaldið sem menn verða að borga fyrir embættið er meðal annars að tengsl þeirra við viðskiptalífið séu gegnsæ og leiði ekki til hagsmunaárekstra, raunverulegra eða ímyndaðra. Þér finnst sjálfsagt að það sé ósanngjarnt að ætlast til þess að menn geti forðast ímyndaða hagsmunaárekstra. Auðvitað er það ósanngjarnt, en þær kröfur sem eru gerðar til þess sem vill verða forsætisráðherra hljóta alltaf að vera að vissu leyti ósanngjarnar. Það má ekki gleymast að það eru ekki sjálfsögð mannréttindi að fá að vera forsætisráðherra, það eru forréttindi sem hlotnast fáum. Það er alveg ljóst að við erum í svolitlum vanda út af hagsmunaárekstrum Bjarna sem í augum sumra eru raunverulegir, annarra ímyndaðir og í þínum sjálfsagt fráleitir. Hér eru tvö dæmi:

> **Bjarni Benediktsson fæddist inn í þennan heim hokinn af kostum sem við viljum að prýði leiðtoga okkar og ég dreg hvorki í efa heiðarleika hans né góðan vilja og það hvarflar ekki að mér að ásaka hann um að misnota aðstöðu sína viljandi til þess að hlúa að viðskiptum fjölskyldunnar. Það fara hins vegar illa saman mikil umsvif fjölskyldu hans í viðskiptum og sá stíll að tjá sig ekki um þau og verða pirraður út af þeim áhyggjum sem þau valda í samfélaginu.**

Þjónusta við ferðamenn er allt í einu orðin stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og við erum að reyna að koma á hana einhvers konar skikki, því eins og stendur er hún úr böndum. Eigum við að láta ferðamenn greiða aðgangseyri að landinu? Eigum við að nota einhvers konar náttúrupassa? Hvernig eigum við að skattleggja þennan iðnað þannig að við höfum efni á að reka hann með reisn? Hér lendum við í vandræðum, af því að sagan segir að fjölskylda forsætisráðherra eigi hluti í alls konar fyrirtækjum í ferðamannaiðnaðinum. Hvernig göngum við frá málum þannig að þjóðin hafi enga ástæðu til þess að ætla að forsætisráðherra hafi þannig áhrif á ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í málefnum ferðamanna að hún efist um það hvaða hagsmuni hann beri fyrir brjósti.

Eignarhald fjölskyldunnar í þeirri klíník í Ármúla sem langar til þess að verða sjúkrahús er líka óheppilegt þegar menn velta fyrir sér tregðu ríkisins til þess að fjármagna almennilega Landspítalann og aðra þætti hins ríkisrekna heilbrigðiskerfis. Menn velta því fyrir sér hvort sú tregða geri rekstrarumhverfi klíníkurinnar betra.

Bjarni Benediktsson fæddist inn í þennan heim hokinn af kostum sem við viljum að prýði leiðtoga okkar og ég dreg hvorki í efa heiðarleika hans né góðan vilja og það hvarflar ekki að mér að ásaka hann um að misnota aðstöðu sína viljandi til þess að hlúa að viðskiptum fjölskyldunnar. Það fara hins vegar illa saman mikil umsvif fjölskyldu hans í viðskiptum og sá stíll að tjá sig ekki um þau og verða pirraður út af þeim áhyggjum sem þau valda í samfélaginu. Ekki hjálpar heldur dugnaður fjölskyldunnar. Það olli til dæmis Bjarna töluverðu pólitísku tjóni þegar faðir þinn þáði boðið um að taka þátt í kaupunum á Borgun. Hvers vegna heldurðu að honum hafi verið boðin þátttaka í þessum viðskiptum? Það var góður díll fyrir hann en það má leiða að því rök að með honum hafi hann hvorki sýnt Bjarna mikla tillitssemi né embætti fjármálaráðherra þá virðingu sem það á skilið.

Mér skilst að þegar vinir og samstarfsmenn Bjarna hafi bent honum á vandann sem er rakinn hér að ofan segi hann réttilega að hann geti ekki bannað ættingjum sínum að stunda viðskipti. Rétt er það og ekki er víst að það myndi þjóna samfélaginu vel að þeir gerðust allir kúabændur norður í Eyjafirði. Það má vel vera að það eina sem sé hægt að gera í þessu sé að ræða vandann og reyna að sannfæra þjóðina um að bæði eftirlitsstofnanir og fjölskyldan séu sér meðvitandi um hann og geri allt sem í þeirra valdi standi til þess að koma í veg fyrir að hann valdi tjóni. Fyrsta skrefið í þá átt er að viðurkenna að vandinn sé til staðar. Það hefur hins vegar reynst svo erfitt fyrir fjölskyldu þína að það minnir um margt á Antons heilkennið. Antons heilkenni heitir það þegar menn verða fyrir skemmd í þeim hluta heilabarkarins sem sér um sjón og verða fyrir vikið blindir en afneita blindunni og ganga á veggi og fyrir björg. Kannski við ættum að kalla það Engeyjarheilkenni þegar menn sjá ekki hvernig viðskipti þeirra vekja grunsemdir um hagsmunaárekstra sem allir aðrir sjá en þeir. En nú er ég að reyna að vera fyndinn og fullt eins líklegt að mér hafi mistekist.

Fjárfestum í framtíðinni

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Það er óumdeilt meðal framsýnna ríkja í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu að opinber fjárfesting í menntun, rannsóknum og nýsköpun hefur bein áhrif á framleiðni, hagvöxt og ný störf. Þannig er í nýrri skýrslu Evrópusambandsins[1] fullyrt að rekja megi 2/3 hagvaxtar í Evrópu á tímabilinu 1995-2003 til þekkingarsköpunar, en áhrifin voru mest í Bretlandi (50%) og Finnlandi (40%) og minnst (innan við 10%) í löndum á borð við Ungverjaland, Grikkland og Slóveníu. Tölurnar tala skýru máli: Opinber fjárfesting í menntun og rannsóknum er fjárfesting í samkeppnishæfni og farsæld til framtíðar.

Fyrir liggur að háskólastigið á Íslandi hefur sætt verulegum niðurskurði opinberra framlaga í tæpan áratug. Er nú svo komið að Háskóli Íslands er alvarlega undirfjármagnaður og gæði skólastarfsins í raunverulegri hættu.

Í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnar Íslands er í orði kveðnu gert ráð fyrir nokkurri hækkun framlaga til háskólastigsins á tímabilinu 2018-2022. Þessir fjármunir eru þó fjarri því allir til að mæta brýnum rekstrarvanda háskólanna því ráðgerð aukning fyrstu árin er að miklu leyti vegna byggingar Húss íslenskra fræða, auk framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og uppbyggingar nýs fagháskólastigs. Háskólarnir þurfa því enn að bíða, nú til ársins 2019 eftir löngu tímabærri innspýtingu vegna kennslu og rannsókna sem þó er mjög hógvær eftir langvarandi niðurskurð.

Háskólaráð Háskóla Íslands samþykkti einróma 6. apríl sl. ályktun þar sem lýst var miklum vonbrigðum með fjármálaáætlunina. Í hverju felast vonbrigðin og hverjar eru afleiðingar óbreyttrar fjármálaáætlunar?

Stjórnvöld hafa ítrekað sett fram áform og gefið fyrirheit um að fjármögnun háskóla á Íslandi verði í takt við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Í aðdraganda alþingiskosninga sl. haust ríkti pólitísk samstaða meðal núverandi stjórnarflokka um að opinber framlög á hvern háskólanema skyldu ná meðaltali OECD-ríkjanna á kjörtímabilinu. Þá er í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá janúar sl. lögð rík áhersla á að treysta samkeppnishæfni Íslands og þróa hér þekkingarsamfélag með því að styðja háskólana í að halda uppi gæðum og standast alþjóðlega samkeppni, m.a. með endurskoðun á reiknilíkönum sem notuð eru til að meta fjárþörf menntakerfisins.

Ekki að sjá að efna eigi fyrirheitin

Í áætlun stjórnvalda er ekki að sjá að efna eigi þessi fyrirheit. Þvert á móti virðist lagt upp með að nálgast markmið um sambærilega fjármögnun og í nágrannalöndum okkar með því að fækka verulega háskólanemum á Íslandi.

Samanburðurinn við fjármögnun háskóla í nágrannalöndum okkar er ekki stærðfræðiæfing. Hann er raunverulegur mælikvarði á getu háskólanna til að sinna mikilvægu hlutverki sínu. Fækkun háskólanema til að auka hlutfallslegt framlag á hvern þeirra hefði neikvæð áhrif á menntunarstig þjóðarinnar og myndi draga úr samkeppnishæfni hennar og getu til að tryggja komandi kynslóðum fjölbreytt atvinnulíf og blómlegt samfélag. Á sama tíma liggur fyrir að brýnt er að fjölga verulega háskólamenntuðu starfsfólki víða í atvinnulífinu, s.s. í heilbrigðisgreinum, menntakerfinu og í tæknigreinum. Verði ekki að gert blasir við alvarlegur skortur á sérhæfðu starfsfólki víða í þjóðfélaginu.

Þá myndi áframhaldandi fjársvelti Háskóla Íslands og fækkun nemenda draga úr námsframboði og nauðsynlegri þróun kennsluhátta, auk þess sem ekki yrði unnt að ráðast í bráðnauðsynlega uppbyggingu innviða rannsókna og nýsköpunar sem létu verulega á sjá í hruninu.

Nái fjármálaáætlunin óbreytt fram að ganga getur Háskóli Íslands og þar með íslenska þjóðin misst sterka alþjóðlega stöðu sína. Hér er ekki aðeins orðspor í húfi heldur möguleikar okkar til alþjóðlegs samstarfs og miðlunar nýjustu þekkingar á milli landa. Það þarf langan tíma, metnað og skýra sýn til að byggja upp sterkan rannsóknaháskóla sem þjónar öllu samfélaginu en það tekur aðeins skamman tíma að tefla því uppbyggingarstarfi í voða. Fjárfesting í menntun er fjárfesting í framtíðinni.

Í áætlun stjórnvalda er lögð áhersla á aðhaldssemi og langtímahugsun og er það vel. Opinberum fjármunum í þágu samfélagsins og innviða þess til lengri tíma verður varla betur varið en með fjárfestingu í öflugum háskóla sem er samkeppnisfær á alþjóðlegum vettvangi. Hækkunin til háskólastigsins í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er hins vegar of lítil og kemur of seint. Það þarf að spýta í strax.

[1] https://ri-links2ua.eu/object/document/326

Stjórnvöld níðast á öldruðum



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Í þessari grein verður fjallað um þrjú dæmi þess hvernig stjórnvöld níðast á öldruðum.

Fyrsta dæmið er frá 2013. Tryggingastofnun ríkisins og Ríkisendurskoðun gripu þá til þess ráðs að nota skoðanakönnun um „bótasvik“ í sveitarfélögum í Danmörku sem vísbendingu eða sönnun um slík svik á Íslandi. Þetta var fáheyrt, þar eð ekki var einu sinni um rannsókn að ræða í Danmörku heldur skoðanakönnun. M.ö.o.: Danskir lífeyrisþegar voru spurðir hvort þeir teldu, að bótasvik væru stunduð í umræddum sveitarfélögum. Að sjálfsögðu skiptir slík skoðanakönnun í Danmörku engu máli fyrir Ísland. En það furðulega gerðist, að ríkisendurskoðandi taldi, að umrædd skoðanakönnun í Danmörku væri eðlilegt viðmið fyrir Ísland. Í ljós kom þó, að raunveruleg bótasvik á Íslandi umrætt ár voru lítil sem engin. Það var því verið að ljúga bótasvikum upp á aldraða og öryrkja á Íslandi. Það er alvarlegt mál og Ríkisendurskoðun og Tryggingastofnun ættu að biðjast afsökunar á þessari framkomu við íslenskt lífeyrisfólk.

Ólögmæt skerðing 5 milljarðar 2017!

Annað dæmið fjallar um það, að Tryggingastofnun með samþykki velferðarráðuneytisins ákvað að skerða lífeyri aldraðra frá almannatryggingum í janúar og febrúar 2017 um 5 milljarða enda þótt heimild til skerðingar hefði fallið út úr lögunum við afgreiðslu þeirra á Alþingi. Tryggingastofnun og velferðarráðuneytið stóðu að þessu athæfi gagnvart eldri borgurum og báðust ekki einu sinni afsökunar á tiltækinu. Málaferli eru nú í uppsiglingu vegna þessarar ólögmætu skerðingar á tryggingalífeyri aldraðra. Flokkur fólksins ákvað að fara í mál og er undirbúningur nú í fullum gangi. Telja má nokkuð öruggt, að þetta mál vinnist og gangi það eftir er greið leið til þess að stefna ríkinu vegna fyrri skerðinga.

Lífeyrisfólk skattlagt um 50 þúsund á mánuði!

Þriðja dæmið fjallar um persónuafsláttinn og skattleysismörkin frá 1988 og fram á þennan dag. Árið 1988 lýstu stjórnmálamenn því yfir, að persónuafsláttur ætti að fylgja launa- og verðlagsvísitölu. Við það hefur ekki verið staðið. Ef það hefði verið gert væru elli- og örorkulífeyrisþegar skattlausir í dag. En þeir greiða 50 þúsund á mánuði í skatt. Ríkið lætur lífeyrisfólk fá lífeyri með annarri hendinni en tekur jafn mikið til baka með hinni. Þetta er svívirða. Í Noregi er lífeyrir skattfrjáls. Þannig á það að vera hér.

Ríkið lætur lífeyrisfólk fá lífeyri með annarri hendinni en tekur jafn mikið til baka með hinni. Þetta er svívirða. Í Noregi er lífeyrir skattfrjáls. Þannig á það að vera hér.

Öll þessi framangreind þrjú dæmi leiða í ljós, að stjórnvöld hér á landi eru stöðugt að níðast á öldruðum og öryrkjum. Mál er að linni og leiðrétt verði fyrir liðinn tíma.

Skipuleg uppbygging fiskeldis

Einar K. Guðfinnsson
formaður Landssambands fiskeldisstöðva

Þorbjörn Þórðarson fetar villigötunar í leiðara sínum í Fréttablaðinu um fiskeldi hér á landi. Í leiðaranum er því haldið fram að uppbygging eldisins hafi einkennst af fyrirhyggju- og skipulagsleysi. Þannig er það þó ekki. Byggt er á nýlegum lögum, frá árinu 2014 sem undirbúin voru vandlega. Í meðförum Alþingis tók frumvarp þar að lútandi verulegum breytingum, ekki síst til þess að bregðast við ábendingum þeirra sem efasemdir hafa um eldi í sjókvíum hér við land. Með löggjöfinni var afmarkaður skýr rammi og eftirlits- og vísindastofnunum ætlað veigamikið hlutverk við undirbúning að útgáfu leyfa til fiskeldis.

Varúðarnálgun við burðarþolsmat

Forsenda fiskeldis er að Hafrannsóknastofnun vinni svo kallað burðarþolsmat á þeim fjörðum þar sem ætlunin er að ala fisk. Ljóst er að stofnunin beitir mikilli varúð við mat á burðarþolinu. Þannig segir í greinargerð með nýjasta burðarþolsmatinu, þ.e í Ísafjarðardjúpi:

„Tillit er tekið til stærðar fjarðarins og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins einkum á botndýralíf og súrefnisstyrk. Í þessu mati er gert ráð fyrir að hámarkslífmassi verði aldrei meiri en 30 þúsund tonn og að nákvæm vöktun á áhrifum eldisins fari fram samhliða því. Slík vöktun er forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðarins, til hækkunar eða lækkunar, sem byggt væri á raungögnum.“

Ítarlegt umhverfismat

Fyrst eftir að burðarþolsmatinu lýkur tekur við næsti kafli. Umhverfismat sem Skipulagsstofnun framkvæmir á grundvelli laga um umhverfismat. Fyrirtækin leggja fram frummatsskýrslu í samræmi við umhverfismatslögin. Aflað er mikilla gagna og leitast við að svara spurningum er lúta að umhverfisaðstæðum. Lögin um umhverfismat opna leiðir mjög margra til þess að gera athugasemdir eða leggja fram spurningar í umhverfismatsferlinu. Reynslan sýnir að sú er og reynslan. Bregðast þarf við þessum spurningum/athugasemdum og kallar það oft á mikla gagnaöflun og ítarleg svör. Fyrst að þessu loknu gefur Skipulagsstofnun út álit sitt.

Þáttur Umhverfisstofnunar og MAST

Þá hefst annað vers. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar, MAST. Matvælastofnun skal framsenda umsókn um starfsleyfi fyrir eldi ferskvatns- og sjávarlífvera til Umhverfisstofnunar til meðferðar. Umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi skal afgreiða innan sex mánaða frá því að þær berast. Matvælastofnun skal tilkynna umsækjanda hvort umsókn telst fullnægjandi innan mánaðar frá því að umsóknin berst stofnuninni. Á þessu stigi eru einnig kæruleiðir. Umhverfisstofnun auglýsir starfsleyfið og á þeim tíma er unnt að koma að athugasemdum. Þegar Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi skal það sent Matvælastofnun. Ef umsóknir eru samþykktar skulu starfsleyfi og rekstrarleyfi afhent umsækjanda samtímis.

Vinna við fiskeldisleyfi haldi áfram

Af þessu má sjá að starfræksla fiskeldis lýtur mjög ströngum skilyrðum og reglum, enda sýnir reynslan að frá því að fiskeldisfyrirtæki tilkynna áform sín um að hefja starfsemi á tilteknu hafsvæði líða misseri og ár þar til að hægt er að setja seiði í kvíar. Hér á landi er og stuðst við ströngustu reglur sem þekkjast um allan búnað og reynslan sýnir að hefur skilað miklum árangri. Eðlilegt er því að áfram sé haldið við vinnu að þeim fiskeldisleyfum sem sótt hefur verið um til viðkomandi eftirlits- og sérfræðistofnana eins og lög kveða á um. Leyfa til fiskeldis verður ekki aflað nema að undangengnum löngum tíma og þau gilda einvörðungu tímabundið. Því er nægur tími til að bregðast við álitaefnum, ábendingum og ákvörðunum sem kunna að verða teknar í þeirri faglegu vinnu sem nú fer fram að frekari stefnumótun í fiskeldismálum hér á landi.

Norska laxeldið hófst beinlínis við ósa helstu laxveiðiánna og enginn hafði neitt við það að athuga fyrstu 20- 30 árin. Í Noregi fer enn fram eldisframleiðsla nálægt helstu búsvæðum villtra laxastofna. Þessu er þveröfugt farið á Íslandi þar sem hér er beinlínis bannað að ala lax í sjókvíum nálægt náttúrulegum villtum laxastofnum.

Stærstum hluta strandlengjunnar lokað fyrir fiskeldi

Þó rétt sé að fiskeldi hér á landi hafi notið góðs af reynslu annarra þjóða, svo sem Norðmanna, er ljóst að reglur hér við land eru á margan hátt strangari en í öðrum löndum. Þar má ekki síst nefna þá ákvörðun sem tekin var árið 2004 um að loka stærstum hluta strandlengjunnar fyrir fiskeldi. Þetta var gert í varúðarskyni og var almennt fagnað á sínum tíma. Og þegar menn bera saman aðstæður í Noregi og hér er nauðsynlegt að minnast þessa. Norska laxeldið hófst beinlínis við ósa helstu laxveiðiánna og enginn hafði neitt við það að athuga fyrstu 20-30 árin. Í Noregi fer enn fram eldisframleiðsla nálægt helstu búsvæðum villtra laxastofna. Þessu er þveröfugt farið á Íslandi þar sem hér er beinlínis bannað að ala lax í sjókvíum nálægt náttúrulegum villtum laxastofnum.

Leiður misskilningur

Og að lokum þetta: Í leiðaranum kemur sá leiði misskilningur fram að fiskur í kvíum hér við land sé „genetískt breyttur lax“. Það er einfaldlega rangt. Þessi misskilningur er skiljanlegur, svo oft hefur þessi ranga fullyrðing verið vakin upp og hún svo gengið aftur í umræðunni æ ofan í æ.

KRÓNAN

Páska máltíðin

-25%

Krónan mælir með!

4499 kr. kg

Ungnautalund, Nýja-Sjáland

Verð áður ~~5999~~ kr. kg

5999 kr. stk.

Anton Berberie önd 3,2 kg, Frakkland

2999 kr. kg

Lambalæri með sveppa- og púrtvíns fyllingu eða camembert- og döðlu fyllingu

Gleðilega páska

Tilboðin gilda til 17. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tala niður til barna

Gunnlaugur Stefánsson
Heydölum

Ekki er stórmannlegt að gera lítið úr börnum sem fermast. Nær er að fagna og leggja alúð við traustan sið sem blómgast í trú, von og kærleika.

Það er skrýtin árátta í sumum fjölmiðlum að tala niður til fermingarbarna, efast um heilindi barnanna, gefa í skyn að þau fermist fyrir gjafirnar og veislan sé óþarfa tilstand. Svo er lagst í útreikninga og fermingin metin til fjár, eins og fréttastofa Ríkisútvarpsins gerði. Minna fer fyrir fallegum minningum í fjölmiðlum sem flestir eiga um fermingu sína. Langtum fremur er frægðarfólki hampað sem telur sér til vegsauka að gera lítið úr fermingunni. Þrátt fyrir andróðurinn, þá vilja langflest börn fermast og þeim fjölgar í vor sem velja að gera það í Þjóðkirkjunni.

Er viðeigandi að fjölmiðlar spyrji fólk í aðdraganda stórafmælis hvort veislan sé fyrir gjafirnar og hvað afmælið kosti?

Fermingin í kirkjunni er rótfastur siður í þjóðlífinu og hefur staðist tímans tönn. Fermingarfræðslan var fyrsti skólinn fyrir öll börnin í landinu og er því samofin menningu þjóðarinnar. Þau sem gera lítið úr fermingunni mættu kynna sér þá sögu.

Ég hef fermt börn í rúmlega 30 ár. Það hefur verið gefandi samstarf. Í fermingarfræðslunni er grunnstefið kristinn kærleikur. Þar ræðum við um lífið og tilveruna, m.a. hamingju og ábyrgð, trú og efa, sorg og mótlæti – og margt sem ekki er á dagskrá í grunnskólanum og eigum um það traust samstarf með foreldrum.

Fermingardagur er falleg tímamót og sannkölluð hátíð. Heilagur dagur barns sem er að verða unglingur. Skilaboð foreldra og ástvina eru tær í einlægri fyrirbæn: „Ég elska þig“ sem helgar von um trausta samfylgd með minnisstæðum hætti í hörðum heimi. Veislan, sem hefst í raun við altarið í kirkjunni, er samfögnuður þar sem þessi skilaboð eru í fyrirrúmi og fermingarbarnið finnur innilega að það skiptir máli. Gjafirnar bera vitni um tímamótin þar sem þarfir barnsins eru að breytast og börnin fá hvort sem þau fermast eða ekki. Það sýnir reynslan.

Ekki er stórmannlegt að gera lítið úr börnum sem fermast. Nær er að fagna og leggja alúð við traustan sið sem blómgast í trú, von og kærleika.

Fæst í FK og Hagkaup
Frábært bragð

AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA
• Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
• Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.
ŠKODA
Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.
bílson -VERKSTÆÐIÐ-
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090
Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

Matarverð og fátækt á Íslandi

Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði

Guðjón Sigurbjartsson
viðskiptafræðingur

Í tengslum við gerð búvörusamninga sl. ár athuguðu undirritaðir verðmyndun matvara og mögulega verðlækkun með tollfrjálsum innflutningi. Einnig könnuðum við styrki til landbúnaðar almennt. Á grundvelli athugunar okkar drógum við meðal annars eftirfarandi ályktanir.

Meginniðurstöður

1. Við opnun á tollfrjálsum innflutningi matvæla ætti matarverð að lækka um 35% að jafnaði og matarútgjöld um 100.000 kr. á mann á ári.
2. Heildarstuðningur við landbúnaðinn er um 38 milljarðar kr. á ári.

100.000 kr. lækkun matarútgjalda á mann

Söluverð kjúklinga hjá Bónus var á athugunartímanum sl. ár þannig að heill innlendur kjúklingur var um 800 kr./kg, en verð á innfluttum án tolla hefði verið um 500 kr./kg.

Innlendar kjúklingabringur kostuðu um 1.900 kr./kg en hefðu við tollaleysi kostað um 900 kr./kg. Þá er reiknað með sömu krónutölu álagningu á kílógramm, sjá súlurit. Verðmunurinn hjá Krónunni var áætlaður sambærilegur.

Að undanförnu hefur Bónus einmitt verið að selja innflutta kjúklinga í heilu á 495 kr./kg, vegna endurgreiddra tolla.

Svipað má segja um önnur matvæli, við afnám tolla. Mest lækkar kjúklingur, svínakjöt og nautakjöt en mjólkurvörur, egg og kindakjöt lækka einnig2). Meðallækkunin verður um 35% sem gerir um 100.000 kr. á mann á ári eða 300.000 á þriggja manna fjölskyldu. Fátæka munar um minna og líklega myndu sumir geta leyft sér hollari matarinnkaup.

38 milljarða kr. stuðningur á ári

Alþingi setur lögin og sér svo um að skattgreiðendur styrkja bændur um 14 milljarða kr. á ári á fjárlögum.

Einnig tollvernd landbúnaðarins sem leiðir til þess að neytendur greiða bændum um 10 milljarða kr. á ári aukalega að mati OECD og sláturog vinnsluaðilum um 14 milljarða kr. á ári. Samtals hækkar tollverndin þannig matarútgjöld landsmanna um 24 milljarða kr. á ári.

Kjúklingabændur í landinu eru um 27 og metinn stuðningur neytenda við greinina um 5,8 milljarðar kr. á ári. Eggjabændur eru 14 og metinn stuðningur um 600 milljónir kr. á ári. Svínabændur eru 23 og metinn stuðningur neytenda um 2 milljarðar kr. á ári.

Mestur er stuðningurinn þó við mjólkurbændur og tengda vinnslu, 12,4 milljarðar kr. á ári, og sauðfjárbændur og tengda vinnslu, 8,6 milljarðar kr. á ári. Neytendur styðja því óbeint MS með yfir 2 milljarða kr. framlagi á ári og Norðlenska, Sláturfélag Suðurlands, Kaupfélag Skagfirðinga, Matfugl og Reykjagarður fá yfir einn milljarð kr. í óbeinan stuðning. Nokkur fleiri félög fá verulegan stuðning.

Lélegt siðferði hárra matarverða

Að draga úr fátækt er erfitt viðfangsefni í öllum þjóðfélögum. Í ljósi þess að ekki er útlit fyrir að takist að draga verulega úr henni hérlendis með hefðbundnum ráðum stenst tollverndin ekki siðferðilega. Það varðar við mannréttindi að halda ódýrum, hollum mat frá fátæku fólki í nútímasamfélagi opinna viðskipta. Lægra matarverð skiptir fátæka Íslendinga miklu og fyrir ferðamenn og ferðaþjónustu skiptir það líka miklu máli, því Ísland telst dýrt land heim að sækja.

Tollverndin hér er sér á parti. Evrópa er með opinn matvælamarkað sín á milli og flytur auk þess inn frá þróunarlöndum matvæli að verðmæti um 10.000 milljarðar kr. árlega sem lið í þróunaraðstoð. Við styðjum landbúnaðinn rúmlega tvisvar sinnum meira en Finnland, Svíþjóð og Danmörk og fimm sinnum meira en Evrópulönd að meðaltali. Hinn ríki Noregur styrkir sinn landbúnað meira á fjárlögum en lítið með tollvernd.

Við afnám tollverndar fækkar störfum sem tengjast landbúnaði líklega um 500 eða svo. En með nýrri landbúnaðar- og byggðastefnu má byggja undir arðbærari og umhverfisvænni greinar og bæta með því lífskjör og mannlíf í landinu svo um munar.

Tilvísanir: 1. Samanburður á slátrunar- og vinnslukostnaði landbúnaðarafurða á Íslandi og í nágrannalöndum. Ritrýnd grein greinarhöfunda á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ, Október 2016. 2. Vefurinn Betri landbúnaður, https://betrilandbunadur.wordpress.com/

Samanburður á verði kjúklinga





Að hafa vit fyrir þjóðinni

Róbert H. Haraldsson
prófessor við Háskóla Íslands og rannsóknafélagi við Colgate-háskóla í New York-fylki

Meirihluti þjóðarinnar vill ekki áfengi í matvöruverslanir. Sumir alþingismenn vilja á hinn bóginn fara þvert gegn vilja þjóðarinnar í þessu máli. Einn þeirra orðaði það svo að stundum þyrftu þingmenn að taka slaginn og keyra mál í gegn. Þetta vekur upp spurningu um forræðishyggju. Hvenær eiga þingmenn að hafa vit fyrir þjóðinni og þvinga hana til að gera eitthvað sem hún vill ekki gera?

Forræðishyggja á sér fáa verjendur nú um stundir. En þingið hefur óneitanlega vit fyrir þjóðinni á ýmsum sviðum, t.d. með lögum um fjármálamarkaði eða lyfjaframleiðslu. Almenningur treystir þar á leiðsögn kjörinna fulltrúa sinna. Forræðishyggja áfengisfrumvarpsmanna verður því ekki fordæmd að óathuguðu máli. Skoða verður hvert mál fyrir sig.

Þrennt kemur helst til álita til að réttlæta forræðishyggju flutningsmanna áfengisfrumvarpsins.

Í fyrsta lagi mætti e.t.v. réttlæta forræðishyggju þeirra með vísun til þjóðarhags. En þeim þingmönnum sem vilja stórauka aðgengi að áfengi og leyfa áfengisauglýsingar, og stuðla þannig að aukinni áfengisneyslu, hefur mistekist að sýna fram á að það sé þjóðarhagur. Þeir hafa ekki sýnt að námsárangur ungmenna batni við aukna áfengisneyslu eða að lýðheilsa batni. Þeir hafa ekki heldur sýnt að glæpum og umferðaróhöppum fækki með aukinni áfengisneyslu eða að heimilisofbeldið minnki. Umræddum þingmönnum hefur einfaldlega mistekist að sýna að þjóðarhagur kalli á aukna áfengisneyslu. Þeir geta því ekki beitt þessum rökum til að réttlæta forræðishyggju sína.

Í öðru lagi gætu umræddir þingmenn reynt að réttlæta forræðishyggju sína í krafti þekkingar. Þeir séu einfaldlega betur upplýstir en þjóðin. En þessi rök eiga ekki við hér. Öðru nær, þjóðin virðist mun betur upplýst um afleiðingar áfengisdrykkju en umræddir þingmenn. Öfugt við þá virðist þjóðin reiðubúin að skoða reynslu einstaklinga af áfengisdrykkju og hún er til í að hlusta á rannsóknir og rök fræðimanna um afleiðingar áfengisdrykkju. Þingmennirnir geta því ekki beitt þekkingarrökum til að réttlæta forræðishyggju sína.

Í þriðja lagi og til þrautavara gætu þingmennirnir vísað á réttlæti til að verja forræðishyggju sína. Öfugt við þjóðina berjist þeir fyrir réttlæti óháð afleiðingum. En er áfengi í matvöruverslanir réttlætismál? Réttlæti er flókið hugtak, í senn lagalegt og siðferðilegt. Það hefur enginn lagalegan rétt á að selja áfengi í matvöruverslunum. Stjórnarskráin ver ekki rétt manna til þess. Menn hafa heldur ekki siðferðilegan rétt á að selja öðrum mönnum skaðlega vöru. Öðru nær, samfélagið hefur rétt á að skipuleggja verslun með vörur sem eru skaðlegar samfélaginu. Á Íslandi er núverandi fyrirkomulag á sölu áfengis með þeim hætti að bæði einstaklingsfrelsi og lýðheilsusjónarmið eru virt.

Höfnum forræðishyggju áfengisfrumvarpsmanna. Segjum nei við áfengi í matvöruverslanir.

NÝR SUBARU LEVORG

ÖRUGGUR FJÓRHJÓLADRIFINN VALKOSTUR

SUBARU LEVORG PREMIUM, bensín, sjálfskiptur
Með EyeSight öryggismyndavélum
Eyðsla 6,9 l/100 km* – Verð 5.190.000 kr.

HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

EyeSight
Driver Assist Technology

EyeSight öryggiskerfi Subaru er það fullkomnasta sem völ er á.
Kerfið aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstur.

EyeSight öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

SUBARU
Confidence in Motion

B|L

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Meisturunum létt í Safamýri eftir að tryggja sér oddaleik

Fögnuður Leikmenn Íslandsmeistara Hauka fagna fjögurra marka sigri á spútnikliði Fram í einvígi liðanna í átta liða úrslitum Olís-deildar karla í handbolta en með sigrinum jöfnuðu Haukar einvígið í 1-1. Oddaleikurinn fer fram á laugardaginn á heimavelli Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dramatíserar ekki 4-0 tapið

Margrét Lára Viðarsdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins í fótbolta, hefur engar áhyggjur af liðinu þrátt fyrir 4-0 skell á móti Hollandi í gær. Hún segir ekkert lið betra en það íslenska að svara svona mótlæti.

FÓTBOLTI „Þær völtuðu bara yfir okkur í seinni hálfleik ef svo má segja. Við vorum einhvern veginn á hælunum fannst mér og þær stútuðu okkur, vægt til orða tekið," sagði Margrét Lára Viðarsdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins í fótbolta, við Vísi eftir 4-0 skellinn sem liðið fékk í vináttuleik á móti Hollandi í Doetinchem í gærkvöldi.

Hollenska liðið komst í 1-0 með skallamarki eftir fast leikatriði en þar gleymdi Rakel Hönnudóttir sér við að horfa á boltann með þeim afleiðingum að EM-gestgjafarnir komust yfir. Seinni hálfleikurinn var svo skelfilegur hjá íslenska liðinu og mörkin ansi ódýr sem liðið fékk á sig.

Sprellimörk

Freyr Alexandersson,landsliðsþjálfari, var vægast sagt ósáttur þegar Fréttablaðið ræddi við hann skömmu eftir leik.

„Fyrsta markið kemur eftir aukaspyrnu lengst utan af velli og við erum bara að horfa á boltann. Þetta setti svolítið tóninn fyrir það sem svo gerðist í leiknum. Í framhaldinu voru mistökin í báðum vítateignum mörg. Við vorum að fá okkur hálfgerð sprellimörk sem við annars fáum aldrei á okkur," sagði Freyr en Ísland mætir aftur á þennan sama völl þegar liðið mætir Sviss á EM.

„Það er virkilega góð umgjörð hérna og völlurinn er flottur. Þegar við mætum Sviss hérna í sumar verður þetta blá gryfja. Þá munum við gráta gleðitárum og ekkert kjaftæði."

Víti til varnaðar

Margrét Lára var vitaskuld ósátt við tapið enda sjaldgæft að stelpurnar okkar fái annan eins skell.

„Við vorum eftir á í pressunni og varnarleikurinn, sem hefur verið okkar aðalsmerki, var ekki nógu góður. Við vorum ekki nógu þéttar og hleyptum þeim upp í hornin. Þær spiluðu frábærlega og við vorum ekki nægilega góðar. Þetta er víti til varnaðar því við höfum ekki einu sinni fengið svona skell á móti bestu liðum heims sem við höfum verið að spila við undanfarin ár. Þetta snýst samt ekki um hvernig maður er sleginn niður heldur hvernig maður stendur upp og það er ekkert lið betra í því en okkar lið," sagði Margrét Lára sem var ákveðin til svars aðspurð hvort hún hefði áhyggjur af stöðu liðsins eftir tapið:

„Nei, ég hef engar áhyggjur af þessu. Þetta er bara hluti af prógramminu. Þetta getur gerst og kemur meira að segja fyrir bestu liðin. Ef maður ætlar að ná árangri þarf að geta staðið upp og risið aftur eftir svona áfall. Það er ekkert lið sem fagnar því meira að fá að sýna karakter og sýna öllum að við getum betur. Við vitum allar að við getum miklu betur."

> **Þetta er víti til varnaðar því við höfum ekki einu sinni fengið svona skell á móti bestu liðum heims**

Margrét Lára Viðarsdóttir.

Bara léleg frammistaða

Stelpurnar spiluðu nánast fullkominn leik á móti Slóvakíu fyrir helgi en í gær var allt að. Er hægt að útskýra hvað gerðist, kannski andlega, á þessum dögum á milli leikja?

„Það gerðist ekkert andlega. Mórallinn datt ekki niður. Hann er og hefur alltaf verið frábær. Við töpuðum bara illa í dag," sagði Margrét Lára og bætti við að lokum:

„Þetta var bara lélegur leikur. Við vorum 1-0 undir í fyrri hálfleik en svo brotnar liðið þegar við fáum á okkur annað og þriðja markið. Það þarf ekkert að dramatísera þetta um of. Frammistaða okkar var bara léleg í dag. Við vitum allar að við getum miklu betur og ætlum að sýna það í næsta leik." **tomas@365.is**

Domino's-deild karla
Undanúrslitaeinvígi - Leikur 4

Keflavík - KR 84-86

Keflavík: Amin Khalil Stevens 39/19 fráköst/5 stoðsendingar, Guðmundur Jónsson 22, Hörður Axel Vilhjálmsson 17/6 fráköst/6 stoðsendingar, Reggie Dupree 6

KR: Jón Arnór Stefánsson 16/8 fráköst, Sigurður Á. Þorvaldsson 14/4 fráköst, Philip Alawoya 14/7 fráköst, Darri Hilmarsson 13, Kristófer Acox 10/5 fráköst/3 varin skot, Pavel Ermolinskij 9/5 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 8/5 fráköst, Þórir Þorbjarnarson 2.

KR vann einvígið, 3-1.

Olís-deild karla
Átta liða úrslit, leikir 2

Fram - Haukar 24-28

Markahæstir: Þorgeir Bjarki Davíðsson 4, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 4, Valdimar Sigurðsson 3, Guðjón Andri Jónsson 3, Matthías Daðason 3 - Jón Þorbjörn Jóhannsson 7, Daníel Þór Ingason 4, Tjörvi Þorgeirsson 4, Elías Már Halldórsson 3.

Staðan í einvíginu er 1-1.

Grótta - FH 20-31

Markahæstir: Finnur Ingi Stefánsson 7/3, Aron Dagur Pálson 4, Elvar Friðriksson 3, Júlíus Þórir Stefánsson 2, Nökkvi Dan Elliðason 2 - Óðinn Þór Ríkharðsson 9, Arnar Freyr Ársælsson 7, Einar Rafn Eiðsson 5/1, Jóhann Birgir Ingvasson 4, Ásbjörn Friðriksson 2

FH vann einvígið, 2-0.

Meistaradeildin í fótbolta
Átta liða úrslit, fyrri leikir

Juventus - Barcelona 3-0

1-0 Paulo Dybala (7.), 2-0 Paulo Dybala (22.), 3-0 Giorgio Chiellini (55.)

Dortmund - Mónakó

Leiknum var frestað vegna sprengjuárásar.

AXEL HEIM Í SKAGAFJÖRÐINN



Tindastóll er nú þegar byrjað að styrkja sig fyrir átökin í Domino´s-deild karla í körfubolta á næstu leiktíð en í gær samdi það við íslenska landsliðsmanninn Axel Kárason til tveggja ára. Axel hefur undanfarin ár spilað í dönsku úrvalsdeildinni með Svendborg Rabbits en hann er að læra dýralækninn í Danaveldi. Axel var í EM-hópi Íslands á EM 2015 og er líklegur til að fara með liðinu til Finnlands í haust. Þessi 34 ára gamli framherji er að skora fjögur stig að meðaltali í leik í dönsku úrvalsdeildinni en hans helsti styrkleiki er frábær varnarleikur.

GUÐRÚN GRÓA SAMDI VIÐ VAL

Valskonur styrktu sig fyrir næstu leiktíð í Domino´s-deild kvenna í gær þegar liðið samdi við Guðrúnu Gróu Þorsteinsdóttur. Hún lék síðast í efstu deild 2013-2014 og varð þá Íslandsmeistari með Snæfelli. Hún fór á kostum í úrslitakeppninni það árið og átti risastóran þátt í titlinum sem Snæfell vann þrátt fyrir að missa Kanann sinn í meiðsli. Guðrún er stórkostlegur varnarmaður sem spilaði síðast fyrir nýráðinn þjálfara Vals, Darra Frey Atlason, hjá KR.

Í dag

18.30	**Bayern - Real Madrid**	Sport
18.30	**Atletico - Leicester**	Sport 2
20.45	**Meistaramörkin**	Sport
23.00	**Lotte Championship**	Golfst.
18.30	**Valur - Hamar**	Valshöllin
19.30	**Selfoss - Afturelding**	Selfoss
20.30	**Valur - ÍBV**	Valshöllin

blómaval

PÁSKAR
í Blómavali

-33%
10 stk.
Páskaliljur
999kr
~~1.490kr~~

Páskablað Blómavals er komið út skoðaðu blaðið á blómaval.is

Vorerikur og sýpris í útipottana á frábæru verði

Vorerika
599kr

-20%
10327160
Sýpris
80-100 cm
1.990kr
~~2.490kr~~

-27%
Friðarlilja
9 cm pottur
1.299kr
~~1.790kr~~
11400017

Túlípanar
10 stk.
1.299kr
~~1.490kr~~
Páskatúlípanar

Kryddjurtir í stórum potti sem lifa lengur
rósmarín, steinselja, sítrónumelissa, oregano, mynta, timian

-44%
Kryddjurtir
1.5 ltr pottur
990kr
~~1.799kr~~
10260704

-26%
Orkidea
12 cm pottur
1.990kr
~~2.690kr~~
11325000

Páskagreinar
Forsythia 3 stk.
799kr

Gylfi Þór Sigurðsson svekktur eftir enn einn leikinn sem Swansea mistókst að skora í. Velska liðið þarf sárlega á mörkum frá íslenska landsliðsmanninum að halda á lokasprettinum. NORDICPHOTS/GETTY

Örlög Svananna ráðin án marka Gylfa

Swansea City er aftur komið niður í fallsæti í ensku úrvalsdeildinni eftir tap fyrir West Ham um síðustu helgi. Liðið hefur aðeins skorað tvö mörk og fengið eitt stig út úr síðustu fimm leikjum sínum í deildinni og þar hefur tilfinnanlega vantað eitt.

FÓTBOLTI Fyrir rétt rúmum mánuði var Swansea City með jafn mörg stig og Bournemouth og Leicester City og ofar í töflunni en bæði Crystal Palace og Hull City. Eftir erfiða mánuði fyrir áramót leit út fyrir að Gylfi og félagar væru á góðri leið með að bjarga sæti sínu í deildinni.

Stiga- og markaþurrð

Hlutirnir eru hins vegar fljótir að breytast í boltanum og uppkoma Crystal Palace og Hull City síðustu vikur hefur slegið í takt við stiga- og markaþurrð velska liðsins.

Eftir 1-0 tap fyrir West Ham á laugardaginn er Swansea aftur komið niður í fallsæti. Crystal Palace vann Arsenal 3-0 á mánudagskvöldið og hefur fengið átta fleiri stig en Swansea í síðustu fimm leikjum. Sömu sögu er að segja af Hull þrátt fyrir tap fyrir Manchester City um helgina.

Verður alltaf keyptur í sumar

Gylfi þarf nú örugglega ekki að hafa miklar áhyggjur af því að spila ekki í ensku úrvalsdeildinni á næsta tímabil hvernig sem fer enda mikill áhugi hjá nokkrum úrvalsdeildarliðum að kaupa hann í sumar. Eftir frábæran tíma hjá Swansea væri aftur á móti afar leiðinlegt að skilja við liðið sem Championship-lið.

Það hefur verið algjört stiga- og markahallæri hjá Swansea síðustu vikur og þar hefur vantað það sem hefur haldið liðinu á floti í vetur eða sköpun frá Gylfa Þór Sigurðssyni. Gylfi kom að marki í sjö leikjum í röð frá 21. janúar til 11. mars og Swansea vann fjóra af þeim og komst alla leið upp í fimmtánda sætið eftir sigur á Englandsmeisturum Leicester City 12. febrúar.

51%

Gylfi Þór hefur skorað eða gefið stoðsendingu í 19 af 37 deildarmörkum Swansea.

729 markalausar mínútur

Gylfi hefur nú ekki skorað í átta leikjum í röð, samtals 729 mínútur, og íslenski landsliðsmaðurinn hefur enn fremur ekki komið að marki í síðustu fjórum leikjum Swansea. Gylfi kom síðast að marki í 2-1 tapi fyrir Hull 11. mars síðastliðinn. Hann hefur nú spilað í 360 mínútur án þess að skapa mark fyrir sitt lið. Síðan er liðinn einn mánuður og á þessum 30 dögum hefur staða Swansea versnað mikið.

Gylfi hefur komið með beinum hætti að 19 af 37 mörkum Swansea-liðsins í ensku úrvalsdeildinni í vetur með því annaðhvort að skora (8) eða gefa stoðsendingu (11) og það þarf því ekki að koma mikið á óvart að liðið hefur ekki skorað mikið í þessum undanförnum fjórum leikjum.

Swansea er aðeins með eitt stig og eitt mark í þessum fjórum síðustu leikjum þar sem Gylfi hefur ekki náð að búa til mark. Á sama tíma hefur liðið farið úr sextánda sæti niður í fallsæti. Það sem er mesta áhyggjuefnið er að Swansea hefur ekki verið að ná í mörg stig í innbyrðisleikjum á móti liðum í neðri hluta deildarinnar eins og Hull City, Bournemouth, Middlesbrough og West Ham.

Missa stigin til fallbaráttuliða

Uppskeran úr leikjum á móti þeim undanfarinn mánuð eru aðeins eitt stig sem kom í markalausu jafntefli við Middlesbrough. Hinir leikirnir hafa tapast og það boðar ekki gott að bæði missa af stigum og færa um leið helstu keppninautunum mikilvæg stig í innbyrðisbaráttu liðanna um að vera áfram í ensku úrvalsdeildinni 2017-18.

Næsti leikur Gylfa og félaga er á móti Watford um komandi helgi. Þar fær Gylfi tækifæri til að slá tvær flugur í einu höggi – binda enda á þessa fyrrnefndu bið og ná um leið að koma að marki í fyrsta sinn á móti Watford í ensku úrvalsdeildinni. Eitt er víst – Swansea þarf lífsnauðsynlega á því að halda.

ooj@frettabladid.is

Gylfi á árinu 2017

Janúar				
3. - Crystal Palace	**2-1**	sigur	STOÐSENDING	
14. - Arsenal	**0-4**	tap		
21. - Liverpool	**3-2**	sigur		MARK
31. - Southampton	**2-1**	sigur		MARK
Febrúar				
5. - Manchester City	**1-2**	tap		MARK
12. - Leicester	**2-0**	sigur	STOÐSENDING	
25. - Chelsea	**1-3**	tap	STOÐSENDING	
4. - Burnley	**3-2**	sigur	STOÐSENDING	
11. - Hull	**1-2**	tap	STOÐSENDING	
18. - Bournemouth	**0-2**	tap		
Apríl				
2. - Middlesbrough	**0-0**	jafntefli		
5. - Tottenham	**1-3**	tap		
8. - West Ham	**0-1**	tap		

729 MÍNÚTUR ÁN MARKS

360 MÍNÚTUR ÁN STOÐSENDINGAR

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. apríl 2017

14. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Taconic með 150 milljarða undir á Íslandi

Hefur tilkynnt FME að sjóðurinn vilji verða metinn hæfur sem virkur eigandi Arion. Kaup vogunarsjóða á bankanum drifin áfram af Taconic sem veðjar á hagsveifluna á Íslandi. » 6



»2

VÍS keypti 3% í Kviku banka

Tryggingafélagið VÍS hefur gengið frá kaupum á 3,06 prósenta hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ) í Kviku. VÍS á nú 25 prósent í fjárfestingabankanum.

»2

Hefja samkeppni við Nasdaq

Starfsleyfisumsókn Verðbréfamiðstöðvarinnar hf. var skilað inn í síðasta mánuði. Eigendurnir vilja hefja rekstur í sumar og hafa safnað 300 milljónum króna í hlutafé.

»8

Virði Haga hækki um sex milljarða

Markaðsvirði Haga gæti aukist um allt að 5,8 milljarða króna ef sala áfengis verður gefin frjáls.

Blaðastandarnir fyrir utan skrifstofu Fréttatímans eru nú tómir. Stærstu hluthafarnir eru farnir úr stjórn útgáfufélagsins . FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tap Fréttatímans nam 151 milljón og tífaldaðist

Morgundagur ehf., útgáfufélag Fréttatímans, tapaði 151 milljón króna á rekstri fjölmiðilsins í fyrra. Tapið meira en tífaldaðist miðað við árið 2015 þegar afkoman var neikvæð um 13,5 milljónir króna

Þetta kemur fram í rekstrarreikningi Morgundags fyrir 2016 sem Markaðurinn hefur undir höndum. Samkvæmt honum jukust auglýsingatekjur fjölmiðilsins úr 383 milljónum árið 2015 í 504 milljónir í fyrra. Útgáfukostnaður Morgundags nam 369 milljónum samanborið við 231 milljón árið á undan. Laun og annar starfsmannakostnaður jókst um 99,7 milljónir milli ára og var í árslok 2016 um 223 milljónir. Rekstrartap fjölmiðilsins fyrir fjármunatekjur og gjöld nam 137,6 milljónum.

Útgáfudögum blaðsins var fjölgað úr einum í tvo og síðan þrjá í kjölfar aðkomu nýrra eigenda að útgáfunni í nóvember 2015. Í þeim hópi voru meðal annars þeir Gunnar Smári Egilsson, fráfarandi ritstjóri Fréttatímans, Valdimar Birgisson, auglýsingastjóri blaðsins, og Sigurður Gísli Pálmason, fjárfestir og einn eigenda IKEA á Íslandi. Þremenningarnir mynda núverandi eigendahóp fjölmiðilsins en líkt og komið hefur fram er óljóst um framtíð hans og hvort fleiri tölublöð muni líta dagsins ljós. Um tíu starfsmenn hafa ekki enn fengið greidd laun fyrir marsmánuð og hefur Gunnar Smári, stærsti eigandi blaðsins, sagt skilið við fjölmiðilinn og undirbýr hann nú stofnun Sósíalistaflokks Íslands.

Gunnar og Sigurður Gísli sögðu sig í gær úr stjórn Morgundags og er nú enginn skráður stjórnarmaður hjá félaginu. **– hg**

Gunnar Smári Egilsson, stærsti eigandi Morgundags.

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

Ætla í samkeppni við Nasdaq í sumar

Starfsleyfisumsókn Verðbréfamiðstöðvarinnar hf. var skilað inn í síðasta mánuði. Eigendurnir vilja hefja rekstur í sumar og búið er að ganga frá innleiðingu tölvukerfis. Búið er að kalla inn allt hlutafé eða 300 milljónir króna.

Eigendur Verðbréfamiðstöðvarinnar hf. skiluðu starfsleyfisumsókn til fjármálaráðuneytisins í síðasta mánuði og vilja hefja rekstur í sumar og þá samkeppni við Nasdaq á Íslandi. Samkvæmt heimildum Markaðarins er búið að kalla inn allt hlutafé félagsins eða 300 milljónir króna en eigendahópurinn samanstendur af Arion banka, Íslandsbanka, fimm lífeyrissjóðum og einkafjárfestum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur þrjá mánuði til að fara yfir umsóknina en stefnt hefur verið að opnun nýju verðbréfamiðstöðvarinnar síðan 2015. Búið er að ganga frá kaupum og innleiðingu á tölvukerfi félagsins. Verðbréfamiðstöðin mun sjá um útgáfu, vörslu og uppgjör verðbréfa fyrir lífeyrissjóði, fjármálafyrirtæki og hið opinbera eða veita sömu þjónustu og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. býður nú.

Einar S. Sigurjónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands á árunum 1998 til 2013, og Arnar Arinbjarnarson, fjárfestir og fyrrverandi yfirmaður viðskiptaþróunar MP banka, eiga samtals um 20 prósenta hlut í félaginu og lögmennirnir Daði Bjarnason og Jóhann Tómasson um tíu prósent í gegnum félag sitt Lagahvol slf. Hluthafarnir eru alls tíu talsins og eiga allir álíka mikið en þar má einnig finna Lífeyrissjóð verslunarmanna, Gildi-lífeyrissjóð, Almenna lífeyrissjóðinn, Sameinaða lífeyrissjóðinn og Lífsverk. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins leita þeir nú að hentugu húsnæði undir starfsemina.

Stjórn Verðbréfamiðstöðvarinnar er skipuð þeim Gísla Kr. Heimissyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra rekstrarsviðs MP banka, Vilmundi Jósefssyni, fyrrverandi formanni Samtaka atvinnulífsins og stjórnarmanni í Vodafone, og Sigþrúði Ármann, lögfræðingi og framkvæmdastjóra EXEDRA. Einar er framkvæmdastjóri félagsins en ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar.

Hluthafarnir ætla sér í beina samkeppni við Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. sem er aftur í eigu bandarísku kauphallarsamstæðunnar NasdaqOMX. Ekkert annað félag hér á landi er nú með starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og Nasdaq því í einokunarstöðu. Eigendur félagsins hafa hagnast verulega á rekstri þess á undanförnum árum en afkoma þess eftir skatta árið 2015 batnaði um 60 milljónir króna milli ára og nam samtals tæplega 328 milljónum. Það jafngilti um 54 prósenta ávöxtun eigin fjár en það var 607 milljónir í árslok 2015. **haraldur@frettabladid.is**

Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. hefur um árabil haft einokunarstöðu á markaði með skráningu verðbréfa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

328

milljóna hagnaður varð af rekstri Nasdaq verðbréfamiðstöðvar árið 2015.

VÍS kaupir 3% hlut ESÍ í Kviku banka

Tryggingafélagið VÍS hefur gengið frá kaupum á 3,06 prósenta hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ) í Kviku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Eftir kaupin á VÍS liðlega 25 prósenta hlut og er langsamlega stærsti einstaki hluthafi fjárfestingabankans. Hlutur ESÍ var auglýstur til sölu um miðjan síðasta mánuð.

Áður hafði VÍS staðið fyrir kaupum á tæplega 22 prósenta hlut í Kviku í ársbyrjun og nam heildarkaupverðið þá um 1.655 milljónum króna. Ekki fást staðfestar upplýsingar um hvað félagið greiddi fyrir hlut Seðlabankans í Kviku en ef gengið var hið sama og í janúar síðastliðnum, þegar VÍS keypti bréf í bankanum fyrir 5,4 krónur á hlut, þá nemur kaupverðið um 230 milljónum króna.

Í hluthafahópi Kviku eru jafnframt tveir stærstu einkafjárfestarnir í VÍS með samanlagt fimmtán prósenta hlut. Hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, fyrrverandi aðaleigendur Skeljungs, eignuðust þannig ríflega átta prósenta hlut í bankanum í desember 2016 auk þess sem félagið Grandier ehf., sem er í eigu Sigurðar Bollasonar og meðfjárfesta, keypti á sama tíma um sjö prósent. VÍS og stórir hluthafar í félaginu eiga því núna samanlagt um 40 prósenta hlut í Kviku banka.

Svanhildur Nanna var sem kunnugt er kjörin stjórnarformaður VÍS þann 15. mars síðastliðinn og tveimur vikum síðar tilkynnti Hersdís Dröfn Fjeldsted, sem hafði áður gegnt starfi stjórnarformanns, að hún hefði ákveðið að segja sig úr stjórn félagsins. Þá var Guðmundur Örn jafnframt kjörinn í stjórn Kviku banka fyrir skemmstu.

Fram kom í fréttaskýringu Markaðarins í síðustu viku, þar sem greint var frá því hvernig einkafjárfestar í hluthafahópi VÍS væru búnir að ná völdum í stjórn tryggingafyrirtækisins, að með þeim breytingum sem orðið hafa á stjórn þess væru auknar líkur á því að félagið muni áður en langt um líður falast eftir meirihluta í Kviku. Þannig er vitað að helstu einkafjárfestar VÍS, sem eiga núna þrjá af fjórum fulltrúum í stjórn félagsins, hafa talað hvað mest fyrir sameiningu eða frekari kaupum í Kviku, meðal annars í því skyni að ná fram samlegðaráhrifum í eignastýringarstarfsemi. **– hae**

VÍS og stórir hluthafar í félaginu eiga núna 40% í Kviku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

25%

hlut á tryggingafélagið VÍS í Kviku banka eftir kaupin á hlut Seðlabankans



Mazda bílar eru hannaðir
af ástríðu, hvert einasta
smáatriði vel ígrundað og
úthugsað. Hönnuðir Mazda
leggja hjarta sitt og sál í
að hanna bíla sem uppfylla
ströngustu kröfur þínar
um þægindi, akstursupplifun,
gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA

Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050

mazda.is

Eigendum Brims neitað um rannsókn

Enn annar kafli í deilum eigenda Brims og VSV var skrifaður í síðustu viku þegar beiðni um skipun rannsóknarmanna vegna Ufsabergsmálsins var hafnað. Forstjóri Brims segir ráðuneyti hafa fellt dóm en framkvæmdastjóri VSV er ánægður með niðurstöðuna.

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, vildi að rannsóknarmenn skoðuðu samruna VSV og Ufsabergs.

„Mér finnst skrýtið að ráðuneytið skuli hafa dæmt í málinu en við héldum að þeir ættu einungis að skipa rannsóknarmenn. Það er umhugsunarefni hvort minnihlutavernd sé enn við lýði í hlutafélögum á Íslandi," segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, um niðurstöðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um að hafna beiðni sjávarútvegsfyrirtækisins um skipan rannsóknarmanna svo rannsaka mætti tiltekna þætti í starfsemi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (VSV) og meðferð eigin fjár í tengslum við samruna VSV og útgerðarinnar Ufsabergs sem samþykkt var í október 2014.

Guðmundur vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið en ráðuneytið sendi eigendum Brims og VSV niðurstöðu sína í fimmtán blaðsíðna greinargerð sem var í kjölfarið birt á vef síðarnefnda fyrirtækisins á föstudag. Brim, sem er í eigu Guðmundar og Hjálmars Kristjánssona, á 33 prósenta hlut í VSV en átök þeirra bræðra og hóps Vestmannaeyinga sem eiga meirihluta í félaginu eiga sér um tíu ára sögu. Deilurnar náðu hámarki þegar VSV keypti hluti í Ufsabergi árin 2008 og 2011 en bræðurnir voru ósáttir við þá ákvörðun og síðar samruna fyrirtækjanna tveggja.

Fengu endurupptöku

Brim og einkahlutafélagið Stilla útgerð, sem fór þangað til í mars 2016 með 25 prósent af eignarhlut bræðranna í VSV, fóru fram á að ráðuneytið skipaði rannsóknarmenn. Stilla útgerð bar á aðalfundi VSV þann 2. júní 2015 upp tillögu þess efnis að þeir yrðu tilnefndir með vísan til laga um hlutafélög og fékk hún fylgi hluthafa umfram það lágmark sem ákvæði laganna tilgreinir. Í bréfi til ráðuneytisins í lok þess mánaðar fóru bræðurnir fram á að afhending hlutafjár í eigu félagsins til eigenda Ufsabergs yrði rannsökuð sem og verðmat á eignunum í viðskiptunum og hvort hagsmunir félagsins hafi verið fyrir borð bornir.

Rúmu ári síðar héldu eigendur Brims því fram, í öðru bréfi til ráðuneytisins, að raunverulegur tilgangur samrunans við Ufsaberg hefði verið að þynna út hlutafjáreign og völd minnihlutans til hagsbóta fyrir aðra hluthafa og aðstandendur þeirra. Bræðurnir höfðu þá farið fram á að málið yrði endurupptekið, vegna niðurstöðu Hæstaréttar í júní 2016 sem heimilaði samrunann. Héraðsdómur Suðurlands hafði áður ógilt samrunann eða í nóvember 2015 og töldu bræðurnir þá niðurstöðu færa enn frekari rök fyrir að tilnefna ætti rannsóknarmenn.

„Enginn dómur"

Ráðuneytið rökstyður niðurstöðuna um að hafna rannsóknarbeiðni Brims með vísun til álits Umboðsmanns Alþingis á því hvað skuli teljast „nægilegar ástæður" til þess að fallist sé á tilmæli minni hluthafa um tilnefningu rannsóknarmanna í félagi. Það eigi einungis við þegar fyrir liggur alvarlegur grunur um óviðeigandi eða óréttmæta háttsemi innan félags svo komið sé í veg fyrir að slík rannsókn sé notuð sem almennt úrræði til óskilgreindrar leitar í fyrirtæki eða tæki til hótana. Ekki væru komnar fram nægjanlegar ástæður til að samþykkja tilmæli um tilnefningu rannsóknarmanna.

> **Ráðuneytið segir að það sé ekkert tilefni til að fá að þessu rannsóknarmenn. Þetta er enginn dómur heldur einungis niðurstaða.**
>
>
>
> Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV

„Ráðuneytið segir að það sé ekkert tilefni til að fá að þessu rannsóknarmenn. Þetta er enginn dómur heldur einungis niðurstaða. Við höfum komið með öll gögn og allt upp á borðið og ráðuneytið telur einfaldlega ekki tilefni til rannsóknar," segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV, í samtali við Markaðinn.

Hluturinn þynntist

Brim eignaðist þriðjungshlutinn í VSV um miðjan mars í fyrra þegar Guðmundur og Hjálmar færðu öll bréf Stillu útgerðar, og önnur sem þeir áttu, í félaginu yfir á sjávarútvegsfyrirtæki sitt. Bræðurnir höfðu skömmu áður keypt tæpan tveggja prósenta hlut í VSV. Í árslok 2015 áttu þeir 25 prósent í VSV í gegnum Stillu og átti Guðmundur þar að auki fjögur prósent í eigin nafni og Hjálmar 1,85 prósent í gegnum KG Fiskverkun ehf. Bréf þeirra í fyrirtækinu í Vestmannaeyjum voru fyrir ári metin á 11,5 milljarða króna.

Bræðurnir stefndu í kjölfarið að tveimur stjórnarsætum í VSV og einum manni í varastjórn. Guðmundur sagði þá í samtali við DV að eigendur Brims hefðu talið áherslur meirihlutaeigenda fyrirtækisins hefðu ekki verið réttar og það því dregist aftur úr öðrum stórum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þegar sameining VSV og Ufsabergs gekk svo í gegn í júní í fyrra þynntist eignarhlutur Brims úr um 34 prósentum í 32,88.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hafnaði í ágúst í fyrra kröfu Brims um lögbann á hluthafafund VSV sem haldinn var í lok þess mánaðar. Á þeim fundi var ný stjórn félagsins kjörin en krafan um lögbann átti rætur að rekja til deilna um stjórnarkjör á aðalfundi VSV þann 6. júlí sama ár. Þar náðu eigendur Brims einungis inn einum aðalmanni í stjórn og gerðu í kjölfarið athugasemdir við hvernig staðið var að stjórnarkjörinu. Stjórn VSV samþykkti í kjölfarið að boða til hluthafafundarins og var skipan hennar óbreytt í kjölfarið.

Ingvar Eyfjörð, eigandi Álftavíkur ehf., var fulltrúi eigenda Brims í stjórn VSV frá ágúst í fyrra og þangað til í síðustu viku. Guðmundur Kristjánsson var þá aftur kjörinn í stjórn félagsins í stað Ingvars.

Höfnin tapaði 428 milljónum króna

Reykjaneshöfn tapaði 427,8 milljónum króna í fyrra og var bókfært eigið fé hennar þá neikvætt um 5.455 milljónir króna. Þetta kom fram í tilkynningu hafnarinnar til Kauphallar Íslands en eiginfjárhlutfall hennar var neikvætt um 179 prósent í árslok 2016.

Samkvæmt ársreikningi Reykjaneshafnar, sem er í eigu Reykjanesbæjar, var í fjárhagsáætlun hennar fyrir 2016 gert ráð fyrir að kísilver United Silicon í Helguvík myndi hefja starfsemi á árinu. Það gekk eftir en þó seinna en fyrirhugað var. Einnig var reiknað með að uppbygging á kísilveri Thorsil ehf. myndi hefjast á næstu lóð með auknum tekjum því samfara fyrir höfnina. Fjármögnun Thorsil hefur aftur á móti dregist, og enn er langt í land, eins og kom fram í Markaðnum í síðustu viku.

„Það leiddi til þess að tekjuáætlanir ársins breyttust verulega miðað við samþykkta fjárhagsáætlun. Tekjuaukning varð þó á árinu umfram áætlun í öðrum þáttum starfseminnar vegna aukinnar skipaumferðar. Einnig var aukning í þjónustutekjum og vörugjöldum sem má rekja meðal annars til framkvæmda á Keflavíkurflugvelli ásaumt aukningu á flugumferð um völlinn," segir í ársreikningnum.

Reykjaneshöfn á enn í viðræðum við kröfuhafa sína en þær hafa farið fram síðan í lok 2015. Þá lá fyrir að höfnin gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar en nú er vonast til að viðræðum ljúki á þessu ári. Þangað til leikur vafi á rekstrarhæfi hafnarinnar þrátt fyrir að uppbygging í Helguvík eigi að leiða til tekjuaukningar á komandi árum. – hg

Tafir á framkvæmdum í Helguvik hafa sett strik í reikninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HP Spectre

Einstök hönnun og nánast fullkomin

Ótrúlega þunn og létt fartölva sem á sér enga líka

Ótrúlega þunn, aðeins 10.4 mm og 1.1 kg.

Einstök rafhlöðuending, ný „hybrid“ tækni.

Frábært hljóð frá Bang & Olufsen.

Intel® Core™ i5 eða i7 og Thunderbolt 3.0 tengi.

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/premium

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

Sá sem stýrir félaginu sem heldur utan um hlut Taconic Capital í Arion banka – og hefur allt ákvörðunarvald um fjárfestingar þess – er Frank Brosens, eigandi sjóðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Vogunarsjóðurinn sem veðjar á Ísland

Fimm árum eftir að Taconic keypti kröfur á Kaupþing nemur fjárfesting sjóðsins á Íslandi um 150 milljörðum króna. Kaup á 30% í Arion drifin áfram af Taconic. Tilkynnti FME í síðustu viku að sjóðurinn vilji eignast virkan hlut. Seldi allt í skráðum félögum á árinu.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Fjárfesting bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital, sem leiddi þann hóp erlendra fjárfesta sem keypti í síðasta mánuði tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka, í kröfum á íslensk félög, ríkisskuldabréfum og hlutafé fyrirtækja, nemur í dag yfir 150 milljörðum króna. Þar munar langsamlega mest um tæplega 40 prósenta hlut Taconic Capital í Kaupþingi. Sjóðurinn meira en tvöfaldaði hlut sinn í fyrra með uppkaupum á bréfum annarra hluthafa, meðal annars með kaupum á sex prósenta hlut Seðlabankans fyrir um 19 milljarða, en miðað við áætlaðar endurheimtur má gera ráð fyrir að hlutur Taconic Capital í Kaupþingi sé núna í kringum 130 milljarða króna virði.

Sú fjárfesting mun aukast enn frekar á næstunni þegar vogunarsjóðurinn hyggst bæta við hlut sinn í Arion banka. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur vogunarsjóðurinn, sem keypti 9,99 prósenta hlut fyrir 16,7 milljarða, sent tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins (FME) þar sem hann fer þess á leit að hefja formlega það ferli að vera metinn hæfur til að fara með virkan eignarhlut í bankanum. Var tilkynning Taconic Capital send til FME síðastliðinn fimmtudag en stofnunin hefur 60 virka daga til að afgreiða umsóknina frá staðfestingu fullbúinnar tilkynningar.

Attestor næstir í röðinni

Þrátt fyrir að Taconic Capital fari ekki sem stendur með virkan eignarhlut, sem miðast við tíu prósenta hlut í fjármálafyrirtæki, þá hefur verið mjög rík krafa á meðal stjórnmálamanna að FME framkvæmi sem fyrst hæfismat á hinum nýju hluthöfum Arion banka. Tilkynning vogunarsjóðsins til Fjármálaeftirlitsins í síðustu viku um að hefja slíkt hæfismat er vegna yfirlýstra áforma Taconic Capital – og tveggja annarra sjóða sem keyptu jafnframt hlut í bankanum af Kaupþingi – að nýta sér kauprétt síðar á árinu og eignast þannig meira en tíu prósenta hlut í bankanum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins stefnir vogunarsjóðurinn Attestor Capital, sem á sömuleiðis 9,99 prósenta hlut í Arion banka, að því að tilkynna FME um að hann hyggist eignast virkan eignarhlut í bankanum fyrir eða strax eftir páska. Á meðan undirbúningur og vinna Fjármálaeftirlitsins stendur yfir um að meta hvort sjóðirnir uppfylli kröfur um að gerast virkir eigendur að fjármálafyrirtæki hafa þeir, eins og fram hefur komið í tilkynningu frá FME, fallist á að eignarhlutum þeirra í Arion banka fylgi ekki atkvæðisréttur. Vogunarsjóðirnir eru því í reynd áhrifalausir hluthafar á meðan beðið er niðurstöðu þess hæfismats.

Kaupin drifin áfram af Taconic

Fjárfestarnir sem standa að kaupunum á Arion banka – Taconic Capital, Attestor Capital, Och-Ziff Capital og Goldman Sachs – eru sem kunnugt er jafnframt stærstu hluthafar Kaupþings en samanlagður hlutur þeirra í félaginu nemur um 70 prósentum. Á tímabili leit þó út fyrir að Taconic Capital yrði eini sjóðurinn sem myndi kaupa í bankanum. Frá og með haustinu 2016, samhliða því að Kaupþing átti í viðræðum við ráðgjafa íslenskra lífeyrissjóða um kaup á stórum hlut í bankanum í lokuðu útboði, voru uppi áform um að einhverjir í hluthafahópi Kaupþings myndu skuldbinda sig til að fjárfesta í Arion banka á sama gengi og lífeyrissjóðirnir.

Taconic Capital gerði þannig strax tilboð í hlut í bankanum í desember í fyrra, samkvæmt heimildum Markaðarins, en á þeim tíma voru aðrir fjárfestingasjóðir á meðal hluthafa Kaupþings ekki reiðubúnir að gera slíkt hið sama. Sú afstaða tók hins vegar breytingum á þessu ári og um tveimur mánuðum síðar, eða þann 12. febrúar, náðist samkomulag, með ýmsum fyrirvörum, um að fjórir stærstu hluthafar Kaupþings myndu kaupa 29,2 prósenta hlut í Arion banka auk þess að eiga kauprétt að um 22 prósenta hlut til viðbótar síðar á árinu – áður en fyrirhugað útboð og skráning á bankanum fer fram. Kaupverðið nam 48,8 milljörðum, eða á genginu rúmlega 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka í lok þriðja ársfjórðungs 2016. Eftir að tilkynnt var formlega um kaupin 19. mars var frekari viðræðum við lífeyrissjóðina slitið en þeir höfðu haft uppi áform, enda þótt ekki hafi verið búið að skrifa undir neitt samkomulag á þeim tíma, um að eignast 20 til 25 prósenta hlut í Arion banka.

Fjárfesting Taconic Capital í eignum og félögum

FJÁRFESTING	HLUTUR	MARKAÐSVIRÐI
Kaupþing	40%	130 milljarðar
Arion banki	9,99%	17 milljarðar
Íslensk ríkisskuldabréf		5 til 10 milljarðar
Glitnir	23%	5 milljarðar

> **Efnahagsumhverfið er mjög gott og núna þegar Ísland er að brjótast út úr höftum virðist það ætla að vaxa jafnvel hraðar en við bjuggumst við**
>
> Frank Brosens, eigandi Taconic

Veðjar á hagsveifluna

Í krafti eignarhlutar síns í Kaupþingi hefur Taconic Capital haft afar mikil ítök í söluferli Arion banka á undanförnum mánuðum og misserum. Til marks um þau áhrif sjóðsins innan Kaupþings þá voru þeir Paul Copley, núverandi stjórnarmaður og forstjóri, og John P. Madden, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, fengnir til liðs við félagið í ársbyrjun 2016 fyrir tilstuðlan Keiths Magliana, en hann hefur stýrt umsvifum Taconic Capital hér á landi frá því að sjóðurinn keypti fyrst kröfur á Kaupþing 2012. Í kjölfarið var Madden kjörinn í stjórn Arion banka í september í fyrra og er hann sá eini í stjórn bankans með bein tengsl við Kaupþing.

Þrátt fyrir að sjóðurinn sjái fyrir sér að hægt verði að ná fram hagræðingu í rekstri Arion banka – og þannig mögulega losa um hlut sinn með hagnaði eftir að hann verður skráður á markað – þá er fjárfesting hans í bankanum, að sögn þeirra sem þekkja vel til, ekki síður hugsuð sem veðmál á hagsveifluna á Íslandi. Til marks um það er Taconic Capital hlutfallslega minnst varinn gagnvart gengissveiflum krónunnar í tengslum við kaup sjóðanna á hlut í Arion banka. Þannig er vogunarsjóðurinn með samninga um gengisvarnir sem nema undir 40 prósentum af fjárfestingu hans í bankanum, samkvæmt heimildum Markaðarins, en til samanburðar gerði Och-Ziff Capital gjaldmiðlaskiptasamninga sem tryggja að fjárfesting sjóðsins er að stærstum hluta varin fyrir gengi krónunnar.

Spurður af hverju sjö milljarða dala vogunarsjóður væri að fjárfesta í viðskiptabanka á Íslandi, benti

Fólk

MIÐVIKUDAGUR 12. APRÍL 2017

Viðburðir

Vigdís Eva Líndal setur allan pappír, plast, ál og gler í endurvinnslu og er meðvituð um matarsóun.

Endurvinnsla ➔8

KitchenAid hefur alla tíð verið eitt vinsælasta vörumerkið á Íslandi. Við innkomuna í heimilistækjadeild Raflands blasir við þessi glæsilega útstilling á nýju koparlituðu hrærivélinni. MYNDIR/EYÞÓR

Sameinar allt það besta

Rafland er ný verslun sem opnuð var í Síðumúla í Reykjavík í síðustu viku. Verslunin byggir á tveimur kunnuglegum raftækjaverslunum, Sjónvarpsmiðstöðinni og Einari Farestveit. Rafland býður upp á gott úrval heimilistækja, sjónvarpa og ýmissa raftækja frá þekktum vörumerkjum.

Framhald af forsíðu

Ný og glæsileg verslun var opnuð í Síðumúla 2-4 í Reykjavík í síðustu viku undir nafninu Rafland. Þar sameinast undir einu nafni rekstur tveggja kunnuglegra raftækjaverslana, Sjónvarpsmiðstöðvarinnar og Einars Farestveit, og mun nýja verslunin selja gott úrval heimilistækja, sjónvarpa og ýmissa raftækja að sögn Dísu Sigurðardóttur, markaðsfulltrúa Raflands. „Nýja verslunin sameinar allt það besta úr Sjónvarpsmiðstöðinni og Einari Farestveit. Sjónvarpsmiðstöðin hefur lengi verið með eitt mesta úrval landsins af sjónvörpum, hljómtækjum, hátölurum og tengdum vörum á meðan Einar Farestveit var þekktust fyrir KitchenAid hrærivélarnar en bauð einnig upp á gott úrval af vönduðum heimilistækjum auk Saeco kaffivélanna sem hafa verið vinsælar á Íslandi undanfarna áratugi."

Verslanirnar buðu ekki bara upp á góðar vörur, þær áttu einnig sameiginlegt að leggja mikið upp úr sérþekkingu starfsmanna og að veita góða þjónustu segir Dísa. „Verslanirnar eiga því vel saman sem ein heild og í Raflandi verður lögð enn meiri áhersla á hágæða heimilis- og raftæki. Sem fyrr verður áhersla lögð á frábæra þjónustu og til að mynda var sett upp ný heimasíða við sameininguna þar sem sameinað úrval er komið saman á einum stað."

Nýr vefur

Hún segir nýju heimasíðuna vera afar notendavæna og aðgengilega. „Þar er bæði hægt að leita eftir vörumerkjum og vörutegundum, slá inn leitarorð og þrengja leitina talsvert. Vefurinn er myndrænn og fallegur svo það er auðvelt að vafra líka og skoða úrvalið. Við erum einnig með netklúbb á vefnum en þeir sem skrá sig í hann fá send tilboð og önnur fríðindi sem aðrir fá ekki."

Stærstu vörumerki Raflands eru KitchenAid og LG að sögn Dísu en verslunin selur einnig vörur frá fjölda annarra heimsþekktra vörumerkja á borð við Dyson, JBL, Beko, Tefal, OBH Nordica, Sonos, Panasonic, Grundig, Harman Kardon og Yamaha svo nokkur séu nefnd. „Þetta spannar allan skalann, allt frá ódýrari vörum yfir í dýrari lúxusmerki, frá litlum heimilistækjum upp í stærri heimilistæki og svo yfir í sjónvörp, raftæki, hljómtæki og hátalara. Rafland býður bæði upp á ódýr tæki en einnig úrval af betri lúxusraftækjum."

KitchenAid vélarnar njóta sín í öllum regnbogans litum.

Í Raflandi fæst úrval af gæðaþvottavélum og -þurrkurum.

Í nýja sjónvarpsrýminu má auðveldlega finna sjónvarp við allra hæfi.

Innbyggðu lúxuseldhústækin frá KitchenAid hafa ekki áður sést á Íslandi.

Rafland selur potta og pönnur frá WMF og Tefal. Einnig glæsilega hífa sem njóta sín en eru ekki lýti á eldhúsinu.

Stolt af starfsfólkinu

Verslun Einars Farestveit var áður í Borgartúni en hefur nú verið færð í Síðumúla 4 og er nú Heimilistækjadeild Raflands. „Verslunin í Síðumúla 4 er miklu stærri en verslunin var í Borgartúni svo úrvalið hefur verið stóraukið frá því sem áður var. Þetta er án efa ein af glæsilegri heimilistækjaverslunum borgarinnar. Þar má m.a. sjá hágæða KitchenAid ofna sem ekki hafa sést áður á Íslandi, hífa í öllum stærðum og gerðum, metralöng helluborð og svona mætti áfram telja."

> **Við viljum veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu ásamt því að selja þeim hágæða raftæki sem eru bæði falleg og notendavæn.** Dísa Sigurðardóttir

Sjónvarps- og raftækjadeildin í Síðumúla 2 hefur einnig fengið yfirhalningu og skartar núna glæsilegu sjónvarpssýningarými, þar sem nýjustu OLED tækin frá LG njóta sín til hins ýtrasta, að sögn Dísu.

Rafland er stolt af sérþekkingu starfsmanna sinna og leggur mikið upp úr þjónustulund, segir Dísa. „Sjónvarpsmiðstöðin og Einar Farestveit voru bæði rótgróin fyrirtæki og bæði höfðu verið starfrækt í um hálfa öld. Starfsfólk beggja fyrirtækja var margt búið að starfa þar lengi og meðalstarfsaldur er yfir tíu ár. Þetta hefur ekki breyst, við höfum ennþá sama starfsfólkið og sömu reynsluboltana á bak við hvora deild fyrir sig í Raflandi. Við viljum veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu ásamt því að selja þeim hágæða raftæki sem eru bæði falleg og notendavæn."

Nánari upplýsingar má finna á www.rafland.is.

BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery
REYKJAVÍK

ELDHÚS OPIÐ * FIM-LAU 11.30-23.00 * SUN-MIÐ 11.30-22.00

Páskalambið hennar mömmu á Bryggjunni Brugghús um páskana

Talið verður í sannkallaða fjölskyldustemmningu yfir páskahelgina á Bryggjunni Brugghús. Á boðstólnum verður dýrindis lambalæri með öllu tilheyrandi að hætti mömmu. Fyrir þá sem leggja sér ekki ferfættlinga til munns verður einnig léttsaltaður þorskur á boðstólum. Ásamt hefbundnum matseðli. Innifalið er páskabjór Bryggjunnar eða Malt og Appelsín. 4.990 kr á mann.

FERSKLEIKI FÁGMENNSKA
KJÖTBANKINN

Vinsamlegast athugið að lámarksfjöldi fyrir bókun á heilu lambalæri eru 4 og skal bókað með minnst 24 klukkustunda fyrirvara. Til þess að bóka borð hafið samband við booking@bryggjanbrugghus.is eða hringið í síma 456 4040.

Bruggtúrar og Bjórskóli fyrir vini og fyrirtæki

Bruggmeistarinn miðar að því að gefa nemendum sínum góða innsýn í hinn spennandi og bragðgóða heim bjórsins. Kennarar okkar leiða nemendur í gegnum gegnum bruggferlið ásamt því að gefa hráefni og sögu bjórsins góð skil.

Opnunartími yfir Páskana er sem hér segir:

Skírdagur:	Opið 11:30 - 24:00
Föstudagurinn Langi	Opið 11:30 - 24:00
Laugardagur	Opið 11:00 - 24:00
Páskasunnudagur:	Opið 11:00 - 24:00
Annar í páskum:	Lokað vegna Árshátíðar starfsmanna

Einsog alla sunnudaga verður lifandi JASS á Páskadag kl 20.00

Gömlu hjónin hittast á ný

Steinunn Jóhannesdóttir og Sigurður Karlsson léku hjónin Guðríði Símonardóttur og Hallgrím Pétursson í leikritinu Tyrkja-Guddu í Þjóðleikhúsinu á níunda áratugnum. Nú hittast þau á ný og flytja Passíusálmana í Hallgrímskirkju í Saurbæ á föstudaginn langa.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Steinunn er vel kunnug skáldskap Hallgríms Pétursonar og sögu hans og Guðríðar, en þekktasta ritverk Steinunnar er heimildaskáldsagan Reisubók Guðríðar Símonardóttur. „Hún er að koma út í Frakklandi núna í nýrri þýðingu. Hún er því alltaf að þvælast svolítið um veröldina, hún Guðríður," segir Steinunn glettin. Passíusálmana þekkir Steinunn einnig afar vel enda hefur hún margsinnis tekið þátt í lestri þeirra og nokkrum sinnum tekið að sér að stjórna þeim. „Ég er eiginlega alltaf í Passíusálmunum um þetta leyti árs. Fyrir fjölmörgum árum fékk ég afkomendur Hallgríms og Guðríðar til að lesa sálmana og á afmælisárinu, þegar 400 ár voru liðin frá fæðingu Hallgríms, stjórnaði ég upplestri fjögurra kvenna á sálmunum í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Við áttum það allar nema ein sameiginlegt að hafa leikið Guðríði á einhverjum tímapunkti," lýsir Steinunn. Hún bendir á að konur hafi leikið mikilvægt hlutverk í útbreiðslu sálmanna. „Hallgrímur sendi afrit af sálmunum til fjögurra kvenna sem hann treysti vel og gerði þær að sínum umboðsmönnum."

Skipta sálmunum á milli sín

Sigurður og Steinunn störfuðu á árum áður sem leikarar og léku meðal annars hjónin Hallgrím og Guðríði í uppsetningu Þjóðleikhússins á Tyrkja-Guddu eftir dr. Jakob Jónsson, leikárið 1983-84. „Við Sigurður höfum lítið sést síðan enda hefur hann að stórum hluta búið í Finnlandi og verið mikilvirkur þýðandi bókmennta úr finnsku og hlotið margvíslega viðurkenningu og lof fyrir verk sín," lýsir Steinunn.

En hvernig vaknaði hugmyndin um að fá Sigurð til að lesa með henni Passíusálmana?

„Hún vaknaði á föstudaginn langa í fyrra. Þá átti Sigurður sjötugsafmæli og um það var getið í blöðunum. Þá áttaði ég mig á því að hann væri alkominn heim og ákvað að spyrja hvort hann vildi lesa sálmana með mér," svarar Steinunn og Sigurður tók vel í það. „Og nú hittumst við „gömlu hjónin" úr Tyrkja-Guddu á ný í Hallgrímskirkju í Saurbæ og ætlum að lifa okkur inn í þennan hjúskap á föstudaginn langa. Við skiptum sálmunum bróðurlega og systurlega á milli okkur og lesum 25 sálma hvort."

Steinunn og Sigurður standa hér við listaverk eftir Einar Jónsson myndhöggvara sem sýnir Guðríði lesa úr Passíusálmunum fyrir Hallgrím. Hún situr með opna bók eða handrit á rúmstokknum en hann rís upp við dogg og hlustar. Að baki þeim er engill. MYND/VILHELM

Sögulegur staður

Fáir staðir eru tengdari sögu Passíusálmanna en Saurbær á Hvalfjarðarströnd. Vorið 1651 settust hjónin Hallgrímur og Guðríður að í Saurbæ þar sem Hallgrímur tók við prestsskap. Þar áttu þau eftir að lifa sín bestu ár saman og þar vann Hallgrímur sín stærstu afrek á sviði skáldskaparins en hann lauk við að yrkja Passíusálmana árið 1659.

Komin er hefð fyrir því að lesa Passíusálmana í Hallgrímskirkju í Saurbæ á föstudaginn langa og Steinunn segir afar hátíðlega og fallega stemningu ríkja í kirkjunni þennan dag. „Hallgrímskirkja í Saurbæ er dásamlega falleg kirkja með notalegan hljómburð og Saurbær stendur einstaklega fallega. Þetta er yndislegur staður að heimsækja enda fjölmargir sem leggja leið sína í kirkjuna þennan dag til að hlusta um stund og íhuga þennan ótrúlega magnaða skáldskap."

Flutningur Passíusálmanna í Hallgrímskirkju í Saurbæ á föstudaginn langa hefst klukkan 13.30 og stendur til á að giska 18.30. Tónlist milli þátta verður í höndum Erlu Rutar Káradóttur.

Steinunn og Sigurður í hlutverkum sínum sem Guðríður Símonardóttir og Hallgrímur Pétursson í uppsetningu Þjóðleikhússins á Tyrkja-Guddu leikárið 1983-84.

ÍTR Laugarnar í Reykjavík www.itr.is | sími 411 5000

UPPSELT Í STÚKU
Á BÁÐUM TÓNLEIKUM!

FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR KL. 15

KVÖLDTÓNLEIKAR KL. 20

ORKUSALAN OG PEPSI MAX KYNNA MEÐ STOLTI

PALLI ÓSKAR

— Í HÖLLINNI —

16. SEPTEMBER

MIÐASALA Á TIX.IS/PALLI

LISTRÆNIR STJÓRNENDUR PÁLL ÓSKAR & STELLA RÓSENKRANZ DANSHÖFUNDUR STELLA RÓSENKRANZ HLJÓÐMYND BJARKI HALLBERGSSON & JAKOB REYNIR JAKOBSSON HLJÓÐHÖNNUN FINNUR RAGNARSSON & ÞRÖSTUR ALBERTSSON BÚNINGAERÐ- OG HÖNNUN COCO VIKTORSSON
SVIÐS- OG LEIKMYNDARHÖNNUÐUR ERLING ÞORGRÍMSSON MYNDBANDAHÖNNUN INGI BEKK LJÓSAHÖNNUN K. FREYR VILHJÁLMSSON GRAFÍK VILLI WARÉN & ÓLÖF ERLA MYNDBANDAGERÐ JONATHAN DUFFY FRAMLEIÐSLUSTJÓRI HRANNAR HAFSTEINSSON TÓNLEIKAHALDARI ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON
HLJÓMSVEITIN TRÖMMUR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN HRAFNKELL ÖRN GUÐJÓNSSON GÍTAR GUÐMUNDUR PÉTURSSON HLJÓÐGERVILL STYRMIR HAUKSSON HLJÓMBORÐ TÓMAS JÓNSSON BASSI VIGNIR RAFN HILMARSSON GÍTAR ÁSGEIR ÁSGEIRSSON
DANSARAR ANAIS BARTHE BERGDÍS RÚN BIRKIR ÖRN KARLSSON BJARNI SÆVAR SVEINSSON BJÖRN DAGUR BJARNASON BRYNJAR BJÖRNSSON BRYNJAR DAGUR ALBERTSSON EVA DRÖFN BENJAMÍNSDÓTTIR HELGA SIGRÚN HERMANNSDÓTTIR
HÖSKULDUR ÞÓR JÓNSSON JAVIER VALINO JÓN EYÞÓR GOTTSKÁLKSSON LUIS LUCAS CABAMBE RAKEL KRISTINSDÓTTIR SAADIA AUÐUR DHOUR VIKTOR LEIFSSON

orkusalan

pepsi MAX

MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS/PALLI OG Í SÍMA 551-1380
NÁNAR HÉR: SENA.IS/PALLI

sena LIVE!

Stefnt að aukinni flokkun

Undirbúningur vegna gas- og jarðgerðarstöðvar sem mun rísa í Álfsnesi árið 2018 er í fullum gangi og liður í því er að auka flokkun úrgangs til endurvinnslu og endurnýtingar.

Grenndargámar sem taka við flokkuðu rusli.

Stórum hluta af því umbúðagleri sem til fellur á höfuðborgarsvæðinu er skilað gegn greiðslu skilagjalds. Áætlað er að um 1.600 tonn séu til viðbótar af umbúðagleri í almennu rusli. Með umbúðagleri er átt við t.d. sultu- og sósukrukkur, matarolíu- og lýsisflöskur, allar aðrar umbúðir en undan gosi eða víni. Glerið má hvort sem er vera glært eða litað en þarf að vera hreint og ílát tóm. Ekki er ætlast til að rúðugler fari í grenndargámana, því má skila á endurvinnslustöðvarnar.

Af hverju er mikilvægt að flokka gler? Söfnun á gleri er mikilvægur liður í undirbúningi að gas- og jarðgerðarstöðinni en glersöfnun kemur til með að auka gæði þeirrar moltu sem þar verður framleidd. Í dag er gler og steinefni rúmlega fimm prósent af því sem íbúar höfuðborgarsvæðisins setja í gráu heimilistunnurnar eða um átta kíló á hvern íbúa.

Gler nýtist sem fyllingarefni við framkvæmdir og nýtist þá

> **Í þessum mánuði bættust þrettán nýir glergámar við þá sem fyrir eru á höfuðborgarsvæðinu.**

með sama hætti og möl. Þannig má draga úr námugreftri og áhrifum slíkra framkvæmda á umhverfið, auk þess sem dregið er úr kostnaði.

Fjölgun grenndargáma

Í apríl bættust við þrettán nýir glergámar sem settir hafa verið víðsvegar í Reykjavík. Einnig bættist við ný grenndarstöð í Urriðaholti í Garðabæ þar sem tekið er við pappír, plasti og gleri.

Endurvinnslustöðvar

Nú eru vorverkin í nánd og minnum við á að endurvinnslustöðvar SORPU eru opnar til kl. 18.30 alla daga vikunnar og taka við yfir 30 mismunandi flokkum til endurvinnslu og endurnýtingar.

Allar upplýsingar um grenndarstöðvar og flokkunarmöguleika er að finna á nýjum flokkunarvef SORPU á www.flokkid.sorpa.is

Skápahurðir urðu rennihurð

Soffía Dögg Garðarsdóttir hefur verið með bloggsíðuna Skreytum hús frá árinu 2010 og Facebook-síðu með yfir fjörutíu þúsund fylgjendum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Það kennir margra grasa á síðunni hennar Soffíu. Hún segist alltaf hafa haft ástríðu fyrir alls kyns hlutum, sérstaklega gömlum hlutum sem hægt sé að finna nýtt líf. Soffía hefur auk þess mjög gott auga fyrir slíkum hlutum. Þegar hún sér eitthvað gamalt, til dæmis á nytjamarkaði, veit hún um leið hvers konar breytingu er hægt að gera til að endurskapa hlutinn.

Það var einmitt á nytjamarkaðnum Von og bjargir sem Soffía sá skápahurðir sem hún féll fyrir. „Mér finnst svo skemmtilegt að nýta gamalt og einnig að útbúa eitthvað sem kostar ekki mjög mikið. Það er auðvitað mjög auðvelt að labba inn í fínu búðirnar og kaupa sér eitthvað fallegt. En það kostar mikla peninga," segir Soffía. „Ef maður hugsar út fyrir kassann getur maður stundum fengið sömu útgáfu eða jafnvel betri á ódýran hátt. Mér finnst sérstaklega gaman að fara á nytjamarkaði og gramsa svolítið," segir hún.

Soffía segist vera hrifin af alls kyns hlutum. Hún segist ekki vera mínímalisti. „Ég er safnari í eðli mínu og hef alltaf verið. Ég var bara fimmtán ára þegar ég fór að kíkja á antíkmarkaði og kaupa hina og þessa hluti. Afi minn, Jökull Pétursson, var ljóðskáld og skrifaði vísur á litla miða. Ég fann tvo kassa af þessum miðum frá honum og stillti þeim upp í glerkassa og sýndi á Snapchat. Það voru rosaleg viðbrögð. Ég vil því benda fólki á að fara í geymslurnar hjá ömmu og afa. Þar geta leynst dýrgripir sem gaman er að stilla upp," segir Soffía.

Gömlu skápahurðirnar sem Soffía keypti fyrir lítinn pening hjá Von og bjargir nýtast núna sem rennihurð fyrir þvottahúsinu hjá henni. „Mér finnst gamlar hurðir svo fallegar. Við vorum lengi búin að velta fyrir okkur hvernig hurð myndi henta þar sem rýmið er ekki stórt. Ég málaði skápahurðirnar, við settum þær saman og keyptum braut til að setja hurðina upp sem rennihurð. Ég er mjög ánægð með hvernig þetta kemur út. Nánar má sjá hvernig Soffía útbjó hurðina á síðunni hennar skreytumhus.is.

Þarna héngu gömlu skáphurðirnar á nytjamarkaðnum.

Hurðirnar voru málaðar svartar með útimálningu.

Séð fram í forstofuna þar sem gömlu skápahurðirnar eru núna falleg, dökk rennihurð. Hurðin setur mikinn svip á umhverfið.

Páskar

MIÐVIKUDAGUR 12. APRÍL 2017

Heldur í pólskar páskahefðir

Magdalena Kossak byrjar páskahátíðina á laugardaginn með því að fara í kirkju með matarkörfu og fá matarblessun að pólskum sið.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Mikið er lagt upp úr fallega skreyttum og máluðum eggjum. NORDICPHOTOS/GETTY

Í Póllandi eru páskarnir mikil hátíð líkt og hér á landi en þar eru páskahefðirnar með aðeins öðru sniði en við þekkjum. Magdalena Kossak er frá Póllandi en hefur búið á Íslandi í tólf ár. Hún er gift, tveggja barna móðir og vinnur við skrifstofustörf hjá bæjarskrifstofum Kópavogs.

„Á föstudaginn langa sýð ég egg og síðan málum við fjölskyldan eggin. Þau geta verið mjög fallega máluð og það þykir merkilegt þegar barn málar sitt egg sjálft. Við skreytum matarkörfuna okkar en í Póllandi er hefð fyrir því að fara með matarkörfu í kirkju og fá matarblessun hjá prestinum daginn fyrir páskadag. Þetta getur verið alls konar matur, eins og brauð, skinka, smjör, ostur, pipar og salt og ávextir. Við fjölskyldan förum í Kristskirkju á laugardaginn með okkar matarkörfu. Ég fer ekki með mikinn mat en finnst þetta samt sem áður mikilvægur siður," segir Magdalena. Matarins er síðan neytt á páskadagsmorgun og skipt bróðurlega á milli fjölskyldunnar.

„Presturinn dýfir kústi í vígt vatn og dreypir vatninu yfir matinn og blessar hann," segir hún. Siður þessi á rætur sínar að rekja allt aftur á fimmtándu öld og er vel þekktur í Austur-Evrópu. Ekki er vani að borða kjöt eða þungan mat dagana fyrir páska og heldur Magdalena í þá hefð.

Fer í pólska messu

Á páskadag fer Magdalena í páskamessu í Kristskirkju, ásamt fjölskyldunni. Þar er haldin páskamessa ár hvert sem jafnan er mjög vel sótt. „Páskadagur er mikill hátíðisdagur í Póllandi. Fjölskyldan hittist og borðar saman góðan mat, oft kjúklingarétt eða svínakjöt eða það sem er í uppáhaldi hverju sinni. Ég ætla að elda kalkúna á páskadag. Systur mínar búa líka á Íslandi og við munum verja páskadegi saman með fjölskyldum okkar. Um páskana er mikilvægt að slaka á og vera í fríi, ekki eyða tímanum í vinnu eða þrif," segir Magdalena. Hún fer einnig í messu annan í páskum, líkt og margir landar hennar.

> **Við skreytum matarkörfuna okkar en í Póllandi er hefð fyrir því að fara með matarkörfu í kirkju og fá matarblessun hjá prestinum daginn fyrir páskadag.**

Óvön súkkulaðieggjum

Í heimalandi Magdalenu er til siðs að skreyta heimilið fyrir páskana og þemað er líkt og það íslenska; páskaungar og máluð egg og oftast er gulur eða appelsínugulur litur í aðalhlutverki. „Við skreytum þó ekki mikið," segir hún.

Áður en Magdalena flutti til Íslands hafði hún ekki vanist því að borða súkkulaðiegg yfir páskahátíðina en hins vegar gerir hún það í dag. Innt eftir því hvort hún sakni einhvers frá Póllandi yfir páskahátíðina segir hún svo ekki vera. „Reyndar sakna ég oft góða veðursins. Núna er hlýtt og gott veður í Póllandi," segir hún.

Magdalena heldur í pólskar páskahefðir. MYND/EYÞÓR

Ein pólsk hefð er að láta blessa matinn NORDICPHOTOS/GETTY

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar
Gunnar Gunnarsson Culture Fund

auglýsir eftir umsóknum

Umsóknarfrestur er til 5. maí 2017. Umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skila rafrænt á *menningarsjodur@skriduklaustur.is*.

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar hefur tvíþættan tilgang: að renna stoðum undir starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri með árlegum framlögum; og að styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka er samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að áherslan árið 2017 verði lögð á:
- Verkefni sem tengjast ritverkum og ævi Gunnars Gunnarssonar.
- Önnur verkefni sem samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar.

Til úthlutunar eru kr. 1.000.000 og gerir sjóðsstjórn ráð fyrir að úthluta til að hámarki 4ja verkefna.

Hægt er að nálgast úthlutunarreglur og umsóknareyðublað á *www.skriduklaustur.is* ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn. Tilkynnt verður um styrkhafa á fæðingardegi Gunnars Gunnarssonar, 18. maí, á Skriðuklaustri.

Stjórn Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar

Requiem Fauré á skírdag

Söfnuðir Áskirkju og Laugarneskirkju halda sameiginlega messu í Laugarneskirkju á skírdagskvöld klukkan 20. Séra Davíð Þór Jónsson og séra Sigurður Jónsson þjóna fyrir altari.

Söngsveitin Fílharmónía flytur Requiem eftir Gabriel Fauré undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar og Arngerðar Maríu Árnadóttur. Einsöngvarar verða Kristrún Friðriksdóttir og Valdimar Hilmarsson.

Sálumessa Gabriels Fauré er með þekktustu verkum hans og hefur notið ómældra vinsælda frá því hún var frumflutt árið 1888. Sjálfur sagði Fauré sálumessu sína einkennast frá upphafi til enda af trú á eilífa hvíld í dauðanum.

Söngsveitin Fílharmónía flytur Requiem eftir Gabriel Fauré.

Ýmsir samtímamenn Fauré höfðu orð á því að í sálumessu hans væri ekki að finna ótta við dauðann og sumir kölluðu hana vögguvísu um dauðann. Það er einmitt þannig sem hann sá dauðann, sem frelsun fremur en kvalafulla reynslu.

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.is, s. 512 5433 | **Veffang:** Visir.is

JS Watch co.
REYKJAVIK

Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Þegar málningin er orðin þurr má teikna andlit eða líma á plastið augu, nef, gogg eða tennur eftir því sem við á.

Páskakörfur úr plastflöskum

Umbúðir utan af gosdrykkjum er hægt að nota í skemmtilegt páskaföndur fyrir krakka. Á einfaldan máta er hægt að búa til sætar körfur undir páskaegg og nammi.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Í körfur undir lítil súkkulaðiegg er best að nota neðrihlutann á tveggja lítra flöskum undan gosi.

Byrjið á að fjarlægja miðann af flöskunni.

Teiknið með tússpenna útlínuna eða munstrið sem ykkur langar að hafa, til dæmis páskakanínu eða páskaunga.

Hægt er að klippa eftir línunni með góðum skærum en fyrst þarf að skera ofan af flöskunni með beittum hníf til að koma skærunum að. Fáið einhvern fullorðinn til að hjálpa ykkur við það.

Þegar búið er að klippa formið út er gott að pússa yfir plastið með fínum sandpappír þar til það verður matt. Einnig er gott að strjúka með sandpappírnum yfir brúnirnar þar sem þær geta verið hvassar.

Þá er komið að því að mála. Það er hægt að nota föndursprey en þá þarf að passa vel að úða ekki lit yfir allt í kring.

Mjög góð og viðráðanleg aðferð er að „dúmpa“ málninguna á með svampi. Þannig fæst þekjandi og góð áferð á plastið.

Þegar málningin er orðin þurr má annaðhvort teikna andlit á kanínuna eða ungann með tússpenna, eða klippa augu, nef og munn, gogg eða tennur út úr pappír og líma á.

Þá er páskakarfan tilbúin og hægt að hrúga í hana litlum páskaeggjum eða nammi.

Teiknið formið á tveggja lítra gosflösku, skerið ofan af henni með beittum hníf og klippið svo eftir línunni.

Körfurnar eru sætar undir lítil páskaegg handa gestum eða sem nammiskálar.

www.fi.is

Ferðafélag Íslands

Ferðafjölskyldan

Farið varlega og sýnið fyrirhyggju þegar ferðast er til fjalla. Gott er að kynna sér öryggisreglur fyrir ferðamennsku til fjalla á heimasíðu FÍ, www.fi.is

Ferðafélag Íslands óskar landsmönnum öllum gleðilegra páska

Dagsferðir

Gönguferðir

Sumarleyfis-ferðir

Skíðaferðir

Fjalla-verkefni

Hjólaferðir

Ferðafélag Íslands verður 90 ára 2017. Tilgangur félagsins er meðal annars að hvetja til ferðalaga um Ísland og greiða fyrir þeim.

Í Ferðaáæltun FÍ er að finna yfir 200 ferðir af öllum stærðum og gerðum, þar sem gengið er um göngustíga í þéttbýli, um grónar sveitir, óbyggðir og yfir á hæstu tinda landsins.

Innan Ferðafélags Íslands er einnig Ferðafélag barnanna, Ferðafélag unga fólksins og FÍ eldri.

Á meðal ferða sem FÍ býður upp á eru meðal annars lengri og styttri gönguferðir, sumarleyfisferðir, helgarferðir, dagsferðir, skíðaferðir, hjólaferðir og fjallaverkefni.

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS FÍ 1927 2017 90 ára

Skráðu þig inn – drífðu þig út

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

1.498 kr./kg

KF ÍSLENSKT HEIÐARLAMB
verð áður 1.698 kr./kg

1.598 kr./kg

SVÍNALUNDIR
verð áður 2.198 kr./kg

3.198 kr./kg

NAUTA INNRALÆRI
verð áður 4.098 kr./kg

558 kr./pk.

HAMBORGARAR 115G 2 Í PK.
verð áður 620 kr./pk.

1.298 kr./kg

SVÍNAHNAKKI ÚRB.
verð áður 1.798 kr./kg

1.195 kr./kg

MATFUGL VEISLUFUGL M/FYLLINGU

3.998 kr./kg

LAMBAFILLE M/FITU
verð áður 4.598kr./kg

2.698 kr./kg

LAMBAINNRALÆRI
verð áður 3.598kr./kg

198 kr./pk.

REMI EÐA CONDIS KEX

398 kr.

648 kr.

25 CM SERVÉTTUR

EGG KERTI

178 kr./pk.

BALLERINA KEX 2 GERÐIR

1.298 kr.

MYLLU SÚKKULAÐITERTA

1.278 kr.

TÚLIPANAR 10 STK. Í PÚNTI

998 kr.

PÁSKAÞRENNA

1.198 kr.

PRALÍN OSTAKAKA

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**

598 kr.

LUCKY CHARMS 453G

199 kr.

MC V.DIGESTIVE MILK

1.758 kr.

GÓU PIPARFYLLT LAKKRÍSEGG

1.458 kr.

NÓA PÁSKAEGG MJÓLKURLAUST

1.798 kr.

FREYJUEGG ÁN VIÐB. SYKURS

FJARÐARKAUP

PÁSKAR Í FJARÐARKAUPUM

1.088 kr.

422 kr.

KERTI

33 CM SERVÉTTUR

1.998 kr.

KONFEKT ÍSTERTA

998 kr.

BLÁBERJAFATA 500G

236 kr.

208 kr.

158 kr.

250 kr.

MAÍSKORN

SVEPPIR

GR. BAUNIR

ASPAS

198 kr./pk.

298 kr.

SPERGIL EÐA BLÓMKÁLSTOPPAR

TOPPA ÞRENNA 350G

178 kr.

180 kr.

PÁSKAÖL 500ML

MALT OG APPELSÍN 500ML

198 kr./pk.

OREO 3 GERÐIR

498 kr.

MACKINTOSH 265G

858 kr.

EGG Í BOXI 6 Í PK.

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

Miðvikudagur 12. apríl - 9-19
Skírdagur - 10-17
Föstudagurinn langi - Lokað
Laugardagur 15. apríl 10 - 18
Páskadagur - Lokað
Annar í páskum - Lokað

FK
FJARÐARKAUP

Fegurðin er alltaf á fjöllum

Páskarnir eru kjörinn tími fyrir ferðalög, ekki síst á hálendi Íslands. Þá er víða snjór yfir öllu en um leið eru dagarnir farnir að lengjast og dagsbirtan meiri. Útivistarhjónin Brynhildur og Róbert fóru í fjögurra daga hringferð á skíðum í hálfhring í kringum Tindfjöllin um síðustu páska í fallegu veðri.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Útivistarhjónin Brynhildur Ólafsdóttir og Róbert Marshall hafa stundað útivist í einhverju formi stóran hluta ævinnar. Yfir veturinn eru þau mikið á fjallaskíðum, splittbrettum og gönguskíðum en yfir sumartímann taka fjallgöngur, fjallahjól og kajakróður gjarnan við. Utan þess klifra þau bæði í ís og klettum og stunda köfun þannig að enginn skortur er á skemmtilegum ævintýrum í lífi þeirra hjóna.

Undanfarna páska hafa þau oft nýtt í krefjandi og skemmtilegar ferðir um hálendið enda er fegurðin á fjöllum á þessum árstíma að sögn Brynhildar. „Það er víða snjór yfir öllu, sérstaklega á hálendinu, en á sama tíma eru dagarnir farnir að lengjast. Þannig að oft er sól og blíðuveður þótt allt sé á kafi í snjó.“

Síðustu páska fóru þau hjónin, ásamt vinafólki sínu, í fjögurra daga ferð á skíðum í hálfhring í kringum Tindfjöll í stórkostlegu veðri að hennar sögn, köldu en björtu. „Við erum eiginlega alltaf tilbúin í góð ævintýri þannig að undirbúningur var ekki mikill. Við vorum fjögur saman, við hjónin og vinafólk okkar, Haraldur Örn Ólafsson og Friðrika Hjördís Geirsdóttir. Róbert og Haraldur skiptu á milli sín að bóka skálana og svo lögðum við í hann með eins dags fyrirvara eftir að hafa skoðað kort og veðurspá og skilið eftir leiðarlýsingu hjá fólki í byggð.“

Snickers bjargaði málum

Fyrst ók hópurinn jeppaslóða upp í Tindfjöll eins langt og hægt var að komast einbíla og án þess að hleypa lofti úr dekkjum. Þaðan gengu þau á skíðum með allan farangur í púlkum, sem eru sleðar sem dregnir eru á eftir skíðafólki. „Fyrstu nóttina gistum við í skála Alpaklúbbsins sem er efsti skálinn í Tindfjöllum. Daginn eftir héldum við svo á toppana Ými og Ýmu og skíðuðum þaðan í norður og niður í skálann í Hungurfitjum sem var nokkuð krefjandi skíðamennska á gönguskíðum og með þungan sleða í eftirdragi.“

Með púlku í eftirdragi við Mófellsbætur.

Róbert, Friðrika og Haraldur Örn við skála Alpaklúbbsins í Tindföllum.

Þaðan gekk hópurinn á þriðja degi í austur og stefndi að Emstruskála á Mosum við Markarfljót. „Það reyndist líka nokkuð erfiður brekkubarningur með gljúfrabrölti og á einum stað þurftum við að fleyta púlkunum yfir á, ofan í þröngu gili. Þar varð til málsháttur-inn: „Oft getur Snickers dimmu í dagsljós breytt.“ Það er nefnilega oft þannig í svona krefjandi verkefnum að stundum er nauðsynlegt að staldra aðeins við og fá sér smá næringu áður en hægt er að halda lengra. Við vorum orðin ansi lerkuð þegar við komum í skálann þar sem við vöknuðum á páskasunnudegi. Þaðan skíðuðum við svo niður á Einhyrningsflatir en skammt sunnan þeirra höfðum við skilið hinn bílinn eftir. Sannarlega dásamleg fjögurra daga ferð frábæru en köldu veðri.“

Mörg verkefni fram undan

Páskarnir eru skemmtilegur tími á fjöllum og gönguskíðin gera ferðalöngum kleift að ferðast hratt í landslagi þar sem erfitt væri að ganga í snjó. „Það er hægt að halda sér vel heitum á hreyfingu í flestum veðrum þannig að þetta er spurning um að vera þannig búinn að hægt sé að kasta yfir sig einhverju hlýju, þegar stoppað er fyrir hressingu eða myndatökur, og fara svo léttklæddur af stað aftur. Ólíkt því sem flest fólk telur þá er líka mjög þægilegt að tjalda í snjó, yfirleitt er auðveldara að finna slétt undirlag og svo er hægt að grafa gryfju í fortjaldinu fyrir eldamennsku. Þetta er allt spurning um rétta búnaðinn.“

Brynhildur Ólafsdóttir á fjöllum.

Ekkert er ákveðið varðandi páskana í ár enda ýmis stór verkefni fram undan hjá þeim hjónum. „Kannski látum við duga að skíða niður af Eyjafjallajökli eða að taka þátt í gönguskíðamóti. Það er svo margt skemmtilegt hægt að gera að það er smá valkvíði í gangi!“

VOR TILBOÐ

Gildistími tilboðs frá 15.03.-31.05.2017

hjólatjakkur 1,5T RWH150XLIFT

- léttur og þægilegur í meðförum
- vönduð smíði
- uppfyllir öryggiskröfur verkstæða
- öflugur gúmmíplatti á lyftifleti
- fer hátt og hentar vel undir lág ökutæki

- lyftihæð 70 – 610 mm
- þyngd 44,5 kg

34.372,-

rennibekkur - járn ED300FD *

- stiglaus og stillanlegur hraði
- digital-hraðaálestur
- öflugur, viðhaldsfrír mótor
- lágvær skipting tryggir stöðuga vinnslu
- leguoddur stillanlegur fastur oddur í eftirgangi
- CW/CCW
- lengd milli odda 300 mm
- mesta þvermál yfir vængi 180 mm
- þvermál yfir sleða 110 mm
- færsla á þversleða 100 mm
- gegnumborun 21 mm
- kónn í eftirgangi MK3/MT3
- spindilhraði (stiglaus) 0-2500 rpm
- leguoddur MK2/MT2



179.000,-

loftpressa ZI-COM24E og ZI-COM50

- eins strokks með þrýstijafnara og yfirálagsvörn
- olíusmurð loftpressa með tveimur hraðtengjum
- aftöppun á loftkút
- mótor og búnaður á öflugri festingu

- stærð á loftkút 24 / 50 lítra
- afl mótors 1,1 / 1,5 kW
- snúningshraði 2850 min-1 - 6 A
- straumur 230V / 50Hz
- hámarks þrýstingur 8 bör
- loftflæði 160 / 206 l/min
- áfyllingartími 110 / 190 sek

ZI-COM24E **17.100,-**

ZI-COM50 **29.800,-**

Borðsög ZI-TKS250-2VB

- tvö útdraganleg hliðarborð
- sagarblað 250 mm – hallanlegt í 45°
- öryggisrofi
- ál vinnuborð
- stöðugur standur undir vél
- létt, auðveld í flutningum
- öflugur mótor 1,8 kW
- sagarborð 430x625 mm
- hliðarborð 140x630 mm
- borðhæð 870 mm

28.530,-

steypuhrærivél ZI-BTM120

- 120 l stáltunna
- slær ekki inn aftur eftir straumrof
- stórt stillanlegt stýrihjól
- tannkrans úr steypujárni

- spenna 230V 50Hz
- afl mótors 550 W
- rakavörn IP 44
- öryggisstuðull II
- trommla 120 l
- snúningshraði 26 min
- þyngd 43,8 kg

34.900,-

verkfæravagn með verkfærum WW790W

- verkfæravagn með gæða chrome-vanadium verkfærum
- öflug læsing
- styrktar hliðar sem tryggja góða endingu á skápnum við mikið álag
- polyhúðaður
- skúffubrautir með kúlulegum
- 7 skúffur
  575x75 (1-5) / 575x135 (6) mm
  575x155 (7) mm
- mesta þyngd pr. skúffu
  25 (1-5) / 35 (6) / 40 (7) kg
- stærð 790x480x1050 mm
- þyngd 75,5 kg

97.500,-

bandsög - járn BS275GP *

- spenna 230V / 50 Hz
- afl mótors 1,5 kW
- sagarblað 2480x27x0,9 mm
- Ø 90° 225 mm
- Ø 45° 160 mm
- Ø 60° 100 mm
- 90° 200x200 mm
- 45° 160x160 mm
- 60° 100x100 mm
- þyngd 195 kg nettó

- öflug, grá steypujárnsvél með kúlulegum við stýringu blaðs – þreplaus hraði
- meðfærileg - sparar pláss
- sjálfvirkt endastopp við sögun
- kælibúnaður við sögun
- efnisþvinga
- stillanleg hraðaniðurstýring á blaði
- öryggisrofi

370.000,-

brettatjakkur HUB 25T *

- áreiðanlegur brettatjakkur og auðveldur í notkun
- góður fyrir vöruhús og alla lagervinnu
- hágæðastál / nælonstyrkt hjól
- auðvelt að hækka og lækka
- gúmmíklætt handfang, þægilegra og öruggara grip

- lyftigeta 2500 kg
- stýrihorn 230°
- lyftihæð, lágmark 85 mm
- lyftihæð, hámark 200 mm
- gaffalstærð 540 x 1150 mm

54.385,-

slönguhjól - loft LSR10HQ og LSR15HQ

- vegg- eða lofthengt slönguhjól
- sjálfvirk stýring á upprúllun
- öryggisstoppari til að hindra óvænta innhölun
- öflugt slönguhús úr málmi

- LSR10HQ: 10+1m
- LSR15HQ: 15+1m

13.818,- LSR10HQ

17.719,- LSR15HQ

slönguhjól - vatn WSR15M og WSR20PRO

- veggfesting með 180° sveifluarmi
- veðurþolið og sterkt slönguhús
- innra mál slöngu: 13 mm
- WSR20 PRO: 20+1m / WSR15M: 15+1m

WSR 20PRO

- stoppar hvar sem er í útdrætti
- handstillanlegt endastopp

11.800,- WSR15M

13.645,- WSR20PRO

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

Andabringur og fyllt páskaegg

Andabringur eru frábær hátíðarmatur. Vigdís Ylfa Hreinsdóttir matreiðslumaður segir að andabringur séu í miklu uppáhaldi hjá sér. Hún gefur uppskrift að páskamatnum og góðum eftirrétti.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Vigdís Ylfa starfar á sölusviði hjá heildversluninni Innnesi. Að auki gefur hún uppskriftir á vefnum gerumdaginngirnilegan.is sem margir kannast við. Uppáhalds páskamatur hennar er lambahryggur að hætti ömmu hennar, Herdísar. „Þetta er gamaldags hryggur sem svíkur engan," segir hún. „Mamma er alltaf með hamborgarhrygg, sykurbrúnaðar kartöflur og rósakál. Það er mikið um matarveislur og kaffiboð yfir hátíðirnar hjá henni. Þegar við mæðgurnar erum saman erum við alltaf að brasa í eldhúsinu og útbúum einhverja gómsæta rétti. Núna um páskana ætla ég að elda og borða góðan mat með fjölskyldunni og njóta samverunnar með henni. Ég hlakka mikið til að vera heima í fríi og slaka á með strákunum mínum," segir Vigdís en hún og eiginmaður hennar eiga tvo syni og labradorhund.

> Þegar við mæðgurnar erum saman erum við alltaf að brasa í eldhúsinu og útbúum einhverja gómsæta rétti.
> Vigdís Ylfa Hreinsdóttir

Vigdís Ylfa Hreinsdóttir gefur lesendum dýrindis páskauppskriftir. MYND/EYÞÓR

Flott matarboð

„Ég ætla að bjóða litlu systur minni og kærasta hennar í matarboð á skírdag. Þá verð ég með humar og rækjur í forrétt og kálfa-ribeye með teryakisósu í aðalrétt. Í eftirrétt hafði ég svo hugsað mér að hafa crème brûlée. Annars elda ég mjög hefðbundinn mat heima en er frekar dugleg að prófa nýja rétti og nýjar samsetningar. Mér finnst skemmtilegast að elda fisk, gera djúsí eftirrétti og kökur. Yfir hátíðardaga, eins og páska, er yfirleitt veisla á mínum bæ.

Mér finnst fátt skemmtilegra en að elda góðan og fjölbreyttan mat og dekka borðstofuborðið upp með fallegu skrauti. Yfirleitt elda ég alltof mikið þannig að það endar yfirleitt á því að ég býð systrum mínum að koma í mat til okkar," segir Vigdís og gefur hér girnilegar uppskriftir.

Girnileg andabringa með góðu grænmeti.

Ljúffengar andabringur

„Andabringur er í sérlegu uppáhaldi hjá mér núna og þess vegna langar mig til þess að deila því með ykkur hvernig ég elda þær. Svo er mjög sniðugt að nota afganginn í pinnamat eða á ostabakkann."

Andabringur
Grænmeti að eigin vali
Salt og pipar

Best er að byrja á því að snyrta bringurnar með því að taka sinar og snyrta fitu. Skerið síðan rákir í fituna án þess að skera í kjötið.

Hitið pönnu og steikið bringurnar á fituhliðinni. Ekki hafa of háan hita því þá brennur fitan, hún á bara að vera vel stökk. Fleytið allri umfram fitu af pönnunni meðan á steikingunni stendur, geymið fituna og notið hana síðar til að steikja grænmeti. Steikið bringurnar í um það bil sex mínútur á fitunni og snúið síðan við og steikið í tvær mínútur.

Bragðbætið bringurnar með salti og pipar. Setjið í 180°C heitan ofn í 8-10 mínútur. Látið bringurnar hvíla í 15 mínútur áður en þær eru skornar í sneiðar.

Heimagert páskaegg.

Páskadesert með karamellu rjómaostsfyllingu

„Þetta páskaegg er dásamlega gott, algjört æði sem eftirréttur með ferskum berjum. Það er líka hægt að nota dekkra súkkulaði, en ég geri oft mismunandi páskaegg og leyfi börnunum alltaf að taka þátt."

100 g mjólkursúkkulaði (ég nota Milka)
200 g rjómaostur (t.d. Philadelphia)
120 g Dumle-karamellur
60 ml rjómi
1 msk. smjör

Bræðið súkkulaðið og setjið í páskaeggjaform. Súkkulaðið á eingöngu að fylla skelina en eggið á að vera holt að innan. Kælið í 30 mínútur í ísskáp og losið síðan varlega úr formunum. Sjóðið upp á rjómanum og bætið karamellunum út í. Hærið vel en bætið síðan smjörinu saman við og kælið.

Þeytið upp rjómaostinn og blandið karamellublöndunni saman við. Fyllið eggin með blöndunni.

SLÖKUN - VELLÍÐAN - UPPLIFUN

JARÐBÖÐIN
VIÐ MÝVATN

- VERIÐ VELKOMIN Í MÝVATNSSVEIT -

www.jardbodin.is · sími 464 4411 · info@jardbodin.is

Ítölsk páskabrauð

8 g instant ger
1 ¼ bolli G-mjólk, volg
Klípa af salti
⅓ bolli mjúkt smjör
2 egg þeytt
½ bolli sykur
3 ½ bolli hveiti
1 egg, þeytt með 1 tsk. af vatni til penslunar
6 lituð egg (þarf ekki að sjóða áður)
Skrautsykur

Setjið í hrærivélarskál ger, volga mjólk, salt, smjör, egg og sykur. Bætið helmingnum af hveitinu út í og hrærið í hrærivél þar til deigið verður mjúkt. Bætið restinni af hveitinu rólega út í meðan vélin hrærir, þar til deigið klessist ekki lengur við skálina. Hnoðið deigið á borði þar til mjúkt og látið loks hefast á hlýjum stað í klukkustund. Kýlið deigið niður, skiptið í 12 hluta og rúllið upp í lengjur. Snúið tvær og tvær lengjur saman og leggið í hringi á bökunarplötu. Látið hefast aftur í klukkustund. Penslið með þeyttu eggi og stráið skrautsykri yfir. Leggið egg í miðjuna á hverju „hreiðri“. Bakið í 20-25 mínútur við 175 gráður.

Uppskrift fengin af www.theitaliandishblog.com

Góð ráð fyrir páskaliljur

Fallegar páskaliljur setja mikinn svip á umhverfið hvort sem er innan- eða utandyra. Sumir eru með afklipptar páskaliljur í vasa en aðrir hafa þær í potti með rót. Ef páskaliljur eru afklipptar lifa þær skemur eða í 3-6 daga. Til að fá lengri líftíma er gott að skera neðan af stilkunum og stinga þeim síðan strax í vatn. Hafið vatnið volgt, alls ekki of kalt. Það sama á við um túlípana. Ekki láta páskaliljur standa nálægt ferskum ávöxtum. Gott er að láta páskaliljur standa á svölum stað á nóttunni eða ekki yfir fimm gráðum. Eftir þrjá daga er ágætt að klippa aftur af stilkunum og setja blómin í nýtt vatn. Notið í vatnið næringu sem fylgir oft blómvöndum.

Ef þú ert með páskaliljur í potti þurfa þær litla vökvun. Ekki láta blómin standa í mikilli sól.

Klassísk djöflaegg

Egg af ýmsu tagi eru í hávegum höfð um páska og ekki úr vegi að spreyta sig á því að gera heimatilbúin djöflaegg. Þau fara líka einstaklega vel á veisluborði og eru tilvalinn smáréttur. Hér er klassíska útgáfan en til eru ýmis tilbrigði og er auðvelt að leika sér með krydd, bragð og skraut.

6 egg
2 msk. majones
2 tsk. dijon-sinnep
Salt og pipar
paprikukrydd
Ferskur graslaukur

Sjóðið eggin í tíu mínútur. Hellið vatninu af. Brjótið skurnina á hverju eggi létt og setjið hvert um sig ofan í skál með ísköldu klakavatni. Kælið um stund. Takið skurnina varlega af eggjunum og skerið þau langsum í tvennt. Takið rauðuna upp úr með skeið. Stappið rauðuna ásamt majónesi og sinnepi, þar til blandan verður létt. Smakkið til með salti og pipar. Setjið blönduna í sprautupoka og sprautið hæfilegu magni í hvern eggjahelming. Skreytið með paprikukryddi og smátt söxuðum ferskum graslauk.

Eggin fara vel á veisluborði og litirnir eiga sérstaklega vel við um páskana.

Ekkert mál að flokka

Helena Jónsdóttir fór að flokka heimilissorpið þegar fjölskyldan flutti í stærra húsnæði. Hjónin leggja áherslu á að krakkarnir læri að flokka.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Það fer eiginlega ekkert í ruslið hjá okkur nema matarafgangar og við notum maíspoka í ruslatunnuna. Við búum í blokk svo við höfum ekki enn þá farið að molta. Við tökum allan pappír frá, plast, gler og málm. Þegar ég kaupi inn fer ég með margnota taupoka og reyni að taka sem minnst af pappír og plasti heim," segir Helena Jónsdóttir jógakennari, en hún hafði lengi ætlað sér að flokka allt heimilissorp. Helena og maður hennar, Árni Filippusson, notuðu svo tækifærið þegar fjölskyldan flutti í stærra húsnæði fyrir þremur árum. Hollt mataræði ýtti henni einnig í þessa átt.

„Ég versla mikið í búðum eins og Frú Laugu og Bændur í bænum og hef hugsað um mataræðið alveg frá því ég var tvítug. Mér fannst ekki passa að vera á þeirri línu, kaupa lífrænt og hugsa um dýravelferð en hugsa svo ekki lengra. Hvert fer þetta sem ég er að koma með heim? Hvað gerir það náttúrunni að henda bara öllu í ruslið? Ég vann líka í Jurtaapótekinu í nokkur ár þar sem allt er flokkað. Ég hafði samt ekki komið mér að því að flokka sjálf fyrr en við fluttum og nú fer ég ekki til baka. Þetta er ekkert mál og svo finnst mér þetta líka svo gefandi. Ég hefði auðvitað getað byrjað miklu fyrr," segir Helena.

Helena segir þau hjónin leggja áherslu á að börnin læri að flokka á heimilinu. MYND/ÁRNI FILIPPUSSON

Í fjölskyldunni eru fimm manns og eru krakkarnir fjögurra, fimm og átta ára. Helena segir þau hjónin vilja að krakkarnir verði meðvituð um flokkun og endurvinnslu og þau læri það sem fyrir þeim sé haft.

„Það er gaman að hafa þau með í þessu. Við erum með eina stóra skúffu í eldhúsinu sem við notum undir pappír og plast. Þau spyrja út í hvað sé plast og hvað sé pappír en oft getur það vafist fyrir þeim. Við erum líka orðin dálítið pirrandi fjölskylda þegar við bendum gestkomandi krökkum á að eitthvað sem þau ætla að henda sé ekki rusl og sé hægt að endurvinna, en það hefur líka áhrif. Vinafólk okkar fór að flokka í framhaldinu og annað vinafólk, sem býr í einbýli, ætlar líka að fara að flokka, enda frábært að geta verið með tunnurnar við húsið. Það eru grenndargámar í nágrenni við okkur en í þá þarf að tína upp úr pokunum, sem getur verið vesen í leiðinlegu veðri. Frá fimm manna fjölskyldu kemur líka mikið og við höfum vanið okkur á að fara einu sinni í viku í Sorpu. Það er ótrúlega mikið plast í umferð utan um salöt og grænmeti, nammi og snakk. Tíu litlir frostpinnar í pakka eru allir pakkaðir í plast! Þá fylgja leikföngum miklar plastumbúðir. Jafnvel þó maður reyni að taka sem minnst heim fylgir alltaf eitthvað."

TAKK FYRIR AÐ FLOKKA

Græna tunnan er fyrir plast

Plast er eitt algengasta efnið í umhverfi okkar. Notkun þess eykst í sífellu, en plastefni brotna mjög hægt niður í náttúrunni. Hlutur plasts er um 18% af þyngd blandaðs úrgangs í gráum tunnum en allur sá úrgangur er urðaður. Það þýðir að rúmlega þrjú þúsund tonn af plasti frá Reykjavík voru urðuð í Álfsnesi í fyrra.

Græna tunnan er aukin þjónusta við söfnun á plasti sem áður var hægt að skila á grenndar- og endurvinnslustöðvar. Skil á plasti hafa aukist gríðarlega síðan hún var tekin í notkun.

Hægt er að efnisendurvinna stóran hluta plasts og brennsla til orkunýtingar er ákjósanlegri valkostur en urðun í þeim tilvikum sem endurvinnsla er ekki fýsileg af einhverjum ástæðum.

Reykjavíkurborg býður borgarbúum græna tunnu undir plastið.

Hvernig samsetning hentar þér?

Þú getur pantað græna tunnu og gert aðrar breytingar á tunnusamsetningu á **www.ekkirusl.is**, í síma **411 1111** eða á **sorphirda@reykjavik.is**.

Reykjavíkurborg

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fjölnotapoki á lyklakippunni

Vigdís Eva Líndal setur allan pappír, plast, ál og gler í endurvinnslu og er meðvituð um matarsóun.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Ég hef alltaf haft sterka umhverfisvitund. Fréttir um umhverfismál og hlýnun jarðar hafa haft mikil áhrif á mig. Þegar ég og Þórhallur Axelsson, maðurinn minn, hófum sambúð fyrir níu árum voru endurvinnslutunnur við hliðina á blokkinni þar sem við bjuggum og síðan þá höfum við verið samtaka í þessu. Við setjum allan pappír, plast, ál og gler í endurvinnslu. Ég er meðvituð um matarsóun og reyni mitt besta til að draga úr henni með því að nýta matinn vel. Sem dæmi tek ég afskurð af grænmeti og bý til grænmetissoð sem síðan er notað í súpu og við búum til hvítlauksbrauð úr brauðendum. Þetta er orðið partur af daglega lífinu," segir Vigdís.

Allur gamall og slitinn fatnaður og textíll af heimilinu fer í endurvinnslugám Rauða rrossins. „Það er ekki langt síðan ég áttaði mig á að allur textíll mætti fara í gáminn og hann er nýttur í fataframleiðslu eða endurunninn á annan hátt. Það er einhver guðdómleg tilfinning að setja götóttan, stakan sokk í poka og vita að hann endar ævina ekki í landfyllingu heldur fer í eitthvað nýtt. Mér finnst það frábært."

Vigdís er sannfærð um að flokkun og endurvinnsla hafi góð áhrif á umhverfið til lengri tíma litið. MYND/VILHELM

Vigdís segir það hafa verið ákveðið áfall þegar hún áttaði sig á hversu mikið plast fellur til á hverjum degi.

Til að minnka plast á heimilinu keyptu Vigdís og Þórhallur SodaStream-tæki, auk þess sem þau reyna að drekka lítið af gosi. „Ég nota líka gler í staðinn fyrir plast og nýti glerkrukkur undir matarafganga og fleira," segir Vigdís, sem segir að hún hafi fyrst áttað sig á því hversu mikið rusl virkilega fellur til á hverjum degi þegar þau fóru að flokka frá plast. Það hafi í raun verið ákveðið áfall.

Hvetur til endurvinnslu

Vigdís er dugleg að hvetja fólk til að flokka og endurvinna og segist vera sjálfskipaður umhverfisstjóri í vinnunni en hún starfar hjá Persónuvernd. „Það felst aðallega í að hvetja vinnufélagana til að flokka rétt og láta þá vita ef þeir gera það ekki. Ég er ánægð með að flokkun á rusli hefur verið tekin föstum tökum því það er ekki langt síðan öllu var hent í sömu tunnuna."

Vinkonur Vigdísar hafa einnig tekið hana til fyrirmyndar. „Ég er nörd að eðlisfari og þar sem ég er lögfræðingur að mennt finnst mér gott að farið sé eftir reglum. Þegar ég talaði um flokkun og endurvinnslu við vinkonur mínar fyrir nokkrum árum kom í ljós að þeim fannst þetta vesen, flókið og mikið mál. Í dag eru þær flestallar byrjaðar að flokka og endurvinna það sem til fellur á þeirra heimilum. Ég fæ oft Snapchat frá þeim þar sem þær spyrja hvort þetta eða hitt megi endurvinna."

Notar ekki plastpoka

Spurð hvort hún sé meðvituð um endurvinnslu þegar hún kaupir t.d. í matinn segir Vigdís að svo sé. „Ég nota fjölnota poka en ekki plastpoka fyrir matvörurnar. Það tók smá tíma að komast upp á lagið með að koma þeim inn í rútínuna en ég á um 20 poka. Ég er með einn á lyklakippunni til að minna mig á að hafa þá með í búðina. Við gerum stórinnkaup vikulega og reynum að fara sem minnst í búðir þess á milli. Ég nota ekki grænmetispoka úr plasti, enda skil ég ekki hvers vegna t.d. bananar þurfa að fara í poka. Ég hugsaði mig tvisvar um áður en ég keypti íslenskar paprikur sem búið var að pakka í pappa og plast. Þær eru íslenskar og ekki hefur þurft að flytja þær langar leiðir með flugvél eða skipi og þá er hægt að velta fyrir sér af hvoru umhverfisáhrifin eru minni. Ég vildi þó að íslenskir framleiðendur gætu selt sínar vörur án þess að pakka þeim í plast."

Eldri sonur hennar, sem er tæplega fjögurra ára, er byrjaður að sýna umhverfismálum áhuga og á það til að tína upp rusl af götunni. „Ég er nú ekki alltaf ánægð með það en hann skilur ekkert í fólki að henda rusli ekki í ruslatunnur."

Innt eftir því hvort hún eigi góð ráð fyrir fólk sem hingað til hefur ekki flokkað það sem til fellur á heimilum segir hún best að byrja smátt og ætla sér ekki of mikið. „Þetta er eins og líkamsræktin, maður má ekki ætla sér of mikið til að ná árangri. Ég mæli með að byrja á að flokka pappír, setja álið laust í ruslatunnuna og bæta svo við plastinu. Ég er sannfærð um að flokkun og endurvinnsla hafi góð áhrif á umhverfið til lengri tíma litið. En þá þurfa líka allir að endurvinna og það þarf að endurvinna meira en nú er gert."

Flöskumóttaka
Endurvinnslan

PET-flöskur

Flestar einnota drykkjarvöruumbúðir úr plasti sem landsmenn nota á hverjum degi eru svokallaðar PET flöskur.

PET, sem stendur fyrir polyethylene terephthalate, var fyrst þróað árið 1941 fyrir þræði í efnavöru (flís). Upp úr 1960 var byrjað að nota það sem umbúðir utan um filmur og um 1970 til framleiðslu á drykkjarvöruumbúðum.

Framleiðsluferli PET-flöskunnar er nokkuð flókið. Efnið sjálft kemur í stórum stæðum en fyrst þarf að brjóta það niður í smærri einingar. Næst er efnið brætt og sprautað í þar til gerð mót sem kallað er „preform“. Það er síðan sett í annað mót þar sem það er hitað svo að hægt sé að blása það hægt út þannig að hin eiginlega plastflaska myndast.

Þótt flestir tengi PET við drykkjarvöruumbúðir þá er það endurunnið í margar ólíkar vörur. Þannig er meirihluti PET endurunninn í þræði sem síðan eru notaðir í framleiðslu á flísvörum á borð við teppi, föt og umbúðir.

PET-merkingu á umbúðum má þekkja á þremur örvum í þríhyrningi með númerinu 1 í miðjunni.

Hvaða umbúðir fara hvert?

Töluverð verðmæti liggja í drykkjarumbúðum en útflutningsverðmæti þeirra er um 200 milljónir króna á ári samkvæmt upplýsingum frá Endurvinnslunni. Mest fæst fyrir ál og glært plast úr PET-efni sem eru algengustu plastumbúðirnar.

Ekki er hægt að skila öllum drykkjarumbúðum til flöskumóttöku Endurvinnslunnar. Um leið og plastið er til dæmis litað, minnkar verðmætið og lítið þýðir að fara með slíkt plast í Endurvinnsluna. Betra er að fara með aukaumbúðir í plastgáma á grenndarstöðvum sem sjá um að koma þeim í endurvinnslu.

Glerkrukkur og gler, annað en flöskur, á einnig að fara með í flokkun sveitarfélaga.

Þar sem drykkjarumbúðir eru verðmæti þarf að huga að því að fara vel með þær, til dæmis rýrist verðmætið þegar umbúðir eru skítugar eða fullar af sígarettum og öðru rusli.

Nytjamarkaðir með gott úrval

Það eru nokkuð margir nytjamarkaðir á höfuðborgarsvæðinu þar sem kennir ýmissa grasa. Þekktastur er Góði hirðirinn en þar er hægt að gera góð kaup á ýmsum munum til heimilisins. Venjulega er mjög gott úrval í Góða hirðinum en vissulega fer það eftir dögum. Þá þekkja flestir Rauðakrossbúðirnar sem selja fatnað, skó og fleira. Rauðakrossbúðirnar eru nokkrar.

Annar nytjamarkaður, Von og bjargir, er við Grensásveg. Þar er sömuleiðis gott úrval húsgagna og muna fyrir heimilið. Nytjamarkaður Samhjálpar er í Ármúla 11 og tekur við ýmsum munum, en þó ekki stórum húsgögnum. Markaðurinn er fjáröflun fyrir Samhjálp.

Nytjamarkaður ABC við Víkurhvarf í Kópavogi er sömuleiðis fjáröflunarfyrirtæki. Þar eru til sölu föt, skór, gjafavara, heimilistæki og fleira. Allur hagnaður rennur til ABC barnahjálpar.

Basarinn, nytjamarkaður, er í Austurveri við hlið Grensáskirkju. Þar er hægt að fá notuð föt, skó, borðbúnað, leikföng og fleira. Þá er Fjölskylduhjálp Íslands með nytjamarkað að Iðufelli 11 þar sem er mikið úrval af fatnaði, skóm og leikföngum svo eitthvað sér nefnt.

Flesta nytjamarkaði er hægt að finna á Facebook.

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

TOYOTA Land cruiser 150 vx diesel 33”. Árgerð 2016, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.290.000. Rnr.151649.Einn m/öllu

BMW X5 3.0si 3.0i e70. Árgerð 2007, ekinn 86 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.288548.Mjög gott eintak

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

STÓRA BÍLASALAN

BMW X5 3.0i . Árgerð 2006, ekinn 206 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.159301.

SKODA Fabia 1.2 tsi. Árgerð 2014, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.680.000. Rnr.136038.

100% LÁN

HYUNDAI I10 comfort. Árgerð 2014, ekinn 71 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.159400.

STÓRA BÍLASALAN

100% LÁN

TOYOTA RAV4. Árgerð 2006, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.380.000. Rnr.136020.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Toyota Kauptúni

TOYOTA Rav4 gx diesel 2wd. Árgerð 2016, ekinn 19 Þ.KM, dísel, 6 gírar.Verð 4.290.000 Betra verð 3.990.000. Rnr.450508.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6, 210 Garðabær
Sími: 570 5070
www.toyotakauptuni.is

VAKA

Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

KRÓKUR

KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

SUZUKI

EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu

Nissan micra.Árg 2004.Sjálfskiptur. Ekinn 106 þúsund km.Verð:350 þús.S:6162597

Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

Bátar

HEIMAVÍK

Nýju sjóbleikjunetin komin, meira flot, dýpri net, meiri veiði. Heimavík Sporhamrar 3, S. 892 8655 www.heimavik.is

Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
Það er bannað að misnuna börnum eður líkamlegri eða andlegri geð...

NÝIR BÍLAR Á LÆGRA VERÐI!
KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU

Yaris Hybrid
Edition S
AÐEINS KR.
2.490
ÞÚSUND

VEL BÚINN BÍLL
• Sjálfskiptur
• Bakkmyndavél
• Akgreinavari
• Árekstrarvari
• Bluetooth
• 15” álfelgur
• Hiti í sætum
...og margt fleira

Til afgreiðslu núna - Komdu og prófaðu - Allt að 90% lán - Skoðum með uppítöku á notuðum bílum

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec Á2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í 105, laust strax. Uppl í síma 690 0978

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 eða 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

REGNBOGINN - leikskóli -

AFLEYSING TIL 15. JÚLÍ N.K.
Vegna veikinda ráðskonunnar okkar leitum að einstaklingi sem er ljúfur í lund, ábyrgur og samstarfsfús í 100 % stöðu. Lögð er rík áhersla á einfalt og holt fæði við hæfi ungra barna. Gildi leikskólans eru Umhyggju, virðingu og gleði. Allir sem starfa við leikskólann þurfa í framkomu sinni við börnin að sýna framkomu sem tekur mið af þeim.
Vinsamlega sendið fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti á: regnbogi@regnbogi.is eða hafið samband við undirritaða í síma 899-2056 Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri

PULLAN ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Á ÖLLUM ALDRI Í PYLSUVAGN Í REYKJAVÍK.
Leitað er af vaktstjórum og í almenna afgreiðslu góð laun í boði á skemmtilegum vinnustað.

Reglulegar starfsamanna skemmtanir og árangustengdir bónusar.
Frekari upplýsingar og umsóknir sendast á pullan@pullan.is.

Starfskraft vantar í Sauðburð æskilegt að viðkomandi gæti unnið inniverk með Uppl. í s. 487 4791 864 2146

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

Vissir þú af... Barnaheill Save the Children á Íslandi
Foreldrar bera mesta ábyrgð á aðstæðum á líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Atvinna

Öflug bílaleiga með aðsetur í Keflavík óskar eftir starfsmönnum í eftirfarandi störf.
Afgreiðsla, Dag- og næturvaktir.
Bílaþvottur, Dag- og næturvaktir.
Áhugasamir sendi tölvupóst á **andrew@procar.is**

Wypozyczalnia samochodów w Keflaviku poszukuje pracowników na stanowiska:
Obsługa klienta - dzienne oraz nocne zmiany;
Myjnia samochodowa - dzienne oraz nocne zmiany.
Prosimy o przesłanie CV na adres email:
andrew@procar.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Skemmtanir

HAPPY HOUR alla föstudaga 16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Leikir og opnunartími um páskana:
Miðvikudag 11:00-03:00 (Ball)
Skírdag opið 13:00-20:00
Föstudaginn langa lokað
laugardag opið 12:00-03:00 (Ball)
Páskadag opið 12:00-18:00
12:20 WBA - Liverpool
15:00 Man. United - Chelsea
Annar í páskum opið 14:00-01:00

Rúnar Þór & Klettar

spila í kvöld miðvikudag kl. 00-03 (opið til 03) og laugardag kl. 00-03

Allir velkomnir

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Fundir

Aðalfundur
Samtaka lungnasjúklinga

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA

Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn mánudaginn 8. maí 2017 kl. 20 í SíBS húsinu að Síðumúla 6.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna.
Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin.

Atvinna

Langar þig í krefjandi og skemmtilegt starf ?

Byggingafélagið Dalhús ehf leitar nú að öflugum verkefnastjóra í framtíðarstarf.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði húsbyggingafræða
- Þekking og reynsla í verkstjórn og mannaforráðum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Vera lausnamiðaður, víðsýnn og geðprúður

Upplýsingar veitir:
Garðar í síma 8650433 eða á netfangið gardar@dalhus.is

Dalhús ehf er stöndugt og metnaðarfullt byggingafélag sem byggir á áratuga reynslu eiganda og helstu stjórnenda.
Við byggjum íbúðir frá grunni og seljum fullbúnar til kaupenda.
Verkefnastjórastarfið er metnaðarfullt, og fjölbreytt starf, þroskandi og gefandi í senn.
Verkefnastjóri er hluti af stjórnendateymi og nýtur mikils stuðning þess í starfi.

Dalhús BYGGINGAFÉLAG

Fasteignir

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.

Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

Brynjar Baldursson sölufulltrúi

Jóhann Friðgeir Valdimarsson sölufulltrúi

Kristinn Tómasson lögg. fast.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

Húsafell glæsivilla

Stórglæsilegt og sérlega vandað 159,9 fm. hús auk 20,2 fm. gesta húss á þessum fallega og veðursæla stað í Húsafelli.

Allar innréttingar og hurðir eru sérsmíðaðar og hefur hvergi verið til sparað við efnisval í húsinu. Allir gluggar og hurðir eru úr harðvið. Gólfhiti er á neðri hæð auk ofna.
Verð: 62,9 millj. kr.
Allar nánari upplýsingar veitir :
Ásmundur Skeggjason fasteignasali, asmundur@hofdi.is, Gsm 895 3000.

Selbraut Seltjarnarnesi - Glæsilegt einbýli

Sérlega vandað og vel staðsett 402 fm. einbýlishús sem stendur á 956 fm eignarlóð á Seltjarnarnesi.

Arkitekt hússins er Helgi Hjálmarsson FAÍ, Teiknistofunni Óðinstorgi.

Hér er á ferðinni frábært fjölskylduhús á Seltjarnarnesi.

Verð: 175 millj. kr.

Allar nánari upplýsingar veitir :
Ásmundur Skeggjason fasteignasali, asmundur@hofdi.is, Gsm 895 3000.

800

milljarðar eru heildareignir sem vogunarsjóðurinn Taconic Capital er með í stýringu.

Frank Brosens, stofnandi og eigandi Taconic Capital, í viðtali sem birtist í Fréttablaðinu 20. mars síðastliðinn, á sterka stöðu hagkerfisins og þann mikla viðsnúning sem hefði orðið á undanförnum árum. „Þegar þú lítur á tölur um hagvöxt, mikinn viðskiptaafgang, ört vaxandi gjaldeyrisforða og litlar skuldir ríkisins þá er efnahagsstaða Íslands á pari við það sem best gerist hjá nokkru öðru ríki í heiminum. Efnahagsumhverfið er því mjög gott og núna þegar Ísland er að brjótast út úr höftum virðist það ætla að vaxa jafnvel hraðar en við bjuggumst við," sagði Brosens. Hann væri því þeirrar skoðunar, með hliðsjón af styrkleika hagkerfisins, að gengi krónunnar myndi haldast sterkt og sjóðurinn vilji því fjárfesta í henni.

Stór í vaxtamunarviðskiptum

Taconic Capital hefur nú þegar notið góðs af gengisstyrkingu krónunnar á síðustu misserum en sjóðurinn var á meðal þeirra sem stóðu að baki samtals um 80 milljarða innflæði gjaldeyris á árunum 2015 og 2016 vegna fjárfestinga í íslenskum ríkisskuldabréfum. Langsamlega umsvifamestu sjóðirnir í þeim viðskiptum, þar sem aðdráttaraflið var ekki hvað síst að hagnast á nærri 4 prósenta vaxtamun Íslands við útlönd, voru fjárfestingasjóðir í stýringu Eaton Vance og BlueBay Asset Management. Fjárfesting sjóða á vegum Taconic Capital í íslenskum ríkisskuldabréfum á þessum tíma nam hins vegar á bilinu 5 til 10 milljörðum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Þeir sjóðir sem keyptu ríkisskuldabréf í gegnum nýfjárfestingaleið Seðlabankans á seinni helmingi ársins 2015, skömmu eftir að stjórnvöld kynntu áætlun sína um losun fjármagnshafta, hafa hagnast verulega á fjárfestingu sinni. Þannig mætti taka sem dæmi að ef Taconic Capital hefur keypt fyrir um tíu milljarða í löngum ríkisskuldabréfum – RB31 – í ágúst 2015, jafnvirði um 68 milljóna evra á þáverandi gengi, gæti sjóðurinn selt þau bréf í dag og innleyst um 25 prósenta gengishagnað, eða sem nemur um 2,5 milljörðum. Þá væri hann að auki búinn að ávinna sér um einn milljarð króna í vaxtagreiðslur. Slík vaxtamunarviðskipti stöðvuðust hins vegar nánast alfarið í júní 2016 þegar Seðlabanki Íslands kynnti svonefnt fjárstreymistæki í því skyni að stemma stigu við of miklu skammtímainnflæði fjármagns.

Seldi allt í skráðum félögum

Taconic Capital hóf jafnframt á árinu 2016 að gera sig gildandi á íslenskum hlutabréfamarkaði með kaupum á bréfum í ýmsum skráðum félögum. Þannig átti sjóðurinn í árslok 2016 meðal annars hlutabréf í Reitum fasteignafélagi, Icelandair Group, Högum, Marel, Eik fasteignafélagi og N1. Þrátt fyrir að sú fjárfesting hafi á þeim tíma samanlagt numið milljörðum króna þá voru kaup sjóðsins í hverju félagi fyrir sig ekki af þeirri stærðargráðu að þau skiluðu honum á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa. Það sem af er þessu ári hefur sjóðurinn hins vegar selt öll bréf sín í skráðum félögum á Íslandi en samkvæmt lista yfir alla hluthafa fyrrnefndra félaga í lok síðustu viku, sem Markaðurinn hefur séð, hafa sjóðir Taconic Capital losað um þá eignarhluti.

Við staðfestingu nauðasamninga Glitnis í árslok 2015 var Taconic Capital á meðal tíu stærstu kröfuhafa gamla bankans. Ári síðar var sjóðurinn búinn að stækka verulega hlut sinn en samkvæmt nýjum ársreikningi Glitnis HoldCo, eignarhaldsfélags sem var stofnað á grunni eigna slitabúsins, var Taconic Capital orðið stærsti hluthafi félagsins með liðlega 23 prósenta hlut. Miðað við áætlaðar heimtur hluthafa Glitnis má gera ráð fyrir að hlutur vogunarsjóðsins á þeim tíma hafi verið metinn á um 5 milljarða króna. Ólíkt Kaupþingi, en heildareignir þess námu um 400 milljörðum í lok síðasta árs, hefur Glitnir umbreytt nánast öllum eignum sínum í reiðufé og greitt út til hluthafa og að óbreyttu verður því verkefni að mestu lokið á þessu ári.

Valdið í höndum Brosens

Sá sem stýrir félaginu sem heldur utan um hlut Taconic Capital í Arion banka – og hefur þar með allt ákvörðunarvald um fjárfestingar þess – er Frank Brosens en hann er jafnframt á meðal endanlegra eigenda að sjóðnum sem hefur keypt í bankanum. Áður en Brosens stofnaði vogunarsjóðinn Taconic Capital árið 1999 hafði hann verið um tuttugu ára skeið hjá bandaríska fjárfestingabankanum Goldman Sachs, þar sem hann starfaði meðal annars um tíma náið með Robert Rubin og Larry Summers, sem síðar urðu báðir fjármálaráðherrar í stjórnartíð Bills Clinton. Brosens heimsótti Ísland síðast, samkvæmt heimildum Markaðarins, í júnímánuði 2016 þar sem hann var meðal annars gestur í boði bandaríska sendiráðsins ásamt ýmsum háttsettum embættismönnum og áhrifafólki í efnahagslífinu.

Taconic Capital hjálpaði við að skera á hnútinn

Keith Magliana hefur stýrt fjárfestingum Taconic Capital á Íslandi síðustu ár.

Taconic Capital var eini fjárfestingasjóðurinn sem var á meðal stærstu kröfuhafa bæði Glitnis og Kaupþings þegar ráðgjafar stjórnvalda kynntu fulltrúum slitabúa gömlu bankanna vorið 2015 áform um að koma fram með 39 prósenta stöðugleikaskatt á eignir búanna. Vogunarsjóðurinn var í kjölfarið í hópi þeirra kröfuhafa sem áttu fulltrúa á fundum sem fóru fram með framkvæmdahópi stjórnvalda um losun hafta þar sem þeim var gerð grein fyrir ófrávíkjanlegum stöðugleikaskilyrðum sem slitabúin þyrftu að uppfylla vildu þau forðast stöðugleikaskattinn.

Sá sem sótti þá fundi fyrir Taconic Capital var Keith Magliana, sjóðstjóri í London, en hann – ásamt Frank Brosens, eiganda sjóðsins – eru sagðir hafa gegnt lykilhlutverki í því að fá alla kröfuhafa bankanna til að samþykkja að lokum stöðugleikaskilyrði stjórnvalda. Það átti einkum við í tilfelli Glitnis en fyrsta tilboð sem kröfuhafar þess settu fram hljóðaði upp á afhendingu krónueigna að fjárhæð um 70 milljarðar, samkvæmt heimildum Markaðarins. Niðurstaðan varð hins vegar að lokum sú að kröfuhafar féllust á að gefa eftir krónueignir upp á um 230 milljarða, miðað við þáverandi bókfært virði, eða sem nam um fjórðungi heildareigna Glitnis.

Þau tengsl sem Brosens hafði við eigendur vogunarsjóða sem voru einnig kröfuhafar bankanna, meðal annars Davidson Kempner, sem þá var stærsti kröfuhafi Glitnis, skiptu ekki hvað síst máli við að sannfæra þá um að réttast væri að ljúka uppgjöri slitabúanna í sátt við stjórnvöld í stað þess að fara dómstólaleiðina, að sögn þeirra sem þekkja vel til. Þar horfði Brosens meðal annars til þess að sjóðurinn væri í sterkri stöðu til að nýta sér þau fjárfestingatækifæri sem hann taldi vera fyrir hendi á Íslandi eftir losun hafta, eins og komið hefur á daginn.

48,8

milljarða borguðu vogunarsjóðir og Goldman Sachs samtals fyrir tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka.

Björn Berg. Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB.

Í frjálsu falli?

Ein algengustu mistök fjárfesta eru að elta ávöxtunartölur. Benjamin Graham, lærifaðir Warrens Buffett, ræðir um þetta í bókinni The Intelligent Investor og kallar þann sem hagar sér með þessum hætti Hr. Markað.

Sagan segir ekki endilega til um framhaldið

Hr. Markaður er hrifinn af því sem hefur hækkað í verði en vill losa sig við eignir sem hafa lækkað. Fyrir þessum verðbreytingum geta verið góðar ástæður og sennilega hafa þær ekkert um framtíðina að segja en samt virðist honum líða betur þegar hann hegðar sér með þessum hætti. Þar sem hlutabréf sveiflast reglulega talsvert í verði er ekki óalgengt að Hr. Markaður kaupi eða selji nálægt þeim tímapunkti sem verðið breytir um stefnu. Raunar segist Buffett leitast eftir því að eiga viðskipti við Hr. Markað, sem vill alltaf kaupa bréfin af honum dýrt og selja ódýrt.

Því miður ræðst hegðun fjárfesta oft af sögulegum gögnum fremur en væntingum um framtíðina. Í daglegu tali er jafnvel talað um að verðbólgan „sé 1,9%“, krónan „sé að styrkjast“ og hlutabréf jafnvel „í frjálsu falli“. Réttara væri að segja að verðbólgan hafi verið 1,9% síðustu 12 mánuði, krónan hafi styrkst og hlutabréf hafi lækkað í verði.

Þetta villandi orðalag getur valdið því að fjárfestar gefa sér að hreyfingar síðustu daga eða vikna séu varanleg stefna og taki ákvarðanir út frá því.

Því miður ræðst hegðun fjárfesta oft af sögulegum gögnum fremur en væntingum um framtíðina.

Frjálsa fallið búið þegar fréttin berst?

Til gamans tók ég saman sjö síðustu fréttir íslenskra fjölmiðla um að hlutabréf fyrirtækja væru „í frjálsu falli“. Að meðaltali var mesta lækkun dagsins, frá lokagengi síðasta viðskiptadags, 19,3%, sem vissulega er umtalsverð lækkun. En var fallið frjálst?

Þegar litið er á gengið viku eftir að fréttin var skrifuð höfðu hlutabréfin að meðaltali hækkað um 1,6% og um 5,5% sé miðað við 30 daga.

Úrtakið er kannski full lítið til að kalla mætti fréttir sem þessar kauptækifæri en þar sem Hr. Markaður leynist víða væri ekki úr vegi að endurskoða orðalagið.

Björn Berg. Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB.

Verðmæti Haga geti aukist um 5,8 milljarða fari áfengi í búðir

Fyrirtækjagreining Arion banka segir markaðsverðmæti Haga geta aukist um 5,8 milljarða króna ef áfengi fer í búðir. Ráðleggur fjárfestum að kaupa í Högum enda sé virði bréfanna 58 krónur á hlut. Skammtíma áhrifin af komu Costco hingað til lands verði enn meiri en bankinn spáði í desember síðastliðnum.

Markaðsvirði Haga gæti aukist um allt að 5,8 milljarða króna ef sala áfengis verður gefin frjáls. Þetta kemur fram í nýju verðmati fyrirtækjagreiningar Arion banka á verslunarfyrirtækinu sem Markaðurinn hefur undir höndum. Þar ráðleggur bankinn fjárfestum að kaupa bréf í Högum enda séu þau virði 58 króna á hlut eða 20 prósentum hærra en dagslokagengi félagsins í gær.

Verðmati Arion banka var dreift fyrir viku og breyttist virðismatsgengi hans á Högum tiltölulega lítið frá síðustu útgáfu í desember þegar bankinn mat bréfin á 59 krónur á hlut. Í nýja matinu er bent á þætti sem breytt geta afkomuhorfum Haga og þar á meðal frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak. Óljóst er hvert framhald málsins verður og benda starfsmenn bankans á að Hagar hafa ekki dregið dul á áhuga sinn á að hefja sölu áfengis í búðum. Hækkun á markaðsvirði verslunarfyrirtækisins ef frumvarpið verði að lögum miði við að Hagar fái ákveðna hlutdeild í rekstrarhagnaði Vínbúðarinnar til samræmis við áætlaða markaðshlutdeild á dagvörumarkaði og að teknu tilliti til mögulegrar fjárfestingar sem kynni að þurfa að koma til.

Í verðmatinu er aftur á móti ekki gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi með sölu áfengis hér á landi. Þar er einnig bent á að rúmur mánuður er í opnun Costco hér á landi og telur bankinn að skammtímaáhrifin af komu bandaríska verslunarrisans á rekstur Haga verði enn meiri en spáð var í eldra verðmatinu.

„Búðin mun vafalítið vera mikið í fréttum til að byrja með, enda miðað við áhuga landsmanna á að gerast korthafar hjá versluninni má fastlega gera ráð fyrir að opnunin verði eins og stökkbreytt samanlögð opnun Lindex og Dunkin' Donuts. Að okkar mati er því rétt að fara með enn varfærnari forsendur inn í 2017-18 rekstrarárið og höfum við lækkað bæði forsendur um tekjuvöxt og brúttóframlegð enn frekar frá síðasta mati,“ segir í verðmati Arion banka og þar bent á að Hagar hafi aftur á móti fækkað óhagstæðum leigufermetrum um 4.200 fermetra frá síðasta mati.

haraldur@frettabladid.is

Verðmat Arion inniheldur kaup Haga á Lyfju sem nú eru til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Finnur Árnason, forstjóri Haga.

56

milljarðar er það sem markaðsverðmæti Haga nam við lokun markaða í gær

Hlaupaform stofublómsins er háð árstíðum

Svipmynd

Vala Dröfn Jóhannsdóttir

Vala Dröfn Jóhannsdóttir, markaðsstjóri hjá Vistor, er nýkjörin stjórnarformaður Frumtaka, samtaka frumlyfjaframleiðenda á Íslandi. Vala er 44 ára og býr í Hafnarfirði ásamt eiginmanni sínum, Gísla Þorsteinssyni, markaðsstjóra Nýherja, og börnum. Hún er sameindalíffræðingur að mennt en hefur einnig lokið námi í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði. Vala hefur starfað í fimmtán ár hjá Vistor hf., lyfjaheildsölu í Garðabæ; fyrst sem sölufulltrúi og svo markaðsstjóri fyrir lyfjafyrirtækin Novartis og Alcon.

Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári? Þrátt fyrir stór loforð nýrrar ríkisstjórnar um að setja heilbrigðismál á oddinn, erum við komin aftur í þá stöðu að ekkert fjármagn er í fjárlögum fyrir innleiðingu nýrra lyfja á árinu. Í febrúar á þessu ári var lofað að úr þessu yrði bætt, en enn bólar ekkert á þessu viðbótarfjármagni.

Hvaða app notarðu mest? Facebook og Snapchat, en nota líka mikið öpp með afþreyingarefni svo sem Netflix til að horfa á þætti og kvikmyndir.

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Ég nýti frítímann helst til að vera

Vala Dröfn Jóhannsdóttir, markaðsstjóri Vistor.

Mér finnst líka ekkert betra en að slaka á í heita pottinum á pallinum heima hjá mér eftir annasaman dag.

með fjölskyldu og vinum. Mér finnst líka ekkert betra en að slaka á í heita pottinum á pallinum heima hjá mér eftir annasaman dag.

Hvernig heldur þú þér í formi? Ég byrjaði aðeins að hlaupa með hlaupahópi FH síðasta sumar og ætla að byrja á því aftur í vor. Yfir vetrartímann er ég hins vegar ekki mikið fyrir að vera úti, enda er ég óttalegt stofublóm. Það má því segja að hlaupaformið sé háð árstíðum.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Ég hlusta yfirleitt á vinsælustu tónlistina hverju sinni í útvarpinu, en ég hef líka mjög gaman af alls konar heimstónlist.

Ertu í þínu draumastarfi? Já, algjörlega. Í mínu starfi sameinast mín helstu áhugamál, sem eru heilbrigðismál, vísindi og samskipti við fólk. Vinnan er mjög fjölbreytt og engir tveir dagar eins. Svo er líka svo skemmtilegt að vinna hjá Vistor enda hef ég verið þar í fimmtán ár.

LÍF EFTIR DAUÐANN

NÝ ÍSLENSK SJÓNVARPSMYND

PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM

VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA
Kristbjörg Kjeld í 60 ár - skírdag



ÞRESTIR
Margverðlaunuð íslensk kvikmynd föstudaginn langa

BAKK
Bráðfyndin íslensk gamanmynd laugardag

BFG
Fjölskyldumynd eftir Steven Spielberg - páskadag



EMÍLÍANA TORRINI OG SINFÓ
annan í páskum

ÍSLENSKIR PÁSKAR Á RÚV



ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ: SKEPNAN
skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum

VÍKINGUR SPILAR PHILIP GLASS
skírdag

ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
Á Rás 2, RÚV 2 og RÚV.is
föstudaginn langa og laugardag

77/87/97
Helstu plötur ársins
skírdag, föstudaginn langa og páskadag

OG HVAÐ SVO?
Rithöfundar fjalla um óvissuna
12.-17. apríl

AMERÍSKI DRAUMURINN
skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum

GERVIGREIND
skírdag og föstudaginn langa

NEI, HÆTTU NÚ ALVEG
skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum

RÁS 1

KrakkaRÚV **ENDALAUST AF TÖFRANDI BARNAEFNI Í ÖLLUM MIÐLUM**

RÁS 2

Páskaglaðningur á RÚV.is!
Gríptu gæsina og horfu á sérvaldar þáttaraðir frá upphafi til enda á RÚV.is

RÚV
- okkar allra um páskana

Skotsilfur

Rak og réð Sigrúnu Rögnu

Það vakti athygli þegar tilkynnt var á dögunum að Sigrún Ragna Ólafsdóttir, fyrrverandi forstjóri VÍS, hefði tekið sæti í stjórn Creditinfo Group. **Reynir Grétarsson**, forstjóri og eigandi Creditinfo, sat í stjórn VÍS þegar ákveðið var að skipta um forstjóra í ágúst 2016 og ráða Jakob Sigurðsson, sem þá var stjórnarformaður Creditinfo, í stað Sigrúnar Rögnu. Vitað er að Reynir var á meðal þeirra í stjórnarmanna VÍS sem töluðu hvað helst fyrir því að ráða þyrfti nýjan forstjóra og lagði fram þá tillögu að fá Jakob í starfið.

Fækkar í röðum Kaupþings

Starfsmönnum Kaupþings hefur fækkað mjög að undanförnu samhliða því að félagið hefur verið að selja eignir í stórum stíl og hraða þannig útgreiðslum til hluthafa. Á meðal þeirra sem hafa nýlega látið af störfum er **Marinó Guðmundsson** sem hafði verið um árabil hjá Kaupþingi og var í hópi lykilstarfsmanna í eignastýringu. Starfsmenn munu fá greiddan bónus, eigi síðar en í apríl 2018, sem getur að hámarki verið 1.300 milljónir. Markmið bónuskerfisins, eins og kom fram í máli Pauls Copley, forstjóra Kaupþings, var einkum að „umbuna fólki til að leggja niður starf sitt hraðar en það annars gerði“. Það virðist vera að ganga eftir.

Lán og nýtt met

Ríkissjóður mun lána Vaðlaheiðargöngum 4,7 milljarða króna til viðbótar við 8,7 milljarða lánið til verkefnisins sem var samþykkt í júní 2012. **Benedikt Jóhannesson**, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði í mars að hann myndi beita sér fyrir því að ríkið lánaði meira fé í framkvæmdina. Það var svo samþykkt í síðustu viku en þá gerðust einnig önnur undur og stórmerki. Verktakar í göngunum náðu þá vikuna að bora alls 96,5 metra og var um nýtt met að ræða. Mánuðina og jafnvel síðustu árin á undan taldist það gott þegar þeir náðu yfir 30 metrum á viku.

Ávarpaði ritstjórn New York Times

Ljósmyndarinn Daniel Berehulak ávarpaði samstarfsfélaga sína á The New York Times á mánudag eftir að hann vann Pulitzer-verðlaun fyrir myndir sínar. Sýndu þær ofbeldið sem hefur fylgt öfgafullri baráttu stjórnvalda á Filippseyjum gegn eiturlyfjasölu þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ómöguleiki gengisspádóma

Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Það eru sennilega 20 ár síðan ég gerði fyrstu gengisspána mína og ég er enn að. Ég hef hins vegar aldrei farið leynt með það að ég held ekki að maður geti kerfisbundið „snúið á markaðinn“ – og sérstaklega ekki gjaldeyrismarkaðinn.

Ég hallast að því að gjaldeyrismarkaðir séu það sem hagfræðingar kalla „skilvirkir“ að því leyti að allar opinberar upplýsingar endurspeglist í markaðsverðinu, sem gerir það ómögulegt að snúa kerfisbundið á markaðinn nema maður hafi innherjaupplýsingar.

Og síðan ég byrjaði að spá fyrir um gengisþróun hef ég þekkt til fræðilegra skrifa um gengið, og aftur og aftur hefur það sýnt sig að gengisþróunin – sérstaklega til skamms tíma – er það sem hagfræðingar kalla „slembigöngu“. Að giska á hvort gjaldmiðill fer upp eða niður (miðað við markaðsvæntingar) er eins og að kasta upp peningi. Einmitt vegna þess að gjaldeyrismarkaðir endurspegla yfirleitt nú þegar allar tiltækar opinberar upplýsingar.

Af hverju að hafa fyrir því?

Að gefnum þeim efasemdum sem ég hef um getuna til að snúa á markaðinn vaknar auðvitað sú spurning af hverju ég sé að reyna það. Einfalda svarið er: „Ég fæ borgað fyrir það.“ Réttara svar er: „Ég verð að gera það,“ í þeim skilningi að lífið snýst um að taka ákvarðanir. Allt sem við gerum snýst að einhverju leyti um spádóma. Þegar við förum yfir götu metum við hvort bíll muni keyra á okkur eða ekki. Við metum áhættuna.

> **Fyrir 20 árum – eins og í dag – taldi ég að maður gæti ekki kerfisbundið snúið á gjaldeyrismarkaðinn.**

Öll fyrirtæki sem hafa útgjöld og tekjur í mismunandi gjaldmiðlum verða að hafa skoðun á því hvernig gjaldmiðlarnir muni þróast og verða að ákveða hvort þau baktryggi sig fyrir áhættunni eða ekki, á nákvæmlega sama hátt og þau ákveða hvort þau kaupi brunatryggingu.

Forðist að tapa fyrir markaðnum

Skoðanir mínar á gjaldeyrismarkaðnum hafa þróast mikið á síðustu 20 árum þrátt fyrir að ég sé sömu skoðunar í dag og fyrir 20 árum. Fyrir 20 árum – eins og í dag – taldi ég að maður gæti ekki kerfisbundið snúið á gjaldeyrismarkaðinn. En núna einbeiti ég mér ekki lengur að því að snúa á markaðinn heldur að því að reyna að láta markaðinn ekki snúa á mig. Og ég held að ég geti það.

Þess vegna held ég að ég geti almennt komið fram með gengisspár sem eru eins góðar og spár markaðarins. Með spám markaðarins á ég við það sem svokallaðir framvirkir markaðir segja okkur um framtíðargengið. Ég hef einnig komist að þeirri staðföstu niðurstöðu að maður geti gert þetta með því að vera kerfisbundinn og einbeita sér að þeim 4-5 þáttum sem hagfræðibækurnar segja manni að knýi gengisþróunina – hlutfallslegri verðbólgu og hlutfallslegri peningamálastefnu, framleiðni, viðskiptakjörum og ytra ójafnvægi (viðskiptahalla) og ef maður gerir það á maður býsna góða möguleika á að standa sig eins vel og markaðurinn og jafnvel snúa á markaðinn annað slagið. Og það sem ég tel að skipti kannski mestu máli er að maður græðir mikið á að hunsa „pólitískan hávaða“ þegar maður spáir fyrir um gengið þar sem „pólitískur hávaði“ er oft einmitt það – hávaði.

Af græðgi og gjafmildi

Hin hliðin
Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri FranklinCovey, og FKA-félagskona.

Það kann að vera að heilagleiki dymbilvikunnar sé hvatinn að skrifum mínum í dag eða mögulega er ég einfaldlega langþreytt á tregðu okkar mannfólksins við að þróast til betri vegar – þrátt fyrir að vita betur og hafa allar forsendur til að lifa saman í sátt og með sóma. Það er sama hvert er litið í fréttamiðlum samtímans, þá virðist rót vanda okkar enn grundvallast á syndum, sem forfeður okkar hafa hvatt okkur í árþúsundir til að vera vakandi fyrir og forðast. En við í blindni, í firringu eða í leti gleymum verðmætunum sem eru fólgin í dyggðum eins og hógværð, þolinmæði, kærleik, árvekni og hófsemi. Að ógleymdri gjafmildi.

Rýnum í nokkrar fréttir síðustu vikna og skoðum hvað þær eiga sameiginlegt. Linnulaust valdabrölt í stjórnum nokkurra fyrirtækja landsins, þar sem græðgi fárra í völd og fé varpar skugga á stolt og starfsgleði þeirra sem í raun skapa verðmætin. Ný gögn um sölu bankanna varpa ljósi á botnlausa græðgi fárra, sem í einfeldni halda að þeir komist upp með að „eignast“ allt með skipulegri blekkingu og síðar gleymsku. Sókn fasteignafélaga í að færa land og eignir á fárra hendur hækkar markaðsverð, og stærðarhagkvæmnin þjónar hagsmunum fárra eigenda en er leigutökum til tjóns. Skammtímasjónarmið ráða ferðinni í ferðaþjónustunni, þar sem allir ætla að græða á þessari „síldarvertíð“, en alltof fáir eru tilbúnir að huga að fjárfestingu í öryggi og innviðum, sanngjörnum launum og þjálfun, og því mikilvægasta af öllu, að standa vörð um auðlindina.

Græðgi er skilgreind sem óhófleg eða óseðjandi löngun í auð, völd eða „status“. Græðgi rænir okkur viskunni til að greina á milli langana okkar og þarfa. Erich Fromm lýsti græðgi sem botnlausri hít, sem drepur fólk í linnulausri leit sinni að ánægju, sem aldrei finnst. Græðgi virðist vera rauður þráður eða grár gaddavír í fréttum samtímans. Og hef ég þá ekki sótt heim bramboltið í Hvíta húsinu í vestri eða frásagnir um ógnarstyrjaldir sem þjaka þjóðir í austurátt.

Hvernig væri að endurskrifa reglur leiksins þannig að sá sem gefur mest vinnur? Sá sem varðveitir mest af náttúruauðlindum fær bikarinn. Sá sem skilar okkur peningunum og setur í uppbyggingu heilbrigðiskerfis og háskóla fær aftur hluta af ærunni. Sá sem gefur af tíma sínum og þekkingu til þeirra sem þurfa er hinn raunverulegi sigurvegari. Sá lifir best sem metur verðmæti sín ekki út frá því „hvað ég á“ – heldur „hvað ég gef“. Hvað ætlar þú að gefa af þér?

KK & MAGGI EIRÍKS
ÁSAMT HLJÓMSVEIT

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 12. apríl 2017

visir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

Holur hljómur

Í síðastliðinni viku bárust tíðindin af rekstrarvanda dagblaðsins Fréttatímans. Hlé varð að gera á útgáfu blaðsins og starfsfólk fékk ekki greidd laun eins og það hafði gert ráð fyrir og átti rétt á.

Ritstjóri blaðsins og aðaleigandi, Gunnar Smári Egilsson, dró á meðan sængina upp fyrir haus og lét ekki í sér heyra meðan starfsfólk tróð marvaðann fyrir framtíð blaðsins. Og það án þess að þiggja laun fyrir.

Þegar þetta er ritað er alls óvíst um framtíð Fréttatímans. Gefið hefur verið í skyn að nýir eigendur hyggist koma að útgáfunni, en enn liggur ekkert fyrir í þeim efnum. Vonandi tekst að rétta Fréttatímann við en útséð virðist um að Gunnar Smári komi að þeim leiðangri.

Eins og margir vita er þetta ekki í fyrsta sinn sem Gunnar Smári gengur frá fjölmiðlarekstri með öngulinn í rassinum. Hann átti ekki farsæla daga sem forstjóri fjölmiðlarisans Dagsbrúnar á sínum tíma þar sem sinnuleysi um annarra manna fé var sem rauður þráður. Hver man annars ekki eftir hinni íslensku CNN - NFS sem flytja átti fréttir úr örsamfélaginu allan liðlangan daginn?

Þekktasta dæmið var þó sennilega fríblaðið Nyhedsavisen sem sigra átti Danmörku á mettíma. Þar sátu fjárfestar enn á ný eftir með sárt ennið.

Margir hafa kannski dregið þá ályktun nú eftir Fréttatímafarsann að Gunnari Smára ætti sennilega ekki að treysta fyrir annarra manna fé. Almenningur í landinu virtist að minnsta kosti á þeirri skoðun miðað við hrapallega misheppnaða landssöfnun sem Gunnar Smári efndi til á lokametrunum svo bjarga mætti miðlinum.

Sjálfur virðist hann þó hafa dregið aðra ályktun en hann hefur nú stofnað Sósíalistaflokk Íslands. Lokamarkmiðið í þeim efnum hlýtur að verða kjörinn fulltrúi og komast í ráðherrastöðu þar sem hann getur sýslað með almannafé og forgangsraðað eftir eigin höfði.

Guð hjálpi okkur öllum. Það er nefnilega ekkert í langri rekstrarsögu Gunnars Smára sem bendir til þess að fólkið í landinu eigi að treysta honum fyrir almannafé. Um það geta fjölmargir einkafjárfestar vottað.

Atburðarás liðinnar viku gefur heldur ekki fögur fyrirheit um að launafólk geti treyst sósíalistanum Gunnari Smára fyrir sínum hagsmunum.

Auðvelt er fyrir klárt fjölmiðlafólk að básúna skoðanir sínar þannig að allir heyri. Í þetta skiptið er hljómurinn bara heldur holur.

HREINT
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Ekkert heyrt í Amel Group

Bæjaryfirvöld á Ísafirði hafa ekkert heyrt síðan um áramót í forsvarsmönnum kanadíska fjárfestingafyrirtækisins Amel Group, sem óskuðu síðasta sumar eftir viðræðum um stórfelldan útflutning á íslensku vatni. Þetta staðfestir Gísli Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, í samtali við Markaðinn.

„Þeir hafa ekki svarað okkur síðan við kynntum þeim okkar skilmála um síðustu áramót," segir Gísli.

Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti í september í fyrra að fyrirtækið mætti hefja rannsóknir á vatninu og var skrifað undir viljayfirlýsingu. – hg

Gísli Halldór Halldórsson

5.4.2017

Ef manni er annt um starfsfólkið sitt þá vill maður aðstoða það á þessum erfiða húsnæðismarkaði.

Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA.

Milljón kílómetra ábyrgð

Milljón kílómetra ábyrgð á svinghjólinu í KIT4P kúplingssettunum frá Valeo

Þú skiptir aldrei aftur um svinghjól

Valeo Kúplingssett með svinghjóli
Milljón
kílómetra ábyrgð
á svinghjólinu

Nýju Valeo KIT4P kúplingssettin innihalda heilsteypt svinghjól og styrktan kúplingsdisk með dempun sem gefur mýkri skiptingu á milli gíra.

Kostir Valeo KIT4P kúplingssettana.

Áreiðanleiki:
Verndar vélina og gírkassan þegar skipt er um gíra.

Auðvelt í ísetningu:
Tekur sama tíma og að skipta um tvöfalt svinghjól og þarfnast ekki sérstakra verkfæra.

Lengri ending:
Eykur endingu kúplingarinnar - bestu kúplingarnar sem hægt er að fá fyrir til dæmis sendibíla sem eru undir miklu álagi.

Góð fjárfesting:
Ódýrar þegar þarf að skipta næst um kúplinguna. Þarf ekki að skipta um svinghjólið, aðeins kúplingsdiskinn, kúplingspressuna og legu.

Þú finnur allar upplýsingar um Valeo kúplingar á www.varahlutir.is

Bílaframleiðaendur eru farnir að nota Valeo KIT4P kúplingssettin í nýja bíla. Dæmi: Volkswagen · Renault · Ford

Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

12. APRÍL 2017 MIÐVIKUDAGUR

Merkisatburðir

1912 Farþegaskipið Titanic, sem aldrei átti að sökkva, lagði upp í sína fyrstu og einu ferð. Skipið sökk þrem dögum seinna eftir árekstur við borgarísjaka.

1919 Átján manns fórust í snjóflóðum við Siglufjörð og síldarverksmiðja gjöreyðilagðist.

1952 Vélbáturinn Veiga sökk við Vestmannaeyjar. Tveir menn fórust en sex björguðust í gúmmíbjörgunarbát. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkur bátur var notaður hér við land.

1953 Menntaskólinn á Laugarvatni varð sjálfstæður menntaskóli. Hann var fyrsti menntaskólinn í dreifbýli á Íslandi.

2010 Rannsóknarnefnd Alþingis birti skýrslu um aðdraganda og orsakir hrunsins í níu bindum.

Músík í Mývatnssveit

Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari hefur staðið fyrir tónlistarhátíðinni Músík í Mývatnssveit um hverja páska og nú er svo komið að hátíðin er haldin í tuttugasta sinn. Hún segir ríka menningarhefð vera til staðar við Mývatn og að þar sé prýðis aðstaða fyrir tónleikahald.

Músík í Mývatnssveit verður haldin nú í dymbilviku í hvorki meira né minna en 20. sinn. Laufey Sigurðardóttir hefur öll þessi ár verið manneskjan á bak við þennan árlega viðburð þó að hún vilji nú ekki gera mikið úr því.

Datt þér í hug í byrjun að þetta myndi ganga í 20 ár?

„Nei! Mér datt það ekki í hug. Þetta byrjaði vegna þess að það voru afþreyingarmöguleikar til útivistar í sveitinni en það vantaði eitthvað til mótvægis við það. Það er gömul menningarhefð í Mývatnssveit og alveg prýðileg hús til að stunda eitthvað svona af þessu tagi. Þeir eiga dásamlegt félagsheimili, Skjólbrekku, og það er, eins og allir vita, að sum hús hafa einhvers konar sál eða líf og þetta hús er þannig, það er eitt af þessu sem er ekki hægt að útskýra og maður bara finnur. En Skjólbrekka hefur bæði líf og sál og það er tilvalið að nota það til tónleikahalds," segir Laufey en hún mun munda fiðluna fyrir norðan og ásamt henni eru flytjendur þau Kristinn Sigmundsson bassi, Bryndís Halla Gylfadóttir á selló og Domenico Codispoti sem spilar á píanóið.

Tónleikarnir fara fram í félagsheimilinu Skjólbrekku á skírdag, þann 13. apríl á slaginu átta. Þeir seinni verða svo í Reykjahlíðarkirkju á föstudaginn langa klukkan níu.

Laufey Sigurðardóttir ásamt hinum geðgóðu Bryndísi Höllu Gylfadóttur sellóleikara og Domenico Codispoti píanóleikara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta eru alveg ólíkir tónleikar – þetta eru kammertónleikar í Skjólbrekku. Það er í tísku að tala um að það sé boðið upp á léttar veitingar en við skulum segja að það sé boðið upp á þungar veitingar í hléinu. En svo í kirkjunni er þetta klukkutíma efnisskrá án hlés og tónlistin og stemmingin tekur mið af deginum. Síðan eru tveir ungir Mývetningar sem syngja með okkur – það eru þau Stefán Jakobsson úr Dimmu og Margrét Hildur Egilsdóttir sem er ung stúlka úr Mývatnssveit."

Spurð að því hvað þessir ungu Mývetningar ætli að syngja þarna vill Laufey ekkert tjá sig um það mál. Þannig að það verður bara að koma á óvart. Að lokum vill hún skila þakklæti til allra sem styðja þessa starfsemi hennar, fyrst og fremst til allra tónlistarmannanna og auðvitað líka til þeirra sem styrkja verkefnið og koma á tónleikana, en hún vonar að þeir verði sem allra flestir. **stefanthor@frettabladid.is**

Elskuleg eiginkona mín,
mamma okkar og amma,

Helga Kristín Lúðvíksdóttir

frá Raufarhöfn,

lést 26. mars,
jarðarför hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu.

Guðmundur Friðriksson

Jóhannes Guðmundsson **Sigrún Kjartansdóttir**
Hallsteinn Guðmundsson **Elínborg Þorgrímsdóttir**
Sigrún Guðmundardóttir
Marta Kristín Guðmundardóttir
Ása Guðmundardóttir **Viktor Ingimarsson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Þórmundur Guðlaugsson

Vatnsholti 9d,
Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
sunnudaginn 2. apríl. Útförin hefur farið
fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðfinna Valgeirsdóttir

Hallur Þórmundsson **Ragnheiður Lúðvíksdóttir**
Ólafur Þórmundsson **Hulda María Sigurðardóttir**
Rúnar Þórmundsson **Sigríður Gunnarsdóttir**
Linda Ósk Þórmundsdóttir **Ómar Gísli Sævarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiginkona, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

Ingibjörg M. Björgvinsdóttir

(BOGGA)

Merkigerði 6, Akranesi,

andaðist 2. apríl á HVE Akranesi. Útförin
hefur farið fram frá Stykkishólmskirkju
þann 8. apríl. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur
samúð og hlýhug. Sendum sérstakar þakkir til starfsfólks
HVE á Akranesi.

Ólafur Ellertsson

Björgvin Ólafsson
Alex Páll Ólafsson **Elín Dóra Sveinbjörnsdóttir**
Þorsteinn Ólafsson **Sigríður Guðmundsdóttir**
Ellert Ólafsson **Hafdís B. Kristjánsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Sigurjón Friðriksson

fyrrverandi bóndi í Ytri-Hlíð,
Vopnafirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunda-
búð Vopnafirði föstudaginn 7. apríl sl.
Útför fer fram frá Vopnafjarðarkirkju miðvikudaginn
19. apríl kl. 14.00. Jarðsett verður í Hofskirkjugarði.

Friðrik Sigurjónsson
Emil Sigurjónsson **Aðalheiður S. Steingrímsdóttir**
Hörður Sigurjónsson **Petra Jörgensdóttir**
Þórný Sigurjónsdóttir
Erla Sigurjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar,

Anna Salóme Ingólfsdóttir

Hlíðarhjalla 62, Kópavogi,
áður Hofgerði 2, Vogum,

lést að kvöldi sunnudagsins 9. apríl.
Útförin verður auglýst síðar.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir **Oddgeir E. Karlsson**
Þorsteinn B. Sveinsson **Kristín Pétursdóttir**
Ingólfur F. Sveinsson

Innilegar þakkir færum við öllum þeim
sem sýndu okkur hlýhug
og stuðning við andlát og útför
elskulegs eiginmanns, föður,
tengdaföður, afa og langafa,

Helga M. Bergs

fyrrv. bæjarstjóra á Akureyri
og lektors HA ,
Álfheimum 28, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildarinnar
í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

Dóróthea Bergs

Helgi Þór Bergs **Sigurlín Huld Ívarsdóttir**
Vilhjálmur Bergs **Jóna Valborg Árnadóttir**
Þórdís Lilja Bergs **Georg Heiðar Ómarsson**
afabörn og langafabarn.

Elskulegur faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

Jóhann Valdimarsson

Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Hamarsgerði 2,

lést fimmtudaginn 6. apríl.
Útför fer fram frá Bústaðakirkju
miðvikudaginn 19. apríl kl. 11.00.

Valdimar Jóhannsson **Ingibjörg Unnur Ragnarsdóttir**
Björg Kristjánsdóttir
Bryndís Arnfinnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Lokun vegna jarðarfarar

Skrifstofur okkar verða lokaðar
miðvikudaginn 12. apríl vegna jarðarfarar
Halldórs H. Backman hrl.

Lagastoð lögfræðiþjónusta ehf.
Lágmúla 7 – 108 Rvk.

Innilegar þakkir til allra þeirra
sem sýndu okkur samúð og hlýhug
við andlát og útför okkar ástkæru
mágkonu og föðursystur,

Bjargar Valgeirsdóttur

Dalbraut 16,
Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Grundar.

Stefanía Stefánsdóttir
Valgeir Hallvarðsson **Aðalbjörg Kristinsdóttir**
Eva Hallvarðsdóttir **Ásgeir Valdimarsson**
Herdís Hallvarðsdóttir **Gísli Helgason**
Rannveig Hallvarðsdóttir **Jóhannes Karl Jia**
Tryggvi Hallvarðsson **Þuríður Vilhjálmsdóttir**
Hildur Björnsdóttir **Ásgeir Bragason**
Dagný Björnsdóttir **Skúli Gunnarsson**
Valgerður Helga Björnsdóttir **Jón Hafberg Björnsson**

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Gunnarsdóttir

Lyngholti 5, Keflavík,

lést á Hrafnistu Nesvöllum,
laugardaginn 8. apríl. Útför hennar fer
fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn
25. apríl kl. 13.00.

Hilmar Harðarson

Ingunn María Hilmarsdóttir **Ágúst Gunnarsson**
Þórey Ása Hilmarsdóttir **Jóhannes K. Jóhannesson**
Gunnhildur Hilmarsdóttir **Ahmed Kallel**
Guðmundur P. Hilmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

OPIÐ 24 TÍMA

Skírdagur 13. apríl - **Opið allan sólarhringinn**

Föstudagurinn langi 14. apríl - **Opið allan sólarhringinn**

Laugardagur 15. apríl - **Opið allan sólarhringinn**

Páskadagur 16. apríl - **Opið allan sólarhringinn**

Annar í páskum 17. apríl - **Opið allan sólarhringinn**

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

markhönnun ehf

nettó

Gleðilega páskahelgi!

-50%

KJÖTSEL

GRÍSABÓGAR
HRINGSKORNIR
499 KR/KG
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~

-37%

KJÖTSEL

HAMBORGARHRYGGUR
999 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.585 KR/KG~~

-32%

Verð-sprengja

LAMBAHRYGGUR
FERSKUR KRYDDAÐUR
1.494 KR/KG
~~ÁÐUR: 2.197 KR/KG~~

-30%

FERSKLEIKI FÁGMENNSKA
KJÖTBANKINN

LAMBALÆRI ÚRBEINAÐ
MEÐ PIPAROSTI
& RÓSMARÍN
2.519 KR/KG
~~ÁÐUR: 3.598 KR/KG~~

-30%

-31%

KJÖTSEL

LÆRISSNEIÐAR
KRYDDAÐAR
1.973 KR/KG
~~ÁÐUR: 2.860 KR/KG~~

GOÐI

LAMBALÆRI KRYDDAÐ
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKRYDDI
1.679 KR/KG
~~ÁÐUR: 2.860 KR/KG~~

DANISH CROWN

NAUTALUNDIR
3.278 KR/KG
~~ÁÐUR: 3.998 KR/KG~~

NORÐLENSKA

LAMBAHRYGGUR
LÉTTREYKTUR
2.198 KR/KG

Verðsprengja í ferskum kærum!

ÓDÝRT Í nettó

-30%

LAMBAHRYGGUR
FYLLTUR
2.568 KR/KG
~~ÁÐUR: 3.669 KR/KG~~

-40%

KJ

LAMBALÆRI - FERSKT
1.199 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~

-10%

nettó

KJÚKLINGABRINGUR
1.888 KR/KG
~~ÁÐUR: 2.098 KR/KG~~

-50%

KJÖTSEL

BAYONSTEIK
999 KR/KG
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~

Tilboðin gilda 12. - 16. apríl 2017

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-50%

BLÁBER 500 GR. FATA

599 KR FATAN

~~ÁÐUR: 1.198 KR/FATAN~~

40% afsláttur á öllum erlendum páskaeggjum

-40%

CADBURY PÁSKAEGG
OREO 278 GR.

479 KR PK

~~ÁÐUR: 799 KR/PK~~

CADBURY DAIRY MILK
EGG LARGE

1.139 KR PK

~~ÁÐUR: 1.898 KR/PK~~

MARS PÁSKAEGG
280 GR.

419 KR PK

~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~

CADBURY PÁSKAEGG
DOUBLE DECKER 307 GR.

539 KR PK

~~ÁÐUR: 898 KR/PK~~

BLACK MAGIC
PREMIUM EGG 374 GR.

1.139 KR PK

~~ÁÐUR: 1.898 KR/PK~~

GALAXY PÁSKAEGG
GOLDEN 233 GR.

419 KR PK

~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~

Við erum í páskastuði!

MARS PÁSKAEGG
331 GR.

719 KR PK

~~ÁÐUR: 1.198 KR/PK~~

M&M PÁSKAEGG PEANUT
LUXURY 313 GR.

659 KR PK

~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~

MALTEASTER PÁSKAEGG
LUXURY 265 GR.

659 KR PK

~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~

CELEBRATIONS PÁSKAEGG
248 GR.

419 KR PK

~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~

GALAXY PÁSKAEGG
INDULGENCE 308 GR.

659 KR PK

~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~

FERRERO GRAND ROCHER
EGG 100 GR.

659 KR PK

~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~

QUALITY STREET
EGG HONEYCOMB 162 GR.

419 KR PK

~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~

MALTESERS PÁSKAEGG
TEASERS 248 GR.

419 KR PK

~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~

SNICKERS PÁSKAEGG
274 GR.

419 KR PK

~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~

M&M PÁSKAEGG
PEANUT 135 GR.

299 KR PK

~~ÁÐUR: 498KR/PK~~

MARS PÁSKAEGG
141 GR.

299 KR PK

~~ÁÐUR: 498 KR/PK~~

MALTESER PÁSKAEGG
127 GR.

299 KR PK

~~ÁÐUR: 498 KR/PK~~

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Útlit er fyrir norðan 5 til 10 metra á sekúndu með snjóéljum, en þurrt og bjart veður suðvestan til á landinu. Hiti frá vægu frosti í innsveitum fyrir norðan, upp í 7 stiga hita syðst.



Fimmtudagur			Föstudagur		
Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3°	-4°	-3°	3°	-3°	-3°
←8	←11	←9	↙8	↓8	↙4
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
-2°	1°	-3°	-2°	1°	-6°
←7	←9	↖7	↓13	↙6	↙9

LÉTT

5		7	9	8			2	6
6		9	5				4	
8		2	7	6		5		
					9		3	8
2	6				1		7	4
3		4			6			
	8				5	7	6	
	5		2			3	1	

MIÐLUNGS

5	2		9		4			
3			2		6	8		4
		9					5	
8	9	3		6				
	4				5			
			4	2			6	
					1			6
1	5		3					
	3			8	9	5	7	

ÞUNG

				7	8		2	
1							6	
			1					7
7			4	6			9	3
8								
	6			9				2
	1	8	3					
4		6					5	
		3			1			

Krossgáta

LÁRÉTT
2. hæfileika
6. úr hófi
8. krá
9. hlaup
11. tveir eins
12. mælieining
14. högg
16. klafi
17. blund
18. við
20. svörð
21. skrafa

LÓÐRÉTT
1. nef
3. í röð
4. lest
5. reiðihljóð
7. ávöxtur
10. lepja
13. mas
15. krakki
16. mælieining
19. spil



LÁRÉTT: 2. gáfu, 6. of, 8. bar, 9. gel, 11. rr, 12. gramm, 14. spark, 16. ok, 17. lúr, 18. hjá, 20. mo, 21. masa.
LÓÐRÉTT: 1. gogg, 3. áb, 4. farmrúm, 5. urr, 7. ferskja, 10. lap, 13. mal, 15. krói, 16. ohm, 19. ás.

Skák Gunnar Björnsson

Dagur Ragnarsson (2.316) átti leik gegn Lenku Ptácníková (2.242) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.

Svartur á leik

38. ... Hg8! 39. Dxh5 Dxe3 0-1.

Með sigrinum tryggði Dagur sér annað sætið og keppnisrétt í landsliðsflokki sem fram fer 10.-20. maí í Hafnafirði.

www.skak.is: Hraðskákmót öðlinga í kvöld.



6	1	4	8	2	9	5	7	3
8	2	5	7	3	6	9	4	1
3	7	9	4	1	5	2	6	8
1	4	7	5	6	8	3	2	9
9	8	6	2	7	3	4	1	5
5	3	2	1	9	4	6	8	7
4	5	1	9	8	2	7	3	6
7	9	3	6	4	1	8	5	2
2	6	8	3	5	7	1	9	4

7	9	6	8	2	1	4	5	3
8	3	4	6	9	5	7	1	2
1	2	5	7	3	4	6	9	8
5	4	7	3	6	9	8	2	1
9	6	1	4	8	2	3	7	5
2	8	3	5	1	7	9	4	6
3	5	2	9	4	8	1	6	7
4	7	8	1	5	6	2	3	9
6	1	9	2	7	3	5	8	4

7	3	6	4	5	9	2	8	1
8	2	4	1	7	3	9	6	5
9	1	5	6	8	2	3	4	7
5	8	2	7	9	6	4	1	3
1	4	9	3	2	8	5	7	6
6	7	3	5	4	1	8	9	2
2	9	7	8	1	5	6	3	4
4	6	8	2	3	7	1	5	9
3	5	1	9	6	4	7	2	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ CURCUMIN?
Gullkryddið sem hefur reynst þúsundum landsmanna vel.
BLÁ NAGLINN
Í apríl mánuði renna 100 krónur af hverri seldri Curcumin dós til stuðnings Bláa naglans
Curcumin „Gullkryddið“ er margfalt áhrifameira en Túrmerik!
„Ég mæli tvímælalaust með vörunum frá Natural Health Labs.“
Helga Lind – Pilateskennari og einkaþjálfari
Bætiefnin innihalda hvorki rotvarnarefni né fylliefni og eru án allra aukaefna.
Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórverslana.
Kynntu þér málið á www.balsam.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:
N1 olís nettó BÓNUS

FRÁBÆR KAUP

ULTRA HD SJÓNVARP MEÐ ANDROID STÝRIKERFI OG AMBILIGHT BAKLÝSINGU

GLÆSILEGT SJÓNVARP FRÁ PHILIPS

Einfalt og öflugt
Tækið er með öflugan örgjörva og öll vinnsla hröð en á sama tíma er tækið einfalt í notkun.

Android snjallsjónvarp
Android 5.1 stýrikerfi opnar heim af forritum, leikjum og öðrum möguleikum. Hvort sem á að horfa á háskerpuefni í gegnum Netflix, YouTube eða Kodi, hlusta á Spotify eða finna skemmtilegan leik. Endalausir möguleikar.

Ambilight baklýsing
Tækið er með innbyggðri Ambilight baklýsingu, sem hefur verið eitt af aðalsmerkjum Philips síðustu 10 ár. Baklýsingin eykur upplifunina til muna og létt baklýsing fyrir aftan tækið dregur úr augnþreytu. Samkvæmt könnun Philips eru 97% þeirra sem eiga sjónvarp með Ambilight baklýsingu ánægðir með hana.

Myndgæði
